**allt**

**THEODÓR FREYR HERVARSSON**

*Sviptingar í veðri*

atvinna

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR**

*Leikur Evu Lind í Mýrinni*

Fyrsta alvörugefna hlutverkið

**FÓLK 46**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. janúar 2006 — 21. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Enginn glamúr



Helga Stefánsdóttir, leikmynda- og búningahönnuður, hefur í sautján ár hannað búninga fyrir stjörnurnar, meðal annars fyrir kvikmyndina A Little Trip to Heaven og nýja útfærslu á Carmen.

VIÐTAL 20

## Hver hreppir Óskarinn?



Mikil eftirvænting ríkir í Hollywood um hvaða bíómyndir verða verðlaunaðar í ár.

HELGAREFNI 60

## Mikilvægi samstöðu um fjölmiðlalög

„Sumir vilja ganga lengra en tillögur fjölmiðlanefndar segja til um, aðrir telja jafnvel enga þörf á sérstakri lagasetningu um fjölmiðla,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

Í DAG 8

## Flengdir af Frökkum

Íslenska landsliðið steinlá með sex mörkum, 30-36, fyrir Frökkum á Ásvöllum í gær. Landsliðsþjálfarinn var ekki sáttur við leik sinna manna.



ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASSVIÐRI ÚTI FYRIR** norðaustur- og austurströndinni, annars strekkingur eða allhvasst. Skúrir eða slydduél með ströndum sunnan og vestan til en slyddu- eða snjóél með norðurströndinni. Hiti 0-4 stig en frystir víða í kvöld eða nótt.

VEÐUR 4

# Sjálfstæðisflokkur fengi meirihluta

**Skoðanakönnun Fréttablaðsins á fylgi flokkanna í Reykjavík leiðir í ljós að Sjálfstæðisflokkurinn fengi hreinan meirihluta í borgarstjórn. Samfylking fengi fimm fulltrúa, Vinstri grænir einn en Framsókn og Frjálslyndir engan.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur fengi níu borgarfulltrúa kjörna og hreinan meirihluta í borginni, yrði gengið til borgarstjórnarkosninga nú samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flokkurinn fengi 52,7 prósent atkvæða. „Þetta er afar ánægjulegt og traustvekjandi, sérstaklega í ljósi þess að könnunin er gerð þegar yfir stendur prófkjörsbarátta hjá bæði Framsóknarflokknum og Samfylkingunni,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn.

Samfylking yrði næststærsti flokkurinn og fengi fimm borgarfulltrúa kjörna með 30,8 prósent atkvæða. „Þetta er örugglega að mæla landið eins og það liggur í dag. Við erum hins vegar að fara af stað í kosningabaráttu og ég hef fulla trú á að þessar tölur eigi eftir að breytast,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri.

Einungis Svandís Svavarsdóttir kæmist inn fyrir hönd Vinstri grænna, en flokkurinn fengi átta prósent atkvæða. „Þetta er ágætis brýning og við sækjum bara áfram. Vinstri grænir eiga heilmikið inni, við ætlum okkur miklu meira og náum í það,“ segir Svandís.

Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn fengju engan mann kjörinn. 5,4 prósent sögðust myndu kjósa Framsóknarflokkinn, en 2,8 prósent styddu Frjálslynda flokkinn. Framsóknarflokkurinn bætir örlítið við sig í könnuninni en nær ekki manni inn. Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi flokksins, segir þó að niðurstaðan gefi ástæðu til bjartsýni. „Við erum að fara upp miðað við niðurstöður síðustu skoðanakannanna og það eru góðar fréttir,“ segir hún.

Frjálsyndi flokkurinn mælist með tæp þrjú prósent og bætir aðeins við sig frá síðustu skoðanakönnun Fréttablaðsins en nær ekki manni inn í borgarstjórn. Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri flokksins, er ánægð með niðurstöðuna og segist vera mjög bjartsýn fyrir komandi kosningar. „Þetta gengur samkvæmt áætlun því við ætluðum að hafa hægt um okkur á meðan prófkjörin hjá Framsóknarflokknum og Samfylkingunni ganga yfir,“ segir hún. -ss/ sjá síðu 4



**REYNDU ALLT** Andarnefjan var innlyksa í Thames-á í meira en sólarhring áður en yfir lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Björgun í Thames mistókst:

## Andarnefjan drapst í gær

**LONDON, AP** Hvalurinn, sem synti upp ána Thames og varð þar innlyksa, gaf upp öndina um sjöleytið í gærkvöld skammt frá Albertsbrúnni í Lundúnum. Sérfræðingar höfðu varað við því frá upphafi að björgunartilraunir gætu borið lítinn árangur.

Björgunarmenn höfðu híft andarnefjuna upp í bát og hugðust flytja hana hratt niður ána til hafs þegar dýrið fékk nokkur krampaköst og drapst. Hvalurinn hafði sýnt aukin streitumerki og vöðvar hans stífnuðu upp fljótlega eftir að hann var kominn upp úr vatninu. ■



**LEIÐTOGAR RÆÐAST VIÐ** Gunnar Þorsteinsson í Krossinum og Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, skeggræddu niðurstöðu prófkjörsins þegar úrslit lágu fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Sjálfstæðismenn í Kópavogi:

## Gunnar leiðir listann í vor

**PRÓFKJÖR** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, var sjálfkjörinn í fyrsta sæti lista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar í prófkjöri flokksins sem fram fór í gær. Gunnar sagðist í samtali við Fréttablaðið vera afar ánægður með niðurstöðu prófkjörsins. Listinn væri skipaður afar hæfu fólki.

Gunnsteinn Sigurðsson bæjarfulltrúi varð í öðru sæti og Ármann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar, í því þriðja.

Ásthildur Helgadóttir, verkfræðingur og knattspyrnukona, sem er ný í bæjarpólitíkinni, náði fjórða sætinu og Sigurrós Þorgrímsdóttir bæjarfulltrúi verður í fimmta sæti listans.

Alls tóku um 2.000 manns þátt í prófkjörinu og bættust hátt í þúsund manns á kjörskrána dagana fyrir prófkjörið.

Sjá nánar á síðu 2


MEÐAL LESTUR KVENNA 12-49 ÁRA

**Konur undir fimmtugu velja Fréttablaðið!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.


Reyndu að fá stórt lán í Íslandsbanka gegn framvísun falsaðrar bankaábyrgðar:

# Stöðvaðir við milljónasvik

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík handtók þrjá menn, einn Íslending og tvo útlendinga, á fimmtudag en þeir eru grunaðir um að hafa ætlað að svíkja fé út úr Íslandsbanka. Mennirnir munu hafa reynt að verða sér úti um stórt lán í bankanum með falsaða bankaábyrgð sem tryggingu.

Starfsmenn Íslandsbanka gerðu strax athugasemdir við umsóknina enda kom í ljós að ekki var allt sem skyldi við það reglubundna eftirlit sem fer í gang þegar slíkar lánsumsóknir eru annars vegar.

Bankaábyrgð mannanna hljóðaði samkvæmt heimildum blaðsins upp á nokkrar milljónir evra eða sem samsvarar nokkur hundruð milljónum króna íslenskum. Við athugun á bankaábyrgðinni varð starfsmönnum ljóst að ekki var allt með felldu og voru þremenningarnir handteknir í kjölfarið. Þeir gistu eina nótt í fangageymslum auk þess sem lögregla gerði húsleit hjá Íslendingnum. Við húsleitina lagði lögregla hald á ýmis skjöl sem nú eru til rannsóknar. Enn fremur var farið fram á að erlendu mennirnir yrðu úrskurðaðir í farbann meðan á rannsókn málsins stæði en Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði þeirri beiðni lögreglu síðdegis í gær.

Upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, Vala Pálsdóttir, vildi lítið tjá sig um málið en sagði að mönnunum hefði ekki tekist ætlunarverk sitt. Bankinn hefði ekki orðið fyrir tjóni og málið væri í höndum lögreglu.

Íslendingurinn sem um ræðir er kunnur athafnamaður hér á landi en ekkert er vitað um samverkamenn hans sem kunna að vera farnir úr landi. - aöe

Lech Walesa talar til Kúbu:

## Frelsið verður ekki auðvelt

**HAVANA, AP** Lech Walesa, fyrrverandi forseti Póllands og friðarverðlaunahafi Nóbels, segir Kúbverjum að fara að búa sig undir að taka upp lýðræði. Margt hafi farið úrskeiðis í Póllandi á sínum tíma vegna þess hve breytingarnar frá kommúnisma til lýðræðis voru óvæntar og gerðust hratt.

„Þegar frelsið kemur, þá verður það erfitt,“ sagði Walesa við andstæðinga Fidels Castro í Flórída, á klukkustundarlöngum fundi sem hann átti með þeim í gegnum fjarfundabúnað. ■



## SPURNING DAGSINS

*Sigurður Kári, áttu erfitt með halda trúnað?*

Nei, það er ekki erfitt. Ég á mjög auðvelt með halda trúnað og fólk hefur getað trúað mér fyrir hverju sem er.

Fjármálaráðuneytið og aðrir sem hlut eiga að máli hafa fallist á að létta leynd af gögnum um bréfaskipti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, og ráðuneyta mennta og fjármála um málefni Ríkisútvarpsins.

Um tvö þúsund manns tóku þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi:

# Þrír karlar skipa efstu sæti listans

**KOSNINGAR** „Ég er afar sáttur fyrir mitt leyti og listinn er skipaður góðu og hæfu fólki og Ásthildur nær glæsilegum árangri,“ segir Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs. Gunnar hlaut góðan stuðning í efsta sæti listans en breytingar urðu á næstu sætum fyrir neðan.

Alls tóku um tvö þúsund manns þátt í prófkjörinu. Gunnsteinn Sigurðsson skólastjóri lenti í öðru sæti og skaut þar aftur fyrir sig Ármanni Kr. Ólafssyni, sem var í því sæti á síðasta framboðslista flokksins.

Þrír karlmenn urðu því í þremur efstu sætunum en Ásthildur Helgadóttir, verkfræðingur og knattspyrnustjarna sem nýlega tilkynnti framboð sitt fyrir flokkinn, náði fjórða sætinu. Er hún að vonum ánægð enda óskrifað blað í stjórnmálum. „Ég met það svo að flokksmenn hafi viljað fá nýtt blóð og þess vegna hafi ég hlotið svona góða kosningu.“

Þrjár konur skipa þau þrjú sæti sem eftir eru á listanum. Sigurrós Þorgrímsdóttir alþingismaður varð í fimmta sæti, Margrét Björnsdóttir varabæjarfulltrúi í sjötta og Ragnheiður Guðmundsdóttir stjórnmálafræðingur í því sjöunda. Mestu vonbrigðin hljóta að vera hjá þeim Braga Michaelssyni sem stefndi á annað sæti en endaði í ellefta og Jóhönnu Thorsteinson, sem einnig bauð sig fram í annað sæti en endaði í því tíunda. - aöe



**BÆJARSTJÓRINN** Gunnar Birgisson var sjálfkjörinn í efsta sæti listans. Helsta breytingin á listanum er góð innkoma Ásthildar Helgadóttur sem náði fjórða sætinu eins og að var stefnt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FRAMBOÐSLISTINN:**

1. Gunnar I. Birgisson
2. Gunnsteinn Sigurðsson
3. Ármann Kr. Ólafsson
4. Ásthildur Helgadóttir
5. Sigurrós Þorgrímsdóttir
6. Margrét Björnsdóttir
7. Ragnheiður Kr. Guðmundsdóttir



**VEL HEPPNAÐ GEIMSKOT** Atlas-burðarflaugin hefst á loft frá Canaveralhöfða á Flórída til að flytja Plútófarið út fyrir gufuhvolfið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NASA-leiðangur til Plútó:

## Níu og hálfs árs ferð hafin

**BANDARÍKIN, AP** Hraðskreiðasta geimfar sem nokkurn tímann hefur verið sent á loft hóf á fimmtudagskvöld yfir fjögurra milljarða kílómetra ferðalag sitt til Plútó, ystu plánetu sólkerfisins. Þar mun farið gera vísindamönnum á jörðu niðri kleift að safna margvíslegum upplýsingum um hina dularfullu djúpfrosnu veröld sem þar er.

Þrátt fyrir að ná allt að 58.000 kílómetra hraða á klukkustund mun það taka farið, sem nefnt er Nýr sjóndeildarhringur, níu og hálft ár að komast á áfangastað. Kostnaðurinn við leiðangurinn er áætlaður sem svarar um 44 milljörðum króna. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tíu stútar í Reykjavík** Lögreglan í Reykjavík þurfti að hafa afskipti af fjölda ölvaðra ökumanna í borginni aðfaranótt laugardags en alls voru tíu bílstjórar stöðvaðir grunaðir um ölvun undir stýri. Þykir þetta óvenju mikið á einni nóttu.

**Lyftari féll** Vinnuslys varð í nýbyggingu sem rís nú við Grundartanga. Lyftari féll um tvo og hálfan metra en ökumaður náði að kasta sér út áður en hann steyptist niður. Þykir mildi að ökumaðurinn skyldi sleppa með aðeins nokkrar skrámur.

**Keyrði á ljósastaur** Árekstur varð á Hafnarfjarðarvegi um hádegisbil í gær þegar ökumaður fólksbíls ók á ljósastaur. Ökumaðurinn var fluttur á slysadeild til aðhlynningar en meiðsl hans reyndust óveruleg.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

# Erlendir verkamenn treysta ekki ASÍ

**Erlendir verkamenn, sem koma til Íslands, eru óöruggir gagnvart ASÍ og baráttu þess gegn félagslegum undirboðum. Þeir óttast að ASÍ sé að berjast gegn því að fá þá til landsins. Hér fá þeir margfalt hærri laun en heima.**

**VINNUMARKAÐUR** Erlendir iðnaðar- og verkamenn sem koma til Íslands eru í mörgum tilfellum óöruggir gagnvart Alþýðusambandinu og baráttu þess gegn félagslegum undirboðum og óttast að ASÍ vilji ekki fá þá til landsins. Hér fá þeir margföld mánaðarlaun miðað við það sem þeir fengju í heimalandinu.

Rúmenarnir Albu Nicu frá Constanta, Ehor Jan Paul og Ilie Raul Cosmin frá Mangaliu í Rúmeníu eru rafsuðumenn og starfa hjá Altaki á Hellisheiði. Þeir búa í vinnubúðunum við stöðvarhúsið á Hellisheiði og láta vel af starfi sínu á heiðinni.

Albu Nicu talar góða ensku og er mjög opinn og ræðinn maður. Hann verður óöruggur og segist ekki skilja alveg spurningar um verkalýðshreyfinguna og baráttu hennar gegn félagslegum undirboðum síðustu misseri. Það sama gildir um félaga hans.

„Mér finnst þetta pínulítið skrítið því að kannski vill verkalýðshreyfingin ekki fá mig hingað. En ég reyni að gera mitt besta í vinnunni og vona að ég geti verið hér í eitt ár,“ segir Nicu.

Albu Nicu á fjölskyldu heima í Rúmeníu og er að búa í haginn fyrir hana og undirbúa framtíðina með því að starfa erlendis. Hann segir að allir í Rúmeníu vilji komast til útlanda að vinna vegna launanna en erfitt sé að fá leyfi til þess því að stjórnvöld þurfi á starfskraftinum að halda heima.

Nicu hefur þegar starfað hér í þrjá mánuði fyrir jól og hefur nú verið ráðinn launamaður hjá Altaki við Hellisheiðarvirkjun. Hann og félagar hans hafa áður starfað í Grikklandi, Frakklandi, Tyrklandi og Noregi.

Nicu segir að allir séu indælir á Íslandi, fólkið fallegt og brosmilt. „Ef ég bið um eitthvað þá fæ ég það, þeir reyna að hafa mig hamingjusaman. Þetta er gott starf,“ segir hann.

Í Rúmeníu er algengt að launin nemi 100-200 evrum, eða 8-15 þúsund krónum. Fyrir 100 evrur segir hann að sé hægt að skrimta en lifa þokkalegu lífi fyrir 200 evrur. Hann segir að það sé trúnaðarmál hvaða laun hann hafi hér en kveðst fá á einu ári það sem honum takist varla að þéna á tíu árum í Rúmeníu. ghs@frettabladid.is



**ÁNÆGÐIR Á HELLISHEIÐI** Rúmenarnir Ilie Raul Cosmin og Ehor Jan Paul frá Mangalíu og Albu Nicu frá Constanta starfa sem rafsuðumenn hjá Altak við Hellisheiðarvirkjun. Þeir búa í vinnubúðunum á Hellisheiði og eru ánægðir með kjör sín og aðbúnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**UNDIRBÝR FRAMTÍÐINA**



■ *Þrisvar sinnum hærri laun hér*

Uldis Dzinejs er trésmiður frá Riga og starfar hjá ÞG verkum við byggingu stöðvarhússins á Hellisheiði. Hann hefur starfað hér í tæpa níu mánuði og lætur vel af sér, segist hafa mun meira í laun hér en heima í Lettlandi. „Hér fæ ég þrisvar sinnum meira. Ég fæ 1.000 krónur á tímann og vinn 280 tíma á mánuði. Heima fæ ég 60 þúsund krónur á mánuði,“ segir hann.

Uldis Dzinejs segist vera að undirbúa framtíðina. Hann þurfi að kaupa sér íbúð og eignast mikið af hlutum til að fá stöðugleika í líf sitt. Hann stefnir að því að starfa erlendis í fimm ár.

Leikskólakennarar ekki allir sáttir við niðurstöðu launamálaráðstefnunnar:

# Þriggja vikna bið of löng

**KJARAMÁL** „Staðreyndin er sú að við höfum nú beðið lengi eftir svörum og niðurstöðum og nú er okkur gert að bíða aðrar þrjár vikur til viðbótar,“ segir Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara.

Sú ákvörðun launanefndar sveitarfélaganna að taka sér tæpleg þrjár vikur til að bæta launkjör lægst launuðu starfsmanna innan Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar á meðal leikskólakennara, hefur ekki verið sá plástur sem margir bjuggust við og átti að lægja þær öldur sem víða ríkja.

Björg segir fólk ítrekað hafa beðið svara og þótt jákvætt sé að heyra að kjörin verði bætt þá hefði verið ráð að kynna niðurstöðuna fyrir mánaðamót til að koma í veg fyrir enn frekari uppsagnir en þegar er orðið meðal leikskólakennara. „Fólk er tvístígandi eftir þessa tilkynningu en uppsagnarraddir eru alls ekki hljóðnaðar.“

Að sögn Gunnars Rafns Sigurbjörnssonar, formanns nefndarinnar, liggja níu mismunandi útfærslur fyrir nefndinni og því tekur það þennan tíma að komast að niðurstöðu sem allir sætti sig við. - aöe




**ÓÁNÆGJA** Þann 10. febrúar mun launanefnd sveitarfélaganna kynna breyttar áherslur í kjaramálum.



**MEÐ UNGA PRINSINN** Sonur Friðriks og Maríu verður væntanlega Kristján XI með tíð og tíma. MYND/AP, KIM AGERSTEN

Danski prinsinn skírður:

## Sá ellefti sem heitir Kristján

**DANMÖRK** Kristján Valdimar Hinrik Jóhann er nafn hins unga danska prins, sonar þeirra Friðriks krónprins og Maríu krónprinsessu í Danmörku. Hann verður ellefti konungur Danmerkur sem ber nafnið Kristján. Prinsinn var skírður í kapellu í Kristjánsborgarhöll í gærmorgun.

Um það bil 300 manns voru viðstaddir athöfnina, kóngafólk og fulltrúar ráðamanna víðs vegar að úr heiminum, þar á meðal krónprinsinn Hákon frá Noregi og krónprinsessan Viktoría frá Svíþjóð.

Nokkur hundruð manns söfnuðust saman utan við höllina til að fylgjast með. ■



**Á KOSNINGAFUNDI** Stuðningsmenn Hamas-hreyfingarinnar efndu til útifundar í gær í bænum Rafah á Gazaströnd.

Kosningar til Palestínuþings:

## Öryggissveitir kusu fyrirfram

**RAMALLAH, AP** Þúsundir liðsmanna í öryggissveitum Palestínumanna greiddu atkvæði sitt fyrirfram í gær í kosningum til þings Palestínumanna, sem fram fara á miðvikudaginn. Gripið var til þess ráðs að láta öryggissveitirnar greiða atkvæði fyrirfram svo auðveldara verði að tryggja öryggi þegar almennar kosningar verða.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun hefur Fatah-hreyfingin, sem nú fer með völdin, enn nauma forystu. Hún hlýtur 40 prósent atkvæða en Hamas-hreyfingin 35 prósent. ■

## KJARAMÁL

**Samningur felldur** Félagsráðgjafar felldu nýgerðan kjarasamning sinn við Reykjavíkurborg með miklum meirihluta í atkvæðagreiðslu sem lauk í vikunni. Kosningaþátttaka var um 90 prósent og greiddu nær allir atkvæði gegn samningnum.


„Ég taldi visst öryggi að búa á þriðju hæð.“
Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma **580 7000**. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.
SECURITAS
HEIMAVÖRN
GOTT FÓLK McCANN

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 20.01.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,58 | 61,88 |
| Sterlingspund | 108,34 | 108,86 |
| Evra | 74,38 | 74,80 |
| Dönsk króna | 9,996 | 10,024 |
| Norsk króna | 9,192 | 9,246 |
| Sænsk króna | 7,98 | 8,026 |
| Japanskt jen | 0,5339 | 0,5371 |
| SDR | 89,16 | 89,70 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,1561

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íranar segja ekkert réttlæta notkun kjarnorkuvopna:

# Fordæma hótanir Chiracs

**TEHERAN, AP** Írönsk stjórnvöld fordæma hótanir Jacques Chiracs Frakklandsforseta, sem sagði á fimmtudaginn að Frakkar gætu sem hægast brugðist við árás hryðjuverkamanna frá öðru ríki með því að beita kjarnorkuvopnum gegn því ríki.

„Forseti Frakklands afhjúpaði duldar fyrirætlanir kjarnorkuveldanna um að nota þetta stjórntæki til þess að ráða úrslitum í pólitískum leikjum,“ hafði fréttastofa íranska ríkisins, IRNA, eftir Hamid Reza Asefi, talsmanni íranska utanríkisráðuneytisins.

„Hin bitra reynsla af því að beita kjarnorkuvopnum í seinni heimsstyrjöldinni var svo hryllileg að hún gerir frekari notkun þeirra með öllu óviðunandi og óréttlætanlega.“

Chirac var gagnrýndur harðlega í evrópskum dagblöðum fyrir að segja að Frakkar myndu velta fyrir sér óhefðbundnum viðbrögðum við hryðjuverkum, sem gerð væri að undirlagi annars ríkis, eða gegn árásum þar sem beitt yrði gereyðingarvopnum. Frakkar eru taldir hafa yfir að ráða um það bil 300 kjarnaoddum, sem flestir eru staðsettir um borð í kafbátum. ■



**JACQUES CHIRAC** Íranar segja hótanir hans afhjúpa fyrirætlanir Vesturlanda.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deilan um Sellafield:

# Írar leiti til ESB-dómstóls

**BRUSSEL, REUTERS, AP** Stjórnvöld á Írlandi hefðu ekki átt að leita til alþjóðadómstóla vegna öryggismála kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Sellafield í Bretlandi, að sögn ráðgjafa Evrópudómstólsins.

Írsk stjórnvöld höfðu samband við hafréttardómstól Sameinuðu þjóðanna og segja stöðina valda geislamengun í Írlandshafi.

Framkvæmdastjórn ESB stefndi Írlandsstjórn fyrir Evrópudómstólinn vegna málsins, með þeim rökum að sá dómstóll væri rétti vettvangurinn til að útkljá um málið. ■

# Sjálfstæðisflokkur fengi níu

**Sjálfstæðisflokkurinn fengi níu borgarfulltrúa kjörna og hreinan meirihluta væri boðað til borgarstjórnarkosninga nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Samfylking fengi fimm fulltrúa kjörna og Vinstri grænir einn. Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn myndu ekki ná manni inn.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur hefur mest fylgi íbúa Reykjavíkur, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flokkurinn fengi 52,7 prósent atkvæða og níu borgarfulltrúa kjörna. Í könnun Fréttablaðsins í ágúst var Sjálfstæðisflokkur með örlítið meira fylgi, eða 53,5 prósent, sem dugði þeim einnig til að fá níu borgarfulltrúa kjörna. Samkvæmt þessu yrði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson næsti borgarstjóri Reykjavíkur og væri Bolli Skúlason Thoroddsen, formaður Heimdallar síðasti maður kjörinn inn fyrir hönd listans.

Samfylking fær næstmest fylgi, eða 30,8 prósent atkvæða og fengi fimm menn kjörna. Í síðustu könnun fékk Samfylking 29,7 prósent atkvæða og hefði fengið fimm borgarfulltrúa kjörna. Átta prósent segjast nú myndu kjósa Vinstri hreyfinguna - grænt framboð og væri Svandís Svavarsdóttir því eini borgarfulltrúi listans ef þetta væru niðurstöður kosninga. Í síðustu könnun sögðust 8.8 prósent styðja listann, sem þýddi einn mann inn.

Framsóknarflokkurinn eykur örlítið við fylgi sitt frá síðustu könnun. Fær hann nú 5,4 prósent en fékk síðast 4,8 prósent. Samkvæmt þessu nær efsti maður á lista Framsóknarflokksins ekki kjöri í borgarstjórn, líkt og í síðustu könnun. En fulltrúi Framsóknar er nú næsti maður til að ná kjöri. Frjálslyndi flokkurinn bætir einnig við sig örlitlu fylgi og fær nú 2,8 prósent, en fékk síðast 2,2 prósent. Það dugir ekki til að ná Ólafi F. Magnússyni inn.

Karlar eru heldur líklegri til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en konur. 54,3 prósent karla sögðust styðja listann, en 50,6 prósent kvenna. Lítill kynjamunur er á fylgi Framsóknarflokksins, en konur eru líklegri til að styðja alla aðra lista. 31,2 prósent kvenna sögðust styðja Samfylkingu, á móti 30,5 prósentum karla. 9,1 prósent kvenna sögðust styðja Vinstri græna, á móti 7,1 prósenti kvenna og 3,9 prósent sögðust styðja Frjálslynda flokkinn á móti 2,0 prósent karla.

Hringt var í 600 íbúa í Reykjavík 21. janúar, og skiptust svarendur jafnt milli kynja. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú? 58,5 prósent þeirra sem spurðir voru tóku afstöðu til spurningarinnar.

**svanborg@frettabladid.is**

**SKIPTING EFTIR KYNI**









**VILHJÁLMUR FAGNAR SIGRI Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISFLOKKS Í REYKJAVÍK** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson leiðir lista Sjálfstæðisflokks í Reykjavík. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins fengi flokkurinn hreinan meirihluta til að stjórna borginni, ef boðað yrði til kosninga nú.
FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



**AUSTUR-TÍMOR** Unglingur klæddur í hefðbundinn þjóðbúning Austur-Tímora.

Skýrsla um Austur-Tímor:

# Vilja frið um hið liðna

**INDÓNESÍA, AP** Talsmenn yfirvalda í Indónesíu segja enga þörf á að kanna frekar dauða þeirra 183.000 manna sem talið er að hafi verið drepnir í Austur-Tímor á þeim 24 árum sem indónesísk stjórnvöld réðu þar ríkjum.

Yfirvöld í Austur-Tímor létu gera skýrsluna og færði forseti Austur-Tímor, Xanana Gusmao, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, hana á föstudag. Innanríkisráðherra Indónesíu, Yusril Ihza Mahendra, segir að tími sé kominn til að líta til framtíðar, enda hafi Indónesía samþykkt að vera samvinnulipur við sættir milli grannlandanna . ■

Landsvirkjun svarar gagnrýni:

# Hátt raforkuverð ekki orsök

**RAFORKA** Forráðamenn Landsvirkjunar mótmæla þeirri fullyrðingu að hátt raforkuverð sé ástæða þess að fiskeldi Sæsilfurs í Mjóafirði verði lokað. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Landsvirkjun sendi frá sér í gær kemur fram að fyrirtækið hafi frá árinu 1987 veitt fiskeldisfyrirtækjum með sjódælingu afslátt af rafmagnsverði. Því sé yfirlýsing Jóns Kjartans Jónssonar hjá Sæsilfri, um að hátt raforkuverð sé önnur meginástæða þess að hann hyggist nú leggja niður fiskeldið, með öllu óskiljanleg. **- fgg**


Marsibil í 2. sætið

Fyrir mannlegri borg

28.01.2006

Reykjavík er ekki fjölmenn borg á heimsmælikvarða. Það er vel raunhæft að tryggja öllum íbúum hennar mannsæmandi lífsskilyrði. Það á að vera forgangs- og metnaðarmál í mannlegri borg þar sem hver einstaklingur skiptir máli.



marsibil.is / málefni / greinar / dagbók / myndir


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BJART FYRIR AUSTAN**
Í dag eru horfur á mjög hvössu veðri úti fyrir norðaustur- og austurströndinni eitthvað fram eftir degi en inni á fjörðum verður vindur mun skaplegri. Horfur eru á björtu veðri með landinu austanverðu en annars verður þungbúnara og víða skúrir eða slydduél. Hann fer nú kólnandi á ný.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Fremur stíf suðvestanátt með skúrum eða slydduéljum. Hiti 1-3 stig, svalast í kvöld.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Yfirleitt allhvasst og hvassviðri við norðaustur- og austurströndina.

*» þriðjudagur*

Fremur hægur vindur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -3°C hálfskýjað | París | 5°C hálfskýjað | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Osló | -8°C alskýjað | Berlín | -5°C heiðskírt | Mílano | 9°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -7°C hálfskýjað | Frankfurt | 4°C alskýjað | New York | 9°C heiðskírt |
| Helsinki | -16°C hálfskýjað | Madríd | 13°C hálfskýjað | San Francisco | 14°C hálfskýjað |
| London | 9°C heiðskírt | Barcelona | 13°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 27°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

ÍSLANDSBANKI

# Hvað þarf ég að vinna lengi?

Ungt fólk í dag á eftir að lifa lengi. Margir munu vera á eftirlaunum í 30 ár. Sumir vilja jafnvel hætta að vinna fyrr til að sinna öðrum hugðarefnum. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að þú haldir þeim lífsgæðum sem þú hefur vanist. Þess vegna er mikilvægt að undirbúa sig fyrir þetta tímabil fjárhagslega og óhætt að ráðleggja öllum að byggja upp góðan sjóð. Þannig getur þú ákveðið hvenær þú hættir að vinna.

Sérfræðingar hjá Íslandsbanka hafa sett saman þrjár leiðir í fjárfestingum. Ein þeirra er Klassíska leiðin. Hún stefnir að góðri ávöxtun og hentar vel fyrir þá sem vilja byggja sér upp góðan aukasjóð fyrir efri árin.



Brynja M. Kjærnested
Lífeyrisráðgjafi hjá Eignastýringu Íslandsbanka.

**FJÁRFESTU Í SJÓÐUM**

**KLASSÍSKA LEIÐIN** – Árleg nafnávöxtun síðustu 5 ár*

# 15%

**UPPSÖFNUÐ FJÁRHÆÐ**** – Miðað við 5 ára sparnað




*Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.
Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

**Miðað við 15% ávöxtun síðustu fimm ára.

Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið. Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

Klassíska leiðin er 50% skuldabréf, 50% hlutabréf. Þú getur fjárfest í Klassísku leiðinni með mánaðarlegri áskrift eða með einni upphæð.



## KJÖRKASSINN

*Telurðu að skattbyrðin hafi aukist hérlendis síðustu ár?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 86% |
| NEI | 14% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgistu með forkeppni Evrópusöngvakeppninnar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Ennþá eru laus pláss á námskeiði fyrir dagforeldra hjá Reykjavíkurborg:

# Borgin menntar dagforeldra

**DAGVISTUN** Regína Ásvaldsdóttir, félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg, vonast til þess að námskeið, sem Reykjavíkuborg er nú að skipuleggja, muni létta á þeim mikla vanda sem margir foreldrar í Reykjavík búa nú við.

„Dagforeldrar sem klára námskeiðin hjá okkur geta farið að vinna fljótlega að námskeiði loknu því við veitum fólki bráðabirgðaleyfi til þess að geta tekið til starfa eins fljótt og auðið er. Það er ennþá pláss fyrir fleiri á námskeiðunum og ég hvet fólk sem hefur áhuga á þessum málum til þess að hafa samband við okkur hjá Reykjavíkurborg. Stjórn Barnavistunar, félags dagforeldra á höfuðborgarsvæðinu, hefur boðist til þess að bæta við sjötta barninu í vistun hjá dagforeldrum til þess að leysa vandann sem upp er kominn í Reykjavík, en samkvæmt reglum mega dagforeldrar ekki hafa fleiri en fimm börn í vistun hjá sér í einu.



**BÖRN Í PÖSSUN HJÁ DAGFORELDRUM** Mikill skortur er á dagforeldrum í Reykjavík

Snjólaug Óskarsdóttir, stjórnarmaður í Barnavistun, segir félagið hafa sent borgarstjóra bréf þar sem dagforeldrar hafa boðist til þess að taka sjötta barnið í vistun tímabundið, með það að markmiði að vandinn leysist í haust. „Eins og staða mála er nú önnum við engan veginn eftirspurninni en það er ljóst að það myndi bæta ástæður umtalsvert ef við myndum fá að taka inn sjötta barnið í vistun.“ **- mh**

Varnarliðsmenn og Íslendingar:

# Fjöldaslagsmál í Keflavík

**LÖGREGLA** Það slóst í brýnu milli fjögurra Íslendinga og jafnmargra varnarliðsmanna fyrir utan skemmtistaðinn Casino í Keflavík í fyrrakvöld.

Þegar lögregla kom á vettvang voru einungis Íslendingarnir eftir en varnarliðsmennirnir á bak og burt.

Var haft samband við lögregluna á Keflavíkurflugvelli sem kom sér í samband við herlögregluna sem stöðvaði bíl mannanna. Fjöldi vitna var að atburðinum en ekki liggur ljóst fyrir um atburðarrásina en að sögn lögreglunnar í Keflavík koma mál af þessu tagi reglulega upp í bænum. **-fgg**

NÝTT SÍMANÚMER SKRIFSTOFU ÍTR

**411 5000**

SÍMAVER REYKJAVÍKURBORGAR SÉR NÚ UM SÍMSVÖRUN FYRIR SKRIFSTOFU ÍTR

ÍTR *Skemmtilegur frítími*

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKUR



**IBRAHIM RUGOVA** Var stundum kallaður „Gandhi Balkanskagans“ vegna þess hve mikla áherslu hann lagði á að ná fram sjálfstæði Kosovo eftir friðsamlegum leiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tómarúm í Kosovo eftir fráfall forsetans

**Ibrahim Rugova, forseti Kosovo, lést í gærmorgun. Viðræðum um framtíð Kosovo-héraðs verður frestað fram í febrúar. Leiðtogar fjölmargra ríkja hvöttu í gær íbúa Kosovo til að halda ró sinni.**

**PRISTINA OG BRUSSEL, AP** Ibrahim Rugova lifði það ekki að sjá draum sinn um sjálfstæði Kosovo rætast. Hann lést í gær af völdum lungnakrabba, 61 árs að aldri. Fyrirhuguðum viðræðum um framtíð héraðsins, með milligöngu Sameinuðu þjóðanna, hefur nú verið frestað þangað til í febrúar.

Leiðtogar fjölmargra ríkja hvetja íbúa Kosovo til þess að halda ró sinni og standa saman á næstunni, þangað til viðræðurnar hefjast.

„Brottfall hans, meðan viðræður eru í undirbúningi um framtíðarstöðu héraðsins, gæti ekki verið sorglegra,“ sagði Jacques Chirac Frakklandsforseti, sem jafnframt vottaði fjölskyldu Rugovas og íbúum héraðsins samúð sína.

„Ég er viss um að Rugova forseti hefði viljað sjá að við héldum áfram með viðræðurnar,“ sagði Martti Ahtisaari, fyrrverandi Finnlandsforseti, í Helsinki. „Ég vil líka lýsa þeirri von minni að ástandið verði áfram rólegt.“

„Ibrahim Rugova lést í morgun klukkan 11.40. Hann háði baráttu sína við krabbameinið með mikilli reisn og hugrekki allt til síðustu stundar,“ sagði Muhamet Hamiti, talsmaður forsetans.

Með dauða sínum skilur Rugova eftir sig tómarúm í harðvítugum deilum milli Serba og Kosovomanna um það hvort héraðið fái sjálfstæði.

Meirihluti íbúa héraðsins er af albönskum uppruna og vonast til þess að viðræðurnar, sem voru í þann veginn að hefjast, muni skila þeim árangri að héraðið hljóti fullt sjálfstæði. Serbneski minnihlutinn, sem áður réði þar öllu, vill að héraðið verði áfram hluti af Serbíu-Svartfjallalandi.

Sanda Ivic-Raskovic, sem fer með málefni Kosovo í stjórn Serbíu, sagðist hafa miklar áhyggjur af því hver yrði eftirmaður Rugovas.

„Ég geri mér fulla grein fyrir því að Rugova er höfundur hugmyndarinnar að sjálfstæði Kosovo, en hann var ekki partur af þessu vopnaða lýðræði sem við sjáum núna í Kosovo,“ sagði hún. „Ég hef áhyggjur af því að einhver úr þeim herbúðum taki við af honum, einhver sem myndi hvetja til óeirða og ofbeldis til þess að ná fram sjálfstæði.“ ■

**STARFSMENNTUN**

**Sóley Rut Ísleifsdóttir, þjónustufulltrúi hjá VÍS.**

„Ég fékk mjög gott starf á frábærum vinnustað. Tölvu- og skrifstofunámið hjálpaði mér að öðlast það sjálfstraust sem þurfti til að sækja um nýtt og krefjandi starf. Það er aldrei of seint að byrja að læra eitthvað nýtt. Fyrir mig var þetta góð fjárfesting og frábær tími í góðum félagsskap í skemmtilegum og krefjandi skóla.“



**Tölvu og skrifstofunám**

**Í þessu námi er tekið fyrir allt um tölvur, bókhald og skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum.**
Sérlega viðamikið og hagnýtt 260 stunda nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Þetta nám hentar einnig sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með próf eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegum prófgráðum.

**Tölvugreinar**
Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internet, MSN og Outlook tölvupóstur dagbók og skipulag.

**Margmiðlun**
PowerPoint kynningar, Stafrænar myndavélar og myndvinnsla, Tónlist í tölvunni, CD - DVD ofl.

**Persónuleg færni**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Enska, þjálfun í talmáli og ensk verslunarbréf, sölutækni og markaðsmál.

**Viðskiptagreinar**
Verslunarreikningur, VSK meðferð og reglur, bókhaldsgrunnur, tölvubókhald og tollskýrslur.

Morgun og kvöldnámskeið, hefst 25. janúar og lýkur 24. maí.
Verð kr. 189.000,- (Bjóðum VISA/EURO lán eða raðgr. og starfsmenntalán til 3ja ára.)

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Starfslok Arnþórs Helgasonar framkvæmdastjóra Öryrkjabandalagsins:

# Sættir sig ekki við tilboðið

**KJARAMÁL** „Í starfslokatilboði Öryrkjabandalags Íslands eru atriði sem ég tel mig ekki geta skrifað undir, en hef aftur á móti gert því gagntilboð sem enn hefur ekki borist svar við,“ segir Arnþór Helgason, fráfarandi framkvæmdastjóri ÖBÍ, um stöðu starfslokasamnings milli sín og bandalagsins. Hann segir að viðræður um starfslokasamninginn nú standa yfir og sé verið að reyna að ná sáttum í málinu.

Arnþór kveðst eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti eins og hver annar launþegi. Öryrkjabandalagið hafi boðið



**SIGURSTEINN MÁSSON** Hefur lagt fram tilboð.



**ARNÞÓR HELGASON** Hefur lagt fram gagntilboð.

ákveðin starfslokakjör sem hann hafi svarað með gagntilboði og þannig sé staða málsins.

„Í gagntilboðinu er gert ráð fyrir að ég fái afrit af gögnum úr tölvu ÖBÍ sem eru mér nokkurs virði,“ segir Arnþór. „Ég býðst að auki til þess að koma ýmsum gögnum fyrir á almennu heimasvæði starfsfólks, sem það þarf að hafa not af. Þá mun ég þurfa að athuga nokkur atriði sem varða starfssamning minn.“

Stjórn Blindrafélagsins hefur í yfirlýsingu harmað brottvikningu Arnþórs frá ÖBÍ. Félagið kveðst hafa áhyggjur af þeim skilaboðum sem felist í því að segja upp fötluðum einstaklingi og ráða annan ófatlaðan. **- jss**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 4067

# Í SINNI FYRSTU AUGLÝSINGU BIRTIR ELÍSABET ÞAÐ SEM GÖMLU TRYGGINGAFÉLÖGIN BIRTA EKKI.

# VERÐIÐ.

# 3.789 KR. Á MÁNUÐI

**BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM**

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin

# skoðun

SJÓNARMIÐ

KÁRI JÓNASSON

Ráðgert að lækka fjallsbrún um áttatíu metra.

## Atlaga að Ingólfsfjalli

Um árabil hefur verið stunduð efnistaka í Ingólfsfjalli og hefur mörgum þótt nóg um, hvað þá nú þegar áætlanir gera ráð fyrir að fjallabrúnin verði lækkuð um heila 80 metra á næstu 10-15 árum. Þarna er svo sannarlega verið „að breyta fjalli“ svo gripið sé til heitis á bók sem út kom fyrir allnokkrum árum, án þess að nokkur tengsl séu þar á milli. Svo breytingin sé sett í kunnuglegt samhengi, þá mun brún Ingólfsfjalls sem snýr að þjóðveginum og byggðinni á Selfossi og nágrenni, lækka um hvorki meira né minna en hæð turnsins á Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti í Reykjavík og vel það.

*Þetta dæmi sýnir að menn geta komist upp með það „að breyta fjalli“ án þess að spyrja kóng né prest, og sveitarfélög virðast ekki geta komið vörnum við.*

Þótt Ingólfsfjall hafi ekki sérstakt verndargildi frá náttúruverndarsjónarmiði, eða að þar séu heimkynni sjaldgæfra fugla eða gróðurs sem fáséður sé annars staðar, þá verður að hafa í huga að við rætur þess er einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins og sífellt fleiri landsmenn velja Selfosssvæðið sem sína heimabyggð. Þar er þegar fyrir blómlegur byggðakjarni sem er í örri þróun og sér ekkert fyrir endann á henni. Ásýnd fjallsins mun breytast mjög, eins og menn geta ímyndað sér og það verður mun meira rask í og við fjallið en er um þessar mundir. Þeir sem standa fyrir efnistökunni í Ingólfsfjalli segjast að vísu ætla að ganga vel frá eftir sig þegar efnistökunni er lokið eftir mörg ár, en verður þá ekki bara haldið áfram að að sprengja niður fjallið og vitna til þess að það sé þegar byrjað að breyta ásýnd þess og þörfin fyrir efni úr fjallinu sé mikil?

Efnistaka úr Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli hefur staðið í um fimmtíu ár, og í tæp tvö ár hefur verið unnið uppi á fjallinu, þótt ekki sé búið að úrskurða um umhverfisáhrifin af allri efnistökunni. Það hljómar einkennilega í eyrum margra, því Skipulagsstofnun hefur þegar úrskurðað um að hluti alls þessa rasks í Ingólfsfjalli sé háður mati á umhverfisáhrifum vegna umfangs þess. Lengi vel stóð í stappi á milli yfirvalda og þeirra sem nýta námuna í Ingólfsfjalli um hvort námasvæðið væri matsskylt og fór mál þetta alla leið til ráðherra, sem staðfesti að hluti námavinnslunnar væri matsskyldur en ekki allt raskið, og því heldur námavinnslan á hluta svæðisins áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Þetta dæmi sýnir að menn geta komist upp með það „að breyta fjalli“ án þess að spyrja kóng né prest, og sveitarfélög virðast ekki geta komið vörnum við nema að takmörkuðu leyti þegar um efnistöku og miklar breytingar á ásýnd landsins er að ræða. Þarna þarf greinilega að búa svo um hnútana að hægt sé að stinga við fótum, þótt um eignarland í eigu einstaklinga sé að ræða.

Það virðist ekki eiga af Árnesingum að ganga varðandi umhverfismálin. Nú þegar töluverður sigur hefur unnist varðandi Norðurlingaölduveitu þá er herjað sem aldrei fyrr á eitt helsta einkenni Árnessýslu, þar sem Ingólfsfjall er, og gott ef landnámsmaðurinn fer ekki að láta til sín taka í gröfinni ef fram fer sem horfir varðandi fjallið sem heitir eftir honum! ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Bókaútrás**
Kaupsýslumenn eru ekki einu Íslendingarnir í útrás á erlenda markaði. Það verður æ algengara að íslenskir rithöfundur fái verk sín gefin út erlendis. Fræg er sigurför bókar Arnaldar Indriðasonar sem selst hefur í hundruðum þúsunda eintaka utan landsteinanna. Í bókatíðinni fyrir síðustu jól voru oft sagðar fréttir af því að gerðir hefðu verið samningar um rétt til útgáfu íslenskra skáldverka í útlöndum, jafnvel áður en viðkomandi bækur voru komnar út á Íslandi. Ekki er víst að allir slíkir samningar leiði til raunverulegrar útgáfu, hvað þá mikillar sölu, en þarna er þó um að ræða ákveðna viðleitni og þróun sem með tímanum getur breytt íslenskum bókamarkaði og kjörum sem þar eru í boði.



**Starfa erlendis**
Og svo eru þeir höfundar sem ekki þurfa íslensk bókaforlög til að annast sín mál, heldur skrifa fyrst og fremst fyrir erlendan markað. Nefnt var í þessum dálki fyrir nokkrum dögum að vestur í Bandaríkjunum væri nýkomin út bók eftir íslenskan fræðimann sem búsettur er fyrir vestan, Magnús Þorkel Bernharðsson, *Reclaiming a Plundered Past. Archeology National Building in Modern Iraq*. Spurt var þá hvort bókin fengist ekki hér á landi. Katrín Gísladóttir hjá Bóksölu stúdenta sendi okkur tölvupóst og sagði að bókin fengist hjá þeim. Annar íslenskur höfundur utanlands, sem einnig mætti sjást í hillum bókabúða, er Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson sem búsettur er í Danmörku. Í fyrra sendi hann frá sér afar áhugaverða bók, tæpar 500 bls. að lengd, um örlög gyðinga í Danmörku á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld og stríðsárunum sjálfum.

**Örlög gyðinga**
Bók Vilhjálms Arnar nefnist *Medaljens bagside. Judiske flytningsskæbner i Danmark 1933-1945*. Hún hefur vakið talsverða athygli í Danmörku enda hreyfir hún við viðkvæmu máli. Danir hafa staðið í þeirri meiningu að þeir hafi komið vel fram við gyðinga þegar þeir voru ofsóttir af þýskum nasistum. Í bókinni sýnir Vilhjálmur hins vegar að flóttafólk af gyðingaættum mætti oft miklum hindrunum þegar það leitaði eftir landvist í Danmörku. Voru danskir embættismenn jafnvel stundum ákafari í að koma þeim burt en Þjóðverjar að fá þá til baka. Það gefur bókinni gildi að hún er byggð á nákvæmri könnun heimilda og staðhæfingar höfundar verða því ekki hraktar. **gm@frettabladid.is**

## Samstaða um fjölmiðlalög

UMRÆÐAN
FJÖLMIÐLALÖG



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

*Það munu alltaf vera skiptar skoðanir um það hversu langt eigi að ganga. Sumir vilja ganga lengra en tillögur fjölmiðlanefndar segja til um, aðrir telja jafnvel enga þörf á sérstakri lagasetningu um fjölmiðla.*

Nefnd undir forystu Páls Hreinssonar, forseta lagadeildar Háskóla Íslands, hefur nú hafið störf við smíði frumvarps til laga um fjölmiðla. Ásamt Páli sitja í nefndinni lögfræðingarnir Páll Þórhallsson og Valur Árnason. Mun nefndin byggja frumvarpssmíðina á tillögum nefndar um málefni fjölmiðla er fulltrúar allra þingflokka áttu sæti í.

Af þessu tilefni er rétt að rifja upp hverjar tillögur fjölmiðlanefndarinnar voru. Í fyrsta lagi var lagt til að Ríkisútvarpið verði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur sem fjölmiðils í eigu allra landsmanna. Í öðru lagi að settar verði reglur sem tryggi gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Í þriðja lagi að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla. Í fjórða lagi að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, verði bundin takmörkunum með þeim hætti að aðilum verði sett hófleg takmörk um heimilan eignarhluta. Í fimmta lagi að settar verði reglur sem tryggi aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fái flutningsrétt á fjölbreyttu efni. Í sjötta lagi að mótaðar verði reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum. Í áttunda lagi að stjórnsýsla á sviði fjölmiðlunar verði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla séu sem flest á verksviði eins og sama stjórnvaldsins sem starfað gæti sjálfstætt og/eða í tengslum við núverandi Póst- og fjarskiptastofnun.

**Breið pólitísk samstaða**
Það munu alltaf vera skiptar skoðanir um það hversu langt eigi að ganga. Sumir vilja ganga lengra en tillögur fjölmiðlanefndar segja til um, aðrir telja jafnvel enga þörf á sérstakri lagasetningu um fjölmiðla.

Ég hef lagt áherslu á mikilvægi þess að ef setja á almenna umgjörð um starfsemi fjölmiðla í landinu verði að ríkja um það breið pólitísk samstaða. Öllum flokkum var á sínum tíma boðin aðild að starfi fjölmiðlanefndarinnar og áttu jafnframt aðild að tillögum hennar.

Ég hef því talið rétt og eðlilegt að bjóða öllum þingflokkum aðild að því starfi sem framundan er við að smíða frumvarp á grundvelli tillagna nefndarinnar. Sendi ég formönnum þingflokkanna bréf þessa efnis fyrir áramót og bauð þeim að tilnefna fulltrúa í nefnd er myndi smíða frumvarp til laga á grundvelli tillagna fjölmiðlanefndar.

Þeirri nefnd var á engan hátt ætlað að ræða almennt um málefni fjölmiðla heldur semja frumvarp byggt á þeim tillögum er fulltrúar allra flokka höfðu samþykkt. Þingflokkar stjórnarandstöðunnar óskuðu eftir því að tilnefna ekki fulltrúa í slíka nefnd en lýstu því jafnframt yfir að þeir treystu þeim lögfræðingum sem fengnir hörfðu verið til verksins og að fulltrúar þingflokkanna í fjölmiðlanefndinni væru reiðubúnir að eiga samráð við þá um smíði frumvarps. Þar með tel ég tryggt að sátt haldist um framhald málsins.

**Málefni Ríkisútvarpsins**
Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa gagnrýnt að frumvarp um Ríkisútvarpið skuli lagt fram á Alþingi og sé ekki hluti af því starfi sem framundan er. Í því sambandi vil ég taka fram að frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. var lagt fram á Alþingi töluvert áður en fjölmiðlanefndin lauk störfum. Varð það hins vegar að samkomulagi milli mín og stjórnarandstöðunnar að ekki yrði mælt fyrir málinu fyrr en að tillögur nefndarinnar lægju fyrir svo ræða mætti frumvarpið um RÚV sf. í samhengi við skýrslu fjölmiðlanefndarinnar. Taldi ég þetta eðlilegt og sjálfsagt þótt ljóst væri að það myndi jafnframt seinka afgreiðslu málsins.

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. lýtur að rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Með því er verið að færa rekstrarumhverfi þess til nútímalegra horfs og gera því betur kleift að sinna sínu mikilvæga menningarhlutverki. Má segja að frumvarpið taki einmitt undir þá tillögu fjölmiðlanefndar að RÚV verði áfram öflugt útvarp í almannaþágu. Menn hafa vissulega ólíkar pólitískar skoðanir á því hvaða rekstrarform sé heppilegast og mun þingmönnum stjórnarandstöðunnar gefast tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri er málið verður tekið til umræðu á Alþingi.

Tillögur fjölmiðlanefndar lúta hins vegar að þeim almenna ramma sem allir fjölmiðlar, Ríkisútvarpið þar með talið, verða að lúta. Það er því ekki rétt að Ríkisútvarpið sé undanskilið í því starfi sem framundan er.

*Höfundur er menntamálaráðherra.*

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



# Í prófkjöri...

... Samfylkingarinnar býðst Reykvíkingum að setja saman öflugan framboðslista til áframhaldandi forystu við stjórnvöl borgarinnar. Að baki eru glæstir sigrar. Framundan eru brýn verkefni.

Reykjavíkurborg þarf að halda brautryðjandastarfi sínu áfram. Okkur ber að standa áfram í stafni í jafnréttisbaráttu kynjanna. Okkur ber líka að ganga enn lengra í að draga úr launamun og gefa tóninn fyrir landið allt um leiðréttingu lökustu kjaranna. Við eigum að vera til fyrirmyndar í aðbúnaði barna og löngu er tímabært að við tökum við af ríkisvaldinu í þjónustu við aldraða og byggjum hana upp þannig að sómi verði af.

Ég gef kost á mér til að leiða þá vinnu sem framundan er með sama hætti og ég hef starfað sem borgarfulltrúi í tæplega tólf ár og sem borgarstjóri síðustu 14 mánuðina. Við höfum gert margt vel. Við getum gert margt betur. Ég bið um liðveislu til að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið á undanförnum árum.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

## Opnunarhátíð!

í dag kl. 14.00 í Borgartúni 6

Ég býð stuðningsfólk, vini og alla áhugasama Reykvíkinga velkomna á opnun upplýsinga-miðstöðvar minnar í dag. Það verður heitt kaffi á könnunni og bakkelsi með. Boðið verður upp á tónlist, skemmtiatriði og líflegar samræður. Ég hlakka til að sjá þig.

**Steinunn Valdís**

*- með kjarkinn sem þarf*

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Án þess að ég telji mig vita nákvæmlega hvað gerist í herbúðum ríkisstjórnarinnar þá virðist manni brotthvarf fyrrverandi utanríkisráðherra úr ríkisstjórninni hafa skipt þar verulegu máli. Að minnsta kosti voru viðbrögðin mjög fálmkennd...“*

*Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar á Alþingi, síðastliðinn föstudag í umræðum um Kjaradómsmálið.*

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Úr bakherberginu...

### Ekki er sopið álið

Borgarstjórn Reykjavíkur vill að Landsvirkjun láti af áráttu sinni að virkja helstu fallvötn landsins og snúi sér að virkjun jarðvarmans.

Á góðri íslensku merkir þetta að Landsvirkjun og stjórnvöldum beri að snúa sér norður í land. Í Mývatnssveit og á Þeistareykjum hefur Landsvirkjun nú þegar ítök í slíkum auðlindum.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra tekur þessu áreiðanlega ekki illa en stendur frammi fyrir þeim vanda hvort hún eigi að hvetja Alcoa til að reisa álver á Bakka við Húsavík eða á Dysnesi í Eyjafirði.

Í bakherberginu heyrist að Alcoa vilji fremur byggja verksmiðju í Eyjafirði enda sýni athuganir að Dysnes sé fýsilegri kostur. Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri og aðrir Eyfirðingar ættu að kætast ef rétt reynist. En þá er við Reinhard Reynisson bæjarstjóra á Húsavík og heimamenn í Þingeyjarsveit að eiga, sem vilja vitanlega hafa verksmiðjuna í sínu héraði. Þeir taka ekki í mál að leyfa flutning á raforku um sínar sveitir til Eyjafjarðar. Nei takk.



### Verðmætur mengunarkvóti

Svo blasir annar vandi við stjórnvöldum þegar búið er að koma dreggjum stóriðjustefnunnar norður í land. Kyotokvóti Íslendinga fyrir útblástur gróðurhúsalofttegunda er nærri uppurinn og hrekkur varla nema fyrir einni álverksmiðju.

Forsvarsmenn Alcan verða vafalaust önugir ef þeir þurfa að sjá á eftir mengunarkvótanum norður í land enda hafa þeir öll tilskilin leyfi til að stækka álverið í Straumsvík og fyrirheit um raforku frá jarðvarmaorkuverum á suðvesturhorni landsins.

Þetta skýrist allt í næsta mánuði en framundan eru fundir Alcoa og iðnaðarráðherra með heimamönnum nyrðra nú um mánaðamótin.

Einhver sagði að spekúlantar væru farnir að huga að uppkaupum á húsnæði í Eyjafirði.

## NÆSTA VIKA

**mánudagur**
Óundirbúnar fyrirspurnir á Alþingi. Ráðherrar svara. Frumvarp um matvælarannsóknir, stjórn fiskveiða og fleira.

**þriðjudagur**
Frumvarp um rannsóknir á auðlindum í jörðu, tóbaksvarnir og fleira.

**miðvikudagur**
Fyrirspurnir á Alþingi.

**fimmtudagur**
Fyrsta umræða um frumvarp um Ríkisútvarpið og sinfóníuhljómsveitina.

**laugardagur**
Prófkjör Framsóknarflokksins í Reykjavík.

## VIKA Í PÓLITÍK



JÓHANN HAUKSSON

# Af guðseiginlandi raforkunnar

Laghentur eigandi íbúðarhúss í sveit austur á landi bjó þannig í haginn fyrir sig og sína fyrir sex árum, að hægt var að velja milli þess hvort húsið var hitað upp með rafmagni, olíubrennara eða gamaldags kolakyndingu.

Þar með gat markaðsverð ráðið því hvaða tegund orkugjafa var notaður. Fyrir fáeinum árum var rafmagnsreikningurinn orðinn óbærilega hár og skipt var yfir í olíu, innfluttan og mengandi orkugjafa.700 milljóna króna niðurgreiðslur skattborgaranna á rafkyndingu samkvæmt reglum yfirvalda gögnuðust umræddum húseiganda ekki. Við þessar aðstæður spurði hann hvort bíða yrði þess að álverð hækkaði á heimsmarkaði og tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu til stóriðju ykjust þar með svo mjög að unnt yrði að lækka rafkyndingarkostnað íbúa þessa lands.

Álverin greiða 0,7 upp í 1,5 krónur fyrir kílówattstund af rafmagni, allt eftir heimsmarkaðsverði á áli. Þægilegt. Raforkufrekar laxaseiðastöðvar borga að minnsta kosti 3,3 krónur fyrir sömu einingu. Svipað á við um ylræktarstöðvarnar og hæstu taxtar fyrir heimili eru sjálfsagt tvöfalt hærri. Heimsmarkaðsverð á áli eða krónu hreyfir ekki við gjaldskránni. Óþægilegt. „Íslendingar hafa í mörgu falli borgað með þeirri orku sem seld hefur verið álfurstunum,“ segir Sverrir Hermannsson fyrrverandi iðnaðarráðherra í Morgunblaðinu í gær.

Landsmenn munu komast að því fyrr en síðar hvort Sverrir hefur rétt fyrir sér.




FJÁRMÁLA**AKADEMÍA**
STJÓRNENDASKÓLA HR

Hagnýtt og markvisst nám í fjármálastjórnun fyrir stjórnendur.
Námið tekur á öllum helstu þáttum er varða fjármál fyrirtækja sem stjórnendur þurfa að kunna skil á.

***Byggt er á fyrirlestrum, dæmum og raunhæfum verkefnum fyrir íslenskar aðstæður.***

***Leiðbeinendur:***
*Stefán Svavarsson*
*dósent í HR*

*Jóhann Viðar Ívarsson*
*stundakennari í HR*



**Námslína**

| | Dags.: | Tími: |
|---|---|---|
| Fjármálastjórnun fyrir almenna stjórnendur | 30. janúar | kl. 15.00 - 19.00 |
| Áætlanagerð í fjármálum | 13. febrúar | kl. 15.00 - 19.00 |
| Kennitölur sem stjórntæki í rekstri | 6. mars | kl. 15.00 - 19.00 |
| Notkun ársreikninga fyrir stjórnendur | 27. mars | kl. 15.00 - 19.00 |
| Arðsemisgreining fjárfestingatækifæra | 10. apríl | kl. 15.00 - 19.00 |
| Stjórnun veltufjármuna | 8. maí | kl. 15.00 - 19.00 |

**Skráning er hafin!**
Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Allar upplýsingar eru á www.stjornendaskoli.is

*Nánari upplýsingar veitir:* **Guðrún Helga Hamar** *Verkefnastjóri* *Sími: 599 6404* *gudrunhelga@ru.is*

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK





# Laxeldi riðar á ný til falls

**Norðmenn framleiða nálægt 500 þúsund tonnum á ári af eldislaxi til útflutnings eða sem nemur meira en tvöföldum árlegum þorskafla Íslendinga.**

Að frádregnum ýmsum kostnaði gæti skilaverð fyrir hvert kíló af eldislaxi verið um 200 krónur hér á landi. Tekjur Norðmanna af því að ala og slátra laxi til útflutnings eru varla undir 100 milljörðum íslenskra króna á ári miðað við 500 þúsund tonna framleiðslu.

Fregnir berast nú af því að stærsti framleiðandi eldislax í landinu, Sæsilfur hf. ætli ekki að setja seiði í sjó á þessu ári og hætta framleiðslu í Mjóafirði með öllu árið 2008. Þetta á líka við um 1.500 tonna laxeldi Sæsilfurs í Seyðisfirði. Félagið hefur leyfi til að ala allt að 15 þúsund tonn af laxi í eldiskvíum á þremur stöðum á Austfjörðum og tækist að ná fullum afköstum hefðu tekjur vart orðið undir þremur milljörðum króna á ári.

Sæsilfur er langstærsti framleiðandi á eldislaxi í landinu sem stendur. Framleiðslan er í kvíum í Mjóafirði og er laxinum slátrað í Neskaupstað. Framleiðslan nam um 3.600 tonnum í fyrra, en félagið hefur leyfi til að framleiða allt að 8.000 tonnum í firðinum.

Miðað við núverandi skilaverð gætu tekjurnar hafa numið um 720 milljónum króna í fyrra.

„Þessari grein er sýnt tómlæti. Hágengi krónunnar plagar okkur og ekki bætir úr skák að raforkuverðið hefur hækkað til okkar með breytingum á raforkulögum. Við notum raforkuna fyrst og fremst við seiðaframleiðsluna í Grindavík. Orkureikningurinn var um 30 milljónir króna en er nú liðlega 40 milljónir króna á ári og á enn eftir að hækka eftir tvö ár með samningi okkar við Landsvirkjun,“ segir Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri Sæsilfurs.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær harmar Valgerður Sverrisdóttir ákvörðun félagsins um að hætta rekstri en bendir um leið á, að varla verði raforkuverðinu kennt um. Það hafi einungis hækkað hjá einni laxeldisstöðinni um liðlega fjögur prósent milli ára en ekki 30 prósent eins og Jón Kjartan heldur fram.

Fyrirtækið sem er í eigu Samherja og Síldarvinnslunnar tók til starfa árið 2001 og hefur framleiðslan aukist jafnt og þétt. Með eldinu hefur orðið til þekking og kunnátta á Austfjörðum. Menn hafa fundið nýjar lausnir á ýmsum vandamálum og leitað úrræða við að auka vaxtarhraðann og fóðurnýtinguna, meðal annars með því að lýsa upp eldiskvíarnar neðan sjávarborðs í mesta skammdeginu.

Árið 2003 hlaut fyrirtækið hvatningarverðlaun Þróunarfélags Austurlands fyrir áræðni og stórhuga framkvæmdir.

Liðlega tíu manns starfa við laxeldið í Mjóafirði og eru þá ótaldir hartnær tuttugu til viðbótar sem sinna flutningum og slátrun í Neskaupstað. Miðað við fjögur þúsund tonna framleiðslu á ári þarf því

Nýrnaveiki í laxaseiðum hefur sett strik í reikning laxeldisins. Þegar ekki er leyfilegt að flytja inn seiði verður áfall í seiðaframleiðslu að flöskuhálsi og áfalli í laxeldinu sjálfu.

En laxeldi, til að mynda i Noregi, er búið undir slíkan vanda. Áhættan er fyrir hendi. Og verð á fóðri fer upp og niður rétt eins og afurðaverðið.

Efasemdaraddir hafa einnig haldið fram að sjávarkuldi hér við land dragi svo mjög úr vexti og þar með fóðurnýtingu að eldið borgi sig ekki. Þessu mótmæla þeir sem gerst þekkja og benda á að ýmis annar kostnaður ætti að geta verið lægri svo sem fóðurverð í nálægð við fiskmjölsframleiðslu landsmanna og raforkuverð í landi fallvatnanna.

Gunnar Steinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Salar Islandica á Djúpavogi, tekur undir að hátt gengi krónunnar sé afar íþyngjandi en engan bilbug sé að finna á fyrirtækinu. Engu að síður ætlar félagið að draga úr laxeldi en auka þorskeldi vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru.

Félagið hefur leyfi til átta þúsund tonna framleiðslu á ári í Berufirði en slátraði aðeins 300 tonnum í fyrra. Fyrirtækið er yngra en Sæsilfur og er nú í meirihlutaeign HB Granda hf.




# ORKULINDIN ÍSLAND

## Ráðstefna um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi föstudaginn 27. janúar á Hótel Nordica

**Samtök iðnaðarins, Samorka og Samtök atvinnulífsins efna til ráðstefnu um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi, föstudaginn 27. janúar á Hótel Nordica.**

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis. Tilkynna þarf þátttöku í gegnum vef SA, www.sa.is, eða í síma 591 0000 eigi síðar en kl. 10:00 föstudaginn 27. janúar.



***Ráðstefnustjóri:***
*Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins*

SI Samtök iðnaðarins

SAMORKA

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

**Dagskrá**

### atvinna og auður

12:30 Móttaka ráðstefnugesta

13:00 **Stungið í samband**

**Orka, ál og hagvöxtur**
*- Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands*



**Könnun á afstöðu til virkjana, áliðnaðar og umhverfismála**
*- Þóra Ásgeirsdóttir, forstöðumaður viðhorfsrannsókna hjá IMG Gallup*



**Í sátt við umhverfið**
*- Bryndís Skúladóttir, efnaverkfræðingur, Samtök iðnaðarins*



**Með fyrirtækjum skal land byggja**
*- Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar*
*- Guðmundur Páll Jónsson, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar*




**Sviptivindar fyrr og nú**
*- Hallur Hallsson, sagnaritari*



14:45 Kaffihlé

### velferð og þekking

15:15 **Hátæknistörf og þekkingariðnaður**
*- Ágúst Valfells, lektor við Háskólann í Reykjavík*



**Þekking - góð útflutningsvara**
*- Gunnar Tryggvason, fjármálastjóri Enex*



**Orkuríkir vinnustaðir - umhverfi starfsfólks**
*- Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ*



### pallborðsumræður

**Staða og horfur - hvert stefnir?**
*- Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar*
*- Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar*
*- Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur*
*- Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja*
*- Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi*
*- Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls*
*- Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Norðuráli*


Björgólfur

Friðrik

Guðmundur

Júlíus

Rannveig

Tómas

Ragnar

16:30 Ráðstefnulok

**Allir velkomnir og aðgangur ókeypis - Skráning fer fram á www.sa.is**

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

*Árni sagði að íslenska hagkerfið væri sterkt og ekki væri ástæða til að óttast að það hryndi. Á árunum 2001 og 2002 hefði það komið alþjóðastofnunum á óvart hversu mikla aðlögunarhæfni íslenska hagkerfið sýndi eftir mikinn viðskiptahalla sem hvarf á einu ári eins og dögg fyrir sólu. Nú væri því jafnvel spáð að lending hagkerfisins yrði enn mýkri eftir meiri uppgang og ójafnvægi en þá var.*

# Sterk öfl togast á í hagkerfinu

Mikil skuldabréfaútgáfa erlendra aðila í íslenskum krónum kemur í veg fyrir að viðskiptahallinn þrýsti gengi krónunnar niður. Á morgunverðarfundi Sparisjóðs vélstjóra var þeirri spurningu velt upp hvort íslenska hagkerfið væri að sjóða upp úr.



**HLUSTAÐ AF ATHYGLI Á ORÐ JAFETS ÓLAFSSONAR** Atli Örn Jónsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs SPV, Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Gunnar Árnason, sérfræðingur efnahagsmála hjá SPV, sögðu sína skoðun á stöðu efnahagsmála við upphaf nýs árs.

Útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum hefur styrkt gengi krónunnar og tafið fyrir því að vaxandi viðskiptahalli þrýsti því niður. Það er hugsanlega áhyggjuefni að líftími skuldabréfanna er stuttur, gjalddaga hárra fjárhæða ber upp á skömmu tímabili og dreifing útgáfunnar milli útgefenda er lítil en nær helmingur skuldabréfanna er gefinn út af tveim til þremur aðilum.

### Snúnir tímar í efnahagsstjórn

Þetta kom fram í máli Gunnars Árnasonar, sérfræðings í efnahagsmálum hjá Sparisjóði vélstjóra, á morgunverðarfundi sem bar yfirskriftina „Er að sjóða upp úr?“. Gunnar benti á að raungengi íslensku krónunnar hefur ekki mælst eins hátt í átta ár. Hátt raungengi feli í sér versnandi samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja því kostnaður heima fyrir hefur aukist umfram kostnaðarhækkanir erlendis. Þannig hafi dregið úr útflutningi og á sama tíma innflutningur aukist. Svo er nú komið að halli í viðskiptum við útlönd, og þá sér í lagi vöruskiptajöfnuðurinn, er hærri en dæmi eru um hérlendis áður og hefur vaxið jafnt og þétt frá mánuði til mánaðar undanfarið. Hann segir þennan mikla halla engan veginn samrýmast jafnvægisástandi í efnahagsmálum til lengri tíma litið því pressan á gjaldmiðilinn hefur aukist jafnt og þétt. Gunnar telur snúna tíma fram undan í stjórn efnahagsmála á Íslandi og ósanngirni fólgna í því að velta þeirri stjórn alfarið á herðar Seðlabankans. Aðhalds í ríkisfjármálum þurfi við á sama tíma og innlendar fjármálastofnanir þurfi að axla sína ábyrgð.

### Lending hagkerfisins verður mjúk

Þeir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Jafet Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofu, voru fengnir til að ræða sína sýn á þær sviptingar sem einkennt hafa íslenskt fjármálaumhverfi að undanförnu. Árni tók undir að hátt gengi krónunnar hefði orðið til þess að starfsemi útflutningsfyrirtækja hefði dregist saman og sum þeirra hefðu jafnvel gripið til þess ráðs að færa hluta starfsemi sinnar úr landi. Þó yrði að taka inn í umræðuna að mörg þeirra hefðu jafnframt séð hag sinn í því að flytja sig um set til að vera nær birgjum og viðskiptavinum á stórum alþjóðlegum mörkuðum. Hann sagði að líklegt þætti að gengi krónunnar lækkaði á árinu en benti á að mjög sterk öfl tækjust á sem gerði það að verkum að erfitt væri að spá nákvæmlega fyrir um gengið.

Árni sagði að íslenska hagkerfið væri sterkt og ekki væri ástæða til að óttast að það hryndi. Á árunum 2001 og 2002 hefði það komið alþjóðastofnunum á óvart hversu mikla aðlögunarhæfni íslenska hagkerfið sýndi eftir mikinn viðskiptahalla sem hvarf á einu ári eins og dögg fyrir sólu. Nú væri því jafnvel



spáð að lending hagkerfisins yrði enn mýkri eftir meiri uppgang og ójafnvægi en þá var. Ef það gengi eftir mætti þakka því miklu aðhaldi ríkisstofnana, stjórn peningamála og sveigjanlegri aðlögun atvinnulífsins.



**JAFET ÓLAFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VERÐBRÉFASTOFUNNAR HF.** Spáir fyrir um 25 til 30 prósenta hækkun hlutabréfamarkaðarins árið 2006.

**Litli hluthafinn er voldugur**

Jafet Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar hf., fór yfir þróun hlutabréfamarkaðarins og væntanlegar breytingar á árinu. Sagði hann mikilar breytingar hafa orðið á íslenska hlutabréfamarkaðnum á síðasta ári. Veltan í skuldabréfum hefði dregist saman, hlutabréfaviðskipti aukist um 62 prósent og dagsveltan hefði að meðaltali verið 45,2 milljarðar á hverjum degi sem kauphöllin var opin. Sagði hann stærstu breytingu undanfarinna ára vera að fjármálafyrirtækin væru orðin allsráðandi. Þau hefðu hátt í 70 prósent af markaðsvirði þeirra fyrirtækja sem eru skráð í Kauphöll Íslands. Í ársbyrjun 1997 stóðu sjávarútvegsfyrirtækin hins vegar fyrir 70 prósentum af markaðsvirði þeirra fyrirtækja sem skráð voru þá. Núna væru ekki nema tvö sjávarútvegsfyrirtæki eftir á markaðnum, Grandi og Vinnslustöðin. Hann benti þó á að ekki mætti vanmeta styrk litla hluthafans hér á landi. Hlutabréfaeign væri mun almennari hér en í löndunum í kringum okkur og um helmingur allra landsmanna eigi hlutabréf. Tækju litlir hluthafar sig saman gætu þeir haft mikið að segja, eins og sýndi sig fyrir nokkrum árum þegar margir litlir hluthafar hópuðust að baki Pétri Blöndal til að koma honum að í stjórn Íslandsbanka.

***Áframhaldandi hækkanir á markaði***

Jafet segir allt benda til þess að árið 2006 verði gott þótt hækkanirnar verði ekki eins gífurlegar og á fyrstu dögunum, enda hækkaði markaðurinn um 10 prósent á fyrstu 13 dögunum. Hann gerir hins vegar ráð fyrir 25 til 30 prósenta hækkun hlutabréfamarkaðarins á árinu. Í fyrra hækkaði úrvalsvísitalan um 65 prósent á árinu og telja margir að nú hljóti að fara að syrta í álinn. Jafet telur ekki ástæðu til að óttast. Hlutabréfamarkaðir í Skandinavíu hafi hækkað mikið líka og þess séu til að mynda fjölmörg dæmi í Noregi að félög hafi hækkað um 100 prósent. Jafnframt benti hann á að framboð væri mikið af peningum í hagkerfinu um þessar mundir. Það kæmi meðal annars til af því að margir sem áttu skuldlausar eignir hefðu nýtt sér möguleikana, sem opnuðust með nýjum íbúðalánum bankanna í fyrra, og komist þannig yfir peninga til að fjárfesta fyrir. Auk þess væru nú að koma upp stór erfðamál í fyrsta sinn á Íslandi enda hefði sú kynslóð verið sérstaklega dugleg að spara.

Í lok máls síns lýsti Jafet því yfir að það væri miður að sparisjóðirnir hefðu ekki sameinað krafta sína. Úr gætu orðið gríðarlega sterk fyrirtæki í ljósi þess að samanlögð markaðshlutdeild þeirra væri meiri en markaðshlutdeild Íslandsbanka. Hann sagðist sjá það fyrir sér að nokkrir sparisjóðir myndu sameinast á árinu og varpaði að lokum fram þeirri tillögu að Sparisjóður vélstjóra, Sparisjóður Kópavogs og Sparisjóður Hafnarfjarðar sameinuðust og sköpuðu þannig öfluga einingu.

**holmfridur@markadurinn.is**






# Sumarsólin












**Áfangastaður okkar er einn heitasti sólarstaður Evrópu, Sunny Beach á Burgas-ströndinni í Búlgaríu.**

- Líflegur og litríkur sólarbær með öllu
- Ein besta sandströnd Evrópu
- Miðaldabærinn Nessebar í göngufjarlægð (á heimsminjaskrá UNSECO)
- Fjölbreyttir gististaðir
- Íslenskir fararstjórar
- Úrval kynnisferða
- Verðlag með gamla laginu

- Beint leiguflug vikulega frá 23. maí!
- Nýttu þér 5.000 kr. kynningarafslátt sem fyrstu 300 farþegar okkar njóta.
- Það borgar sig að bóka á netinu.

Þú getur einnig bókað á skrifstofu okkar gegn 2.500 kr. bókunargjaldi á mann.

**Bæklingur kemur út 1. febrúar. Pantaðu þitt eintak og við sendum um hæl.**




## Sérstaða okkar

**Meginstyrkur okkar liggur í verði og kjörum sem ekki hafa áður sést hérlendis.**

**Verðið okkar er sambærilegt við það lægsta sem gerist á Norðurlöndum.**

**Ótrúlegt barnaverð upp í 17 ára:** Barnafjölskyldur eru í sérstöku uppáhaldi hjá okkur. Börn og táningar, allt að 17 ára, greiða fast verð sem er frá 19.900 kr. fyrir viku. Oft nemur afslátturinn um 50%. (Gildir í íbúðagistingum og nokkrum hótelum (börn 2ja-11 ára) og að því gefnu að 2 fulloðrnir greiði verð skv. verðlista og dvelji í sömu vistarveru. Kynningarafsláttur gildir ekki um barnaverð.)

- Ungabörnin (að 2ja ára aldri) hjá okkur greiða aðeins 3.000 kr.
- Í okkar verði eru flugvallaskattar og ferðir til og frá flugvelli á áfangastað ávallt innifalið (á ekki við um flugfargjöld eingöngu).
- Forfallatryggingin okkar er án sjálfsábyrgðar.
- Þegar þú bókar á netinu hefur þú nokkra daga til að hugsa málið áður en þú þarft að greiða inn á ferðapöntun (nema minna en 4 vikur séu til brottfarar).
- Um leið og þú staðfestir ferðabókun er gengisáhætta úr sögunni því verðið breytist ekki þótt gengið fari á fleygiferð.

### Sterkir bakhjarlar

Apollo er ein stærsta sólarlandaskrifstofa Norðurlanda og fagnar 20 ára starfsafmæli í ár.

Kuoni sem er eigandi Apollo og heldur upp á 100 ára afmæli sitt í ár, er eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki heims.

LANGferðir

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

Mundu MasterCard ferðaávísunina

apollo

**www.apollo.is • 5 100 300**


n í Búlgaríu
Nýttu þér 5.000 kr. kynningarafslátt
og farðu í sólina fyrir aðeins...
20.900
Flugfargjald m/sköttum 23. maí í viku með kynningarafslætti (netbókun)
Verðdæmi:
1 vika 23. maí
29.900 kr.
Netverð á mann m.v. hjón með
2 börn m/kynningarafslætti.
Verðdæmi:
1 vika 12. september
33.300 kr.
Netverð á mann í tvíbýli
m/kynningarafslætti.
Sunny Beach
Apollo býður Íslendingum
heitasta sólarstaðinn við
Svartahafið.
Bókaðu á
heimasíðunni
www.apollo.is

**LYNDON B. JOHNSON (1908-1973) LÉST ÞENNAN DAG.**



*„Erfiðasta hlutverk forseta er ekki að gera hið rétta, heldur að vita hvað er rétt.“*

*Lyndon B. Johnson var forseti Bandaríkjanna frá 1963-1969.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 22. JANÚAR 1980

# *Vísindamaður dæmdur í útlegð*

Á þessum degi árið 1980 var doktor Andrei Sakarov dæmdur í ævilanga útlegð frá Sovétríkjunum. Sakarov var kjarneðilsfræðingur sem hjálpaði við byggingu fyrstu vetnissprengju Sovétríkjanna en var jafnframt helsti gagnrýnismaður landsins. Sovésk yfirvöld höfðu lengi haft horn í síðu nóbelsverðlaunahafans sem hafði í þrettán ár mótmælt stefnu þeirra. En það korn sem fyllti mælinn var viðtal sem Sakarov veitti í bandarísku sjónvarpi þar sem hann kallaði eftir því að sovéskar hersveitir yrðu kallaðar heim frá Afganistan.

Sakarov eyddi næstu sjö árum í Gorkí þar sem hann hélt áfram baráttu sinni. Hann fór þrisvar í hungurverkfall til að mótmæla meðferð á sér og óskaði eftir því að kona hans fengi að fara til Bandaríkjanna til að sækja læknishjálp.

Árið 1986 skipaði Mikhaíl Gorbatsjov fyrir að Sakarov yrði leystur úr haldi. Hann varð leiðandi í hreyfingu lýðræðissinna. Hann var meðlimur í stjórnarandstöðunni í nýja sovéska þinginu árið 1989 og tók þátt í því að semja nýja stjórnarskrá. Sakarov lést 14. desember 1989 úr hjartaáfalli.



**ANDREI SAKAROV**

## MERKISATBURÐIR

**1840** Fyrstu bresku landnemarnir koma til Nýja-Sjálands.

**1901** Viktoría Englandsdrottning andast 82 ára að aldri.

**1905** Uppreisn hefst í Rússlandi þegar skotið er á verkamenn í friðsamlegri mótmælagöngu í Pétursborg.

**1918** Mesta frost hér á landi, -37,9 gráður, mælist á Grímsstöðum á Fjöllum.

**1983** Tvö snjóflóð falla á hús í Patreksfirði. Fjórir menn látast.

**1988** Paul Watson, leiðtoga Sea Shephard, er vísað úr landi en samtök hans sögðust hafa sökkt hvalbátunum í Reykjavíkurhöfn árið áður.



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Helga Ingvars Valdimarssonar**
Brekkubyggð 93, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á göngudeild 10E á Landspítalanum.

**Bryndís Stefánsdóttir**
**Jónína Helga Helgadóttir** **Kristinn Gunnarsson**
**Þorsteinn Baldur Helgason** **Ásta Sveinsdóttir**
**Valdimar Helgason** **María Sif Númadóttir**
**og barnabörn.**



†

*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gests Ingva Kristinssonar**
Torfnesi, Hlíf I, Ísafirði, áður Hlíðarvegi 4, Suðureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og heimahjúkrun á Hlíf, Torfnesi.
Guð blessi ykkur öll.

**Sólveig Hulda Kristjánsdóttir**
**Þuríður Kristín Heiðarsdóttir** **Páll Ólafsson**
**Kristinn Gestsson** **Jóhanna Sigurbjörg Vilhjálmsdóttir**
**Óðinn Gestsson** **Pálína Pálsdóttir**
**Gunnhildur Gestsdóttir** **Albert Högnason**
**Jón Arnar Gestsson**
**Sveinbjörn Yngvi Gestsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðmundu Þorbjargar Jónsdóttur**
frá Kjörvogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 2B á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Alda Guðjónsdóttir** **Ásgeir Gunnarsson**
**Laufey Kristinsdóttir**
**Elísabet Guðjónsdóttir** **Bragi Eggertsson**
**Sólveig Guðjónsdóttir**
**Guðmundur H. Guðjónsson** **Dagný Pétursdóttir**
**Guðrún M. Guðjónsdóttir** **Óskar Pétursson**
**Haukur Guðjónsson** **Vilborg G. Guðnadóttir**
**Fríða Guðjónsdóttir** **Karl Ómar Karlsson**
**Rannúa Leonsdóttir**
**Kristín Guðjónsdóttir** **Þórir Stefánsson**
**Daníel Guðjónsson** **María Ingadóttir**
**Þuríður H. Guðjónsdóttir** **Garðar Karlsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



**ÚR HENDI FORSETAFRÚAR** Dorrit Moussaieff er verndari Eyrarrósarinnar. Hér afhendir hún framkvæmdaráði listahátíðarinnar LungA verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LISTAHÁTÍÐ UNGS FÓLKS, AUSTURLANDI: HLAUT EYRARRÓSINA 2006

# LungA fékk Eyrarrósina

„Meginmarkmið hátíðarinnar alveg frá upphafi hefur verið að efla áhuga ungmenna á menningu og listum,“ segir Aðalheiður Borgþórsdóttir framkvæmdastjóri LungA, listahátíðar ungs fólks, Austurlandi. Aðalheiður og fimm ungmenni úr framkvæmdaráði hátíðarinnar tóku á dögunum við Eyrarrósinni 2006 úr hendi Dorritar Moussaieff forsetafrúar sem afhenti hana við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Eyrarrósin er veitt einu afburða menningarverkefni á starfsvæði Byggðarstofnunar til að stuðla að auknu menningarlífi á landsbyggðinni.

LungA hefur verið haldin frá árinu 2000 á Seyðisfirði í tengslum við listahátíðina Á seyði. Hún er ætluð ungmennum á aldrinum 16 til 25 ára og samanstendur af listasmiðjum sem eru allt upp í sjö talsins og eru í boði í eina viku. „Þannig að þetta eru nokkurs konar sumarlistabúðir,“ áréttir Aðalheiður en færir leiðbeinendur eru fengnir til að sjá um hinar ýmsu listasmiðjur, til að mynda hafa verið fengnir sirkusleiðbeinendur frá Cirkus Cirkör og þekktir leikarar til að stýra leiklistarsmiðju.

Árið 2005 tóku sjötíu ungmenni þátt í listasmiðjunum og segir Aðalheiður að lögð verði áhersla á að auka þann þátt. Á vegum LungA er einnig haldinn fjöldi viðburða, líkt og tónleikar, fyrirlestrar og uppskeruhátíð listasmiðjanna en í allt sóttu um 2000 manns viðburði tengda LungA á síðasta ári.



**KÆTUMST OG GLEÐJUMST** Hið unga framkvæmdaráð á góðri stundu á LungA 2005. BJÖRT SIGFINNSDÓTTIR

Mjög vel hefur tekist til við framkvæmd hátíðarinnar og segir Aðalheiður það kærkomna viðurkenningu að fá Eyrarrósina að þessu sinni auk þess sem verðlaunaféð muni koma í góðar þarfir enda þegar byrjað að undirbúa næstu hátíð sem haldin verður á Seyðisfirði 17. til 23. júlí á þessu ári.

„Það er búið að plana dagskrána, fá leiðbeinendur í allar listasmiðjur og á laugardeginum verða stórir tónleikar,“ segir Aðalheiður spennt en hljómsveitir á borð við Gus Gus, Trabant, Jakobínarína, Jeff Who?, Miri og Ghostigital hafa boðað komu sína. Það má því búast við miklu fjöri á þessari litríku menningarhátíð ungs fólks í sumar.

# Samkirkjuleg bænavika

Alþjóðleg, samkirkjuleg bænavika verður haldin dagana 22. til 29. janúar 2006. Bænavikan er haldin árlega um þetta leyti og hefur verið haldin á Íslandi síðan 1968. Er þá beðið fyrir einingu kristinna manna um heim allan. Það er Alkirkjuráðið sem stendur að baki vikunni ásamt kaþólsku kirkjunni. Yfirskrift vikunnar að þessu sinni er Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni, þar er ég mitt á meðal þeirra.

Vikan hefst með guðsþjónustu í Árbæjarkirkju en bænastundir og samkomur verða haldnar bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri þessa viku.

Aðild að samstarfsnefnd kristinna trúfélaga sér um undirbúning vikunnar en aðild að henni eiga Aðventistar, Fríkirkjan, Vegurinn, Hvítasunnukirkjan, Hjálpræðisherinn, Íslenska Kristskirkjan, Kaþólska kirkjan, Óháði söfnuðurinn og Þjóðkirkjan.

Hægt er að nálgast dagskrá vikunnar á heimasíðu aðildarfélaganna.



**BEÐIÐ FYRIR EININGU KRISTINNA MANNA** Bænavika er haldin árlega um þetta leyti.

ÁSBJÖRN ÓLAFSSON EHF.

VEGNA FLUTNINGA:

ALLSHERJAR

# LAGERSALA

## FELLSMÚLA 28 (GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

# Yfir 1000 merkjavörur á botnverði!

## Alvöru heimilismarkaður – takmarkað magn!

---

Vegna flutnings höldum við allsherjar lagersölu og bjóðum við yfir 1000 vörur á botnverði m.a.:

**Búsáhöld, matvörur, gjafavörur, sælgæti, matarstell, eldhúsáhöld, pottar, hnífapör, glös, stígvél, leikföng og margt fleira! Þú getur gert frábær kaup!**

## LUKKUHJÓLIÐ

**Allir sem versla fyrir meira en 10.000 krónur fá að snúa lukkuhjólinu og geta unnið glæsilega vinninga *– Engin núll!***

## nammidagar!

**Laugardagar og sunnudagar eru nammidagar hjá okkur....öll börn fá gefins nammi um helgar.**




**Opið alla daga frá 11-19**

# Urðu vitni að fjörbrotum Sovétríkjanna

Fyrir fimmtán árum fór **Jón Baldvin Hannibalsson**, þáverandi utanríkisráðherra, í fræga heimsókn til Eystrasaltslandanna til að sýna baráttu þeirra fyrir því að losna undan oki sovétvaldsins stuðning á örlagastundu. ***Auðunn Arnórsson*** ræddi við þá bræður **Jón Baldvin** og **Arnór Hannibalssyni** um heimsóknina.



**FÓRNARLAMBA MINNZT** Vilniusbúi kveikir á kertum í minningu um litháísku sjálfstæðissinnana sem féllu í árás sovéskra hermanna á sjónvarpsturninn í Vilnius fyrir 15 árum. MYND/AP

Eystrasaltsþjóðirnar þrjár, Litháar, Lettar og Eistar, minntust þess í vikunni að rétt fimmtán ár voru liðin frá því sovézkar hersveitir gerðu tilraun til að bæla niður sjálfstæðishreyfingar þeirra. Aðfaranótt 13. janúar gerðu svonefndar svarthúfusveitir sovézka innanríkisráðuneytisins, sem voru sérþjálfaðar til að kveða niður innanlandsóeirðir, árás á sjónvarpsturninn í Vilnius, höfuðborg Litháens. Fjórtán óbreyttir borgarar létu lífið í árásinni og mörg hundruð særðust, en þetta fólk hafði slegið skjaldborg um turninn og aðrar opinberar byggingar, vopnlaust, til að sýna í verki að það var tilbúið að leggja líf sitt að veði fyrir frelsi þjóðarinnar undan oki sovétvaldsins.

Þann 20. janúar féllu fimm manns í Riga, höfuðborg Lettlands, sem settu sig með sama hætti í veg fyrir hina vopnuðu þjóna Moskvuvaldsins. Skriðdrekahersveit umkringdi eistnesku höfuðborgina Tallinn, en þar sló ekki í brýnu.

Þetta reyndist verða síðasta tilraun Moskvuvaldsins til að kúga þegna þess til hlýðni með umbúðalausri valdbeitingu. Síðasta tilraunin til að aftra Eystrasaltsþjóðunum með valdi frá því að segja sig úr lögum við Sovétríkin. Og áður en árið 1991 var úti höfðu Sovétríkin sjálf liðast endanlega í sundur.

Endurminningin um þessa örlagaríku daga er í huga margra í Eystrasaltslöndunum órjúfanlega tengd Íslandi. Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi utanríkisráðherra, heimsótti höfuðborgirnar þrjár einmitt þegar spennan var í hámarki. Liðveizla hans þá og í framhaldinu við að afla sjálfstæðisyfirlýsingum landanna þriggja viðurkenningar á Vesturlöndum er ógleymd í hugum Litháa, Letta og Eista. Ísland varð fyrsta ríkið í heiminum sem formlega tók á ný upp stjórnmálasamband við ríkin þrjú, en það gerðist í ágúst 1991. Önnur lönd fylgdu í kjölfarið.

Með Jóni Baldvin í för þessa spennuþrungnu janúardaga fyrir fimmtán árum var bróðir hans Arnór, sem ráðgjafi ráðherrans um Eystrasaltslöndin og Sovétríkin, en Arnór nam við Moskvuháskóla á sjötta áratugnum og var í vináttutengslum við nokkra af forystumönnum þjóðfrelsishreyfingar Litháa. Bræðrunum fylgdi hópur íslenzkra blaða- og fréttamanna.



**ÞREYTTIR VARÐLIÐAR** Sjálfboðaliðar sem ekki ætluðu að láta sovézka herliðið vaða inn í þinghúsið mótstöðulaust. LJÓSMYND/JAK

## Slaknar á klónni

Fréttablaðið fékk þá bræður til að rifja upp þessa atburði og tjá sig um það hvaða þýðingu þeir teldu þá hafa þegar litið er til baka nú, hálfum öðrum áratug síðar.

„Þetta hófst eiginlega með bréfaskiptum okkar Bronius Genzelis, vinar míns frá því á námsárunum í Moskvu og heimspekiprófessors í Vilnius," rifjar Arnór upp. „Ég hafði heimsótt hann árið 1982 og kynnzt þá Litháen og litháískum málefnum ágætlega," heldur Arnór áfram, „Síðan þegar allt fer af stað þarna, á Gorbatsjov-tímanum, þá vorum við í nánu sambandi. Hann skrifaði mér og sendi mér blöð og upplýsingar og ég á móti. Og þegar bróðir minn varð utanríkisráðherra var ég náttúrulega fljótur að láta hann vita af því. Genzelis var þá einn af forystumönnum Sajudis, sjálfstæðishreyfingar Litháa. Landsbergis valdist þar til forystu líka, en honum var ég einnig málkunnugur."



**ARNÓR HANNIBALSSON** Kom á tengslum við sjálfstæðisleiðtoga Litháa. LJÓSMYND/E.ÓL.

Á tímum glasnost og perestrojku hafði slaknað það mikið á kúgunarklónni í Eystrasaltslöndunum að þar höfðu myndast grasrótarhreyfingar sjálfstæðissinna. Þegar rétt 50 ár voru liðin frá því griðasáttmáli Hitlers og Stalíns var undirritaður í Kreml, þann 23. ágúst 1989, skipulögðu þessar hreyfingar „mannlega keðju" milli höfuðborganna þriggja, frá Tallinn í norðri til Vilnius í suðri. Í leynilegum viðauka við griðasáttmála einræðisherranna var kveðið á um að Eystrasaltslöndin væru á valdsvæði Sovétríkjanna enda voru löndin þrjú í kjölfarið innlimuð í þau.

Gorbatsjov var ákaflega illa við það hvaða stefnu þessar þjóðfrelsishreyfingar voru að taka. Ný þjóðþing voru kosin í stað æðstu ráða ráðstjórnarlýðveldanna og í Litháen var það Sajudis, með Landsbergis í broddi fylkingar, sem fór með ótvírætt umboð fólksins til að vinna að þessum breytingum. Kommúnistaflokkur Litháens mátti sín lítils þegar hér var komið sögu. Litháíska þingið samþykkti fyrstu sjálfstæðisyfirlýsinguna í marz 1990.

Síðan óx spennan og þarna upp úr áramótunum 1990-1991 var komið upp umsátursástand í kring um þingið í Vilnius. Gorbatsjov setti Litháum úrslitakosti 10. janúar. 11. janúar létu sérsveitir innanríkisráðuneytisins, svarthúfusveitirnar svonefndu, til skarar skríða, hernámu opinberar byggingar í Vilnius, fréttastofur og ritstjórnir. Aðfaranótt 13. janúar var svo árásin gerð á sjónvarpsturninn. Í kjölfarið bjuggust menn fastlega við árás á þinghúsið, sem búið var að víggirða og sjálfboðaliðar með einhvern samtíning handvopna biðu þess sem verða vildi. Landsbergis og flestir þingmenn höfðust við dag og nótt í þinghúsinu þessa daga.

## Úr vöndu að ráða

„Af þeirri árás varð aldrei," segir Arnór. Af hverju það var segir hann ekki liggja alveg ljóst fyrir. Að Pugo, yfirmaður svarthúfusveitanna, og þeir aðrir sem stjórnuðu í Moskvu hefðu gert sér grein fyrir því að sovétkerfið væri að hrynja er að vísu harla ólíklegt, að hans sögn. Það beri hins vegar að hafa í huga að það voru ekki bara jaðarlýðveldi Sovétríkjanna sem voru í sjálfstæðishugleiðingum. Rússneska lýðveldið með Borís Jeltsín í broddi fylkingar var að gerast æ sjálfstæðara og af því stafaði Sovétríkjunum sem slíkum mun meiri ógn.

„Litháar bjuggust við að það yrði árás," segir Arnór. Það var búið að setja steinsteypublokkir og sandpoka allt í kringum þinghúsið og safna liði sem helzt kynni að skjóta af byssum.

Í þessu umsátursástandi, þegar árás vopnaðra þjóna Moskvuvaldsins vofði yfir á hverri stundu, var úr vöndu að ráða fyrir Landsbergis og félaga. Í þeirra huga var efst á baugi að finna eitthvert erlent ríki – helst vestrænt NATO-ríki – sem væri tilbúið að viðurkenna sjálfstæði Litháens. Bandaríkin viðurkenndu ekki innlimun Eystrasaltsríkjanna í Sovétríkin á sínum tíma en í ljós kom að við þá yfirlýsingu voru stjórnvöld í Washington ekki tilbúin að standa að svo komnu máli, Kanadamenn ekki heldur.

„Það var sem þeir sitja eina nóttina þarna í umsátursástandinu í þinghúsinu að Genzelis dregur upp bréf frá mér," segir Arnór. „„Ég hef tillögu, við leitum aðstoðar á Íslandi, ég er með bréf með nöfn og símanúmer." Landsbergis grípur þetta á lofti, rýkur í símann og hringir í Jón Baldvin þarna um miðja nótt og útskýrir ástandið fyrir honum, að tvísýnt sé hvort sovétvaldið myndi halda Litháen í heljargreip sinni. Um leið og Jón Baldvin heyrði þetta fór hann í að skipuleggja ferðina." Af henni varð síðan þann 18. janúar. Fyrst var farið til Riga, síðan Vilnius og loks Tallinn.



**JÓN BALDVIN OG LANDSBERGIS** Frá fundi þeirra í víggirtu þinghúsinu í Vilnius. LJÓSMYND/JAK

## Sovétvald í andaslitrum

Spurður um hvaða gagn heimsóknin hafi gert segir Arnór: „Um það er erfitt að fullyrða, hvað hefði orðið ef Jón hefði ekki komið. Hefði þá verið ráðist á þinghúsið? Það var talið mjög líklegt, hins vegar sýndi það sig þegar bardagarnir blossuðu upp í Riga 20. janúar, þá var eiginlega allur vindur farinn úr þessum hersveitum sem áttu að vera alveg pottþéttar í að halda uppi sovétvaldinu."

Hvort Kremlverjar hafi dregið þá ályktun að það myndi bara gera illt verra að gera meira í þessu er enn erfiðara að fullyrða um. „En á endanum varð þeim það ljóst – og í ljós kom að þarna var sovétvaldið í andaslitrunum."

Arnór rifjar upp að er Lennart Meri, fyrrverandi forseti Eistlands, sagði í sjónvarpsviðtali árið 1997 að þessir dagar í Vilnius, þegar ráðherra NATO-ríkis var mættur í þinghús Litháa þegar árás sovéthermanna vofði yfir – hefði verið vatnaskilin – eftir það hafi Kremlverjar gefist upp á að reyna að hindra sjálfstæði Eystrasaltslandanna. „Ég sel það ekki dýrara en ég keypti," segir Arnór, „en ég held samt að eftir að þeir Pugo og Gorbatsjov heyktust á því að ráðast á þinghúsið í Vilnius var orrustan töpuð – þá hafði kerfið tapað og fólkið unnið."

## Ögurstund einangraðrar þjóðar

Jón Baldvin, sem var reyndar staddur í Riga á þessum fimmtán ára afmæli, segir að auðvitað sé tilhneiging til að skoða þessa atburði í svörtu og hvítu þegar litið er til baka. „Hér var þjóð sem leit svo á að hún stæði á örlagastundu. Yfir vofði sovézk hernaðarárás. Þetta var ævintýri einnar þjóðar. Það gat enginn séð það fyrir sem hefur gerzt síðan," segir Jón.

Spurður hvort hann hafi heyrt fleiri ráðamenn í Eystrasaltslöndunum lýsa sömu túlkun og Lennart Meri á sögulegri þýðingu þessara atburða segir Jón að hann sé vissulega stundum undrandi á því hve minnugir menn þar eystra væru, og þakklátir. Þeir bera djúpstæðan hlýhug til Íslands og vitna alltaf í það sama, líkt og Meri gerði í fyrrgreindu viðtali. „Það er kannski ekki svo óskiljanlegt," segir Jón. „Þetta var ögurstund. Þarna var smáþjóð sem beið örlaga sinna, ein. Hún átti engan vin í útlöndum; margir véku sér frá, sneru sér undan, töluðu ekki við þá eða báðu þá að hafa hægt um sig, ekki raska jafnvæginu sem átti að vera. Þegar þú ert í neyð og átt bara einn vin þá hefurðu tilhneigingu til að muna vel það sem hann gerir fyrir þig." ■

# HOLLT OG BRAGÐGOTT FYRIR ÞIG

**Vörurnar frá DDV eru hentugar fyrir þá sem vilja passa línurnar eða vilja bara hollan og góðan mat.**






**DDV vörurnar fást í:**
Samkaup/Úrval, Hagkaup,
Skagfirðingabúð Sauðárkróki,
Hlíðarkaupi Sauðárkróki
og eru væntanlegar í
Nóatún innan skamms.

De Danske Vægtkonsulenter

**www.weightconsultants.com/is/**

www.isam.is ÍSAM

# Enginn glamúr hinum megin tjaldsins

Ullarhúfa Forests Whitaker. Fleginn kjóll Carmen. Klósettið sem Jón Sæmundur Auðarson notar til að blanda sér eiturblöndu; allt eru þetta hlutir og staðir úr hugarfylgsnum **Helgu Stefánsdóttur** leikmynda- og búningahönnuðar. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** skyggndist inn í heim Helgu sem alls hefur unnið að sjötíu verkum á sautján árum og vinnur nú leikbúninga fyrir Pétur Gaut í leikstjórn Baltasars Kormáks.



**HELGA STEFÁNSDÓTTIR** Heillaðist ung af leikhúsi á ballettárum bernskunnar og unir sér hvergi betur en innan leikhúsveggja með hinu skapandi og gefandi leikhúsfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Það er mikið að gera hjá Helgu. Hún tekur daginn snemma. Kemur víða við og miklu í verk. Gengur hraðar en gengur og gerist; oftast á undan öðrum, en það er reyndar í ættinni, segir hún.

**Þetta er brjáluð vinna? Enginn glamúr?**
Nei, enginn glamúr utan frumsýninga með tilheyrandi stjörnuregni. Þess á milli er þetta eins og hver önnur krefjandi vinna með venjulegu fólki, þótt sumir sjái það oftast sveipað töfraljóma og frægðarsól.

**Hví valdirðu búninga- og leikmyndahönnun sem ævistarf?**
Ég fékk ást á leikhúsi þegar ég stundaði ballettnám í gamla daga og þegar ég seinna sagði skilið við ballett til að læra textílgerð var ég fljót að átta mig á að leikhúsið kallaði áfram. Ég var því frekar ung þegar ég fann út hvað ég vildi gera í lífinu; dreif mig á listasvið Fjölbrautaskólans í Breiðholti og eftir stúdentspróf til Rómar þar sem ég nam fræðin við L'Accademi di Belle Arti í fjögur ár.

**Og fannst strax þína réttu hillu?**
Nei, ég held mér hafi verið stefnt í þessa átt. Hugsa stundum hvað lífið væri mikið auðveldara ef ég ynni frá níu til fimm og væri ekki sífellt í verkefnatengdri vinnu, en einhvern veginn á þetta best við mig þótt slíkt lifibrauð geri mann hvorki feitan né fylli mann öryggi.

**Hvers nýtur þú mest í starfi?**
Mér finnst óskaplega gefandi að vera innan um fólk og líka að sjá hugmynd sem kviknaði á blaði verða að veruleika. Útkoman er ekki alltaf sú sama og fyrst varð til í kolli manns því þetta er fyrst og fremst samvinna, og vitaskuld gerir maður ekkert nema leikstjóri sé sáttur því hann verður alltaf yfirverkstjóri verksins. Hins vegar hef ég oftast frjálsar hendur og nýt fyllsta traust leikstjóra við útfærslu hugmynda.

**Varðstu fljótt upptekin af útliti og tísku?**
Ég fékk snemma auga fyrir formum, litum og munstrum, og byrjaði ung að sauma á sjálfa mig mjög flókna hluti og smíða. Þegar við áttum að sauma vasa í handavinnu saumaði ég buxur með vasanum á og heima bræddi ég úr borvél pabba við stólasmíðar. Ég fékk því ung mikinn áhuga á sköpun og teiknaði mikið, sem ég þakka gamla barnaskólakennaranum mínum Hallgerði sem hafði mikil áhrif á mig á þessu sviði.

**Hverju þakkarðu að hafa staðið svo lengi í framlínu á sviði leiktjalda- og búningahönnunar hérlendis?**
Ætli ég hafi ekki sýnt dugnað og lagt hart að mér eins og hinir sem nóg hafa að gera, en svo þarf maður líka að búa yfir ríkulegu innsæi.

**Hugsarðu lengi um hvern karakter þegar kemur að nýju verkefni?**
Já, það kemur fyrir, þótt margt komi til mín strax. Stundum þroskast persóna hjá leikara og breytist í meðförum, og þá styð ég það og fylgi eftir. Maður þarf að tileinka sér bæði skipulagi og yfirsýn.

**Hvernig leikara finnst þér ánægjulegast að klæða?**
Mér finnst skemmtilegast að klæða flinka leikara, en einnig gefandi að gera fólk fallegra og draga fram það besta. Það er mest gefandi að vinna með hæfu fólki og reynsla mín af svokölluðum stjörnum er einkar ánægjuleg. Það er engin klisja að þeir sem lengst hafa náð í þessum bransa eru mestu manneskjunar; þægilegastar í umgengni og vissar í sinni sök um hvað þær vilja. Vita að svona vinna gengur út á gjöful og góð samskipti og eru lausar við stjörnustæla.

**Það hefur borið meira á þér sem búningahöfundur, en þú hefur þó verið afkastamikil á sviði leikmyndagerðar.**
Já, ég virðist hafa stimplað mig rækilega inn sem búningahöfundur, og þótt fólk sé nýbúið að lesa nafn mitt titlað sem leikmyndahöfund í „Allir litir hafsins eru kaldir" þakkar það mér samt fyrir búningana í þættinum (skellir upp úr).

> *Leikarar eru mismunandi viðkvæmir fyrir sjálfum sér, en þeir frægustu hafa ekki áhyggjur af neinu og treysta manni til fullnustu.*

**En hvort á nú betur við þig; búningahönnun eða leikmyndagerð?**
Ég get ekki gert upp á milli. Þetta er eins og rautt og grænt epli. Bæði mjög góð. En þetta snýst um ólíka snertifleti. Í búningagerð fæst maður við manneskjur og gefur innsýn í karakter þeirra, meðan í leikmyndagerð er fengist við rými og umhverfi manneskjunnar, sem tengist meira söguþræðinum.



**ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR** Alvöru íslenskir spennuþættir þar sem Helga valdi alla umgjörð og ytra útlit á leikmynd þáttarins.

**Er mikill munur á starfi þínu í leikhúsi og kvikmyndum?**
Leikhúsinu fylgir ekki sama slarkið og í bíómyndum sem teknar eru kannski uppi á jöklum. Í leikhúsinu þróast hlutirnir hægt og rólega, en slíkt er ógjörningur í bíómyndum þar sem maður fær inn nýja leikara í miðju tökutímabili og þarf að máta og redda eins og byssubrandur milli takna.

**Hvar leitarðu innblásturs og aðfanga?**
Það er mismunandi. Innblásturs leita ég oftast á vinnustofunni þar sem lítill hlutur getur kveikt stóra hugmynd. Stundum fer ég utan að leita fanga og fékk til dæmis að kaupa efni fyrir Carmen í London, sem gerði að verkum að búningarnir gátu orðið miklu ríkulegri en ella. Íslendingar skapa leikverk fyrir ótrúlega lítinn pening, sem er oft mikil glíma. Í leikhúsi og kvikmyndagerð þarf mikla útsjónarsemi og þar reyni ég að vera hagsýn, en segja má að leikmynda- og búningagerð líði stundum fyrir naumt skammtað fjármagn, þótt oftast finnist málamiðlun sem allir geta sætt sig við.

**Ertu kaupglöð á eigin fatnað utan vinnutímans?**
Ég hef gaman af því að klæðast fallega, en fylgi ekki tískunni. Lífið væri trúlega miklu einfaldara ef mér væri sama í hverju ég gengi, en þannig er ég ekki gerð. Ég á fátt og gott í klæðaskápnum; kaupi það sem mér finnst fallegt, en glími við þann vanda að finnast hversdagsleg föt leiðinleg og neita að ganga í gallabuxum. Meginþorri þjóðarinnar sér um það fyrir mig (hlær dátt).

**Kvikmyndir og leikverk endurspegla gjarnan vissan tíðaranda. Hvaða tímabil heillar þig mest?**
Ég hef dálæti á tímabilinu í kringum 1930. Þá var mikið flæði í efnum og sniðum kvenfatnaðar, og tískan afar klæðileg fyrir karla, en oft má sjá hve mikið er leitað í tímabilið milli 1930 og 1950 þegar túlka á tímaleysi og endurskapa horfinn tíma í kvikmyndum.

**Er mikið tekið eftir verkum búninga- og leikmyndahöfunda?**
Nei, þau vekja sjaldnast eftirtekt umfram annað, en við eigum líka flest sammerkt að vera laus við þörf fyrir sviðsljósið eða hrópa: „Þetta gerði ég!" Við völdum að vera hinum megin tjaldsins og



**CARMEN** Búningarnir í Carmen eru augnayndi, sem og sviðsmyndin öll, en Helga á heiðurinn af báðum sköpunarverkunum. MBL/GOLLI



**LITTLE TRIP TO HEAVEN** Forest Whitaker og Julia Stiles í hlutverkum sínum í kvikmynd Baltasar Kormáks. Helga sá um alla búninga myndarinnar.

myndavélarinnar, en ekki uppi á sviði. Ég sagði eitt sinn að mér fyndist best ef enginn tæki eftir umgjörð og búningum myndarinnar, því þegar áhorfandi tekur ekki eftir þessum atriðum og leyfir myndinni að renna áreynslulaust og þægilega fyrir augum, er það merki um vel unnið verk. Þá truflar ýkt umgjörð ekki söguþráðinn, þótt vissulega sé gaman að vera með krydd hér og þar. En þegar útkoman er pínu ósýnileg verður hún oftast sú besta.

**Hvort finnst þér meiri áskorun að fást við endursköpun fortíðar eða nútímann?**
Nútíminn er meiri áskorun því tímabilið stendur fólkinu nær. Það er sérstaklega gaman að glíma við einn anga nútímans án þess að verða tískulegur og ná þeim áhrifum að ekki sjáist að myndin gerist akkúrat í dag, heldur allt eins fyrir nokkrum mánuðum eða einhverja mánuði fram í tímann. Maður þarf sífellt að staðsetja fólk í tíma og mengi, svo áhorfendur skilji persónuna betur.

**Skapa fötin manninn?**
Alls ekki, en þau setja hann í mengi. Dæmi er fjármálahverfið í Lundúnum þar sem allir eru eins klæddir og engu líkara en sölumaður hafi komið og selt öllum sömu fötin. Þar klæðast allir því sama til að skera sig ekki úr og setja sig í viðurkennt mengi. Hins vegar má lýsa persónum með fatavali og það meðal get ég notað og nýtt mér, því flestir lesa það sama úr klæðnaði fólks.

**Lendirðu í vandræðum með sjálfsmynd leikara og átt í skoðanaskiptum við þá um þann klæðnað sem þú velur þeim að klæðast?**
Það er fáheyrt, en hefur kannski komið fyrir þrisvar á sautján árum. Ég neyði engan til að klæðast því sem hann hafnar, enda eðlilegt að fólk sé viðkvæmt fyrir sjálfu sér þegar það stendur frammi fyrir stórum áhorfendahóp. Leikarar eru mismunandi viðkvæmir fyrir sjálfum sér, en þeir frægustu hafa ekki áhyggjur af neinu og treysta manni til fullnustu.

**Hvað með nektaratriði? Eru þau flókin þegar kemur að fatnaði og fylgihlutum?**
Nei, nei, ekkert flókin, nema að því leyti að maður er með sloppinn og hin ósýnilegu nærföt fyrir augum (hlæjandi).

**Þú sást um búningana í „A Little Trip to Heaven“. Hefur það opnað dyr að bíómyndum erlendis?**
Öll góð verk hefja mann upp og opna fleiri dyr. Ég hef síðan séð um búninga í bandarísku hrollvekjunni „Last Winter“ sem enn er ófullgerð ytra og svo réði ég mig sem umsjónarmann búninga í mynd Clints Eastwood, „Flags of our fathers“, en þá þótti gott að hafa reynsluna úr „A Little Trip to Heaven“.

**Hvað verður um búningana þegar verkunum lýkur?**
Þeir lenda á hinum ýmsu söfnum og stundum fæ ég gefnar heilu bíómyndirnar sem ég get leitað fanga í aftur og notað á ný.

**Skrítnasti búningurinn til þessa?**
Ætli það sé ekki gamall félagi sem ég rakst á uppi á efstu slá í leikhúsinu um daginn og var búin að gleyma, en það var slidemyndavesti sem ég hannaði fyrir löngu.






Viva hótelin, toppgisting,
toppstaður, toppferðir, toppfólk,
**toppaðu þetta!**

# ¡Viva Mallorca!

Mallorca er vinsælasti sumardvalarstaður Evrópu enda býður eyjan upp á einstaka blöndu náttúrufegurðar, menningar og skemmtunar fyrir alla fjölskylduna. Veðrið er frábært, strendurnar fullkomnar og eitthvað að gerast bókstaflega allan sólarhringinn. Fyrir þá sem vilja líf, fjör og næturlíf mælum við með Palma Nova svæðinu en barnmargar fjölskyldur kjósa gjarnan bæina á norðurströnd Mallorca, Alcúdia og C'an Picafort, þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.

Á Mallorca bjóðum við fjölbreytt úrval gististaða og þar eru Viva-hótelin fremst í flokki. Viva hótel eru ávallt vel staðsett og starfa undir ströngu gæðaeftirliti, enda er samdóma álit gesta að þar fáist hámarks gæði á ótrúlega hagstæðu verði.

Við ráðleggjum þeim sem vilja tryggja sér Viva gistingu að bregðast skjótt við því gistirými seljast hratt á þessum eftirsóttu hótelum. Komdu með okkur til Mallorca í sumar og njóttu drifhvítra stranda og frábærrar þjónustu á verði sem enginn keppir við!

Bókaðu núna:
**www.sumarferdir.is**
**Sími 575 1515**

**SUMAR FERÐIR**
– ERU BETRI EN AÐRAR!

Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni
www.kreditkort.is

**www.sumarferdir.is**

**Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn**




vísir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS



allt hús

Alla mánudaga

OPIÐ Í DAG (SUNNUDAG) FRÁ 12-16!

SKÓSPRENGJAN

LÁGMARK 50% AFSLÁTTUR!

DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR

PETER KAISER ecco ara LLOYD ZINDA




Toppskórinn

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.37 | 13.39 | 16.42 |
| Akureyri | 10.39 | 13.24 | 16.10 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

atvinna o.fl.



Atvinnutengt nám bls. 2
Atvinnuleysi innan við þrjú prósent bls. 2


# allt - atvinna


ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS


*Góðan dag!*

**Í dag er sunnudagurinn 22. janúar, 22. dagur ársins 2006.**

## STÖRF Í BOÐI


- Bílstjóri
- Lagermaður
- Forstöðumaður
- Sérfræðingar
- Prófdómari
- Ráðgjafi
- Forritari
- Leikskólakennarar
- Grunnskólakennarar
- Netumsjón
- Fjármálaráðgjafi
- Nuddarar
- Sölumenn
- Aðalbókari
- Sjúkraliðar
- Grafískur hönnuður
- Framkvæmdastjórar
- Markaðsstjóri
- Tæknimaður
- Vinnslustjóri



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Theodór Freyr Hervarsson segir að engir tveir dagar séu eins í vinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Miklar sviptingar í íslensku veðri

***Theodór Freyr Hervarsson er veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Hann segir að starf veðurfræðinga á Íslandi sé mjög fjölbreytt þar sem allra veðra getur verið von.***

Theodór lærði veðurfræði í Björgvin í Noregi þar sem hann var í fimm ár. „Ég fór í gegnum cand.mag og cand.science í Noregi því að það var ekki hægt að læra þetta hér nema eftir einhverjum krókaleiðum," segir Theodór. Á meðan hann var í Noregi vann hann við veðurþjónustu á flugvellinum í Björgvn samhliða námi. „Sú reynsla hefur nýst mér mjög vel," segir hann.

Theodór kláraði námið haustið 2001 og kom þá heim og fór að vinna á Veðurstofu Íslands. „Frá því að ég kom heim hef ég unnið á spádeild Veðurstofunnar á vöktum, en það er unnið hérna allan sólarhringinn."

Á spádeild Veðurstofunnar eru gerðar spár fyrir flug, sjóveðurspár og landspár. „Í dag eru tölvulíkön orðin okkar helsta hjálpartæki. Við notum þau mjög mikið og svo greinum við líka kort og skoðum gervitunglamyndir til að sannreyna hvort að líkönin eru á réttri leið. Ef svo er ekki þurfum við að finna einhverja lausn á því."

Theodór segir að reynsla skipti miklu máli í veðurfræði. „Þrátt fyrir fimm ára nám er maður samt nánast á núllpunkti þegar maður byrjar. Þeir sem hafa starfað við þetta lengi eru mjög fljótir að sjá eitthvað í gögnunum sem við sem erum yngri tökum kannski ekki eftir. Þeir hafa upplifað ýmislegt og eru komnir með reynslubanka sem þeir geta sótt í."

Theodór segir að starfið sé mjög skemmtilegt og engir tveir dagar séu eins. Hann viðurkennir að það sé örugglega að sumu leyti erfiðara að vera veðurfræðingur á Íslandi þar sem allra veðra er von heldur en víða annars staðar. „Veðrið hér er reyndar ekkert svo frábrugðið veðrinu í Noregi þar sem ég vann áður en sunnar í Evrópu eru til dæmis ekki jafn miklar sviptingar í veðri," segir Theodór.

**emilia@frettabladid.is**

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ATVINNA]**

**Félag opinberra starfsmanna** á Vestfjörðum hefur opnað skrifstofu sína í nýju sérhönnuðu skrifstofuhúsnæði að Aðalstræti 24 samkvæmt frétt á bsrb.is. Nýja húsnæðið hentar mun betur þörfum félagsins en gamla húsnæðið, sem var að Hafnarstræti 6, bæði hvað varðar aðstöðu til fundahalda og allrar annarrar starfsemi félagsins.

**Námskeiðið** Með allt á hreinu í kjaramálum verður haldið á vegum Starfsmenntar fræðslumiðstöðvar 2. febrúar. Meginviðfangsefni námskeiðsins er kjaraumhverfi þátttakenda og er kennari Sverrir Jónsson, hagfræðingur. Námskeiðið er án endurgjalds fyrir félagsmenn aðildarfélaga Starfsmenntar.



**Meðallaun rafiðnaðarmanna** með sveinspróf eru 391.607 krónur á mánuði samkvæmt frétt á rafis.is. Þetta eru niðurstöður könnunar sem nær til 1. nóvember 2005 og hafa launin hækkað um 9,4% frá árinu áður. Atvinnuleysi á meðal rafiðnaðarmanna mældist síðan aðeins 0,15%.



## Upplýsingatæknisvið Landsbankans – Netumsjón (Network Administration)

Upplýsingatæknisvið Landsbankans hefur á að skipa samhentum hópi fólks sem sinnir áhugaverðum viðfangsefnum í lifandi starfsumhverfi. Lögð er áhersla á að veita starfsmönnum tækifæri til að viðhalda faglegri þekkingu með skipulögðum hætti og þróast í starfi. Við erum metnaðarfullur hópur og sækjumst eftir einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni með okkur.

**Helstu verkefni:**

- Þátttaka í þróun og uppbyggingu á netinnviðum bankans, jafnt innanlands sem utan, ásamt tengdum rekstri
- Áhersla lögð á nýtingu innviða sem byggðir hafa verið upp til að gera dreifða starfsemi bankans einfaldari og skilvirkari

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Reynsla af sambærilegum verkefnum er skilyrði
- Cisco prófgráður eru kostur
- Öguð og fagleg vinnubrögð
- Þjónustulund og samskiptafærni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar nk. Vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá til bergsig@landsbanki.is
Nánari upplýsingar veita Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs í síma 820 6490 og Bergþóra Sigurðardóttir, forstöðumaður á starfsmannasviði í síma 410 7907.

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is


ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - LBI 31038 01/2006


LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Sjúkraliðar

**Hafið þið áhuga að koma til liðs við okkur á öldrunarsviði?**

Nú eru lausar til umsóknar stöður sjúkraliða á nokkrum deildum sviðsins. Starfshlutföll samkomulag og ýmsir vaktamöguleikar. Einnig er möguleiki á að starfa á fleiri en einni deild.

Á öldrunarsviði eru m.a bráðadeild fyrir aldraða í Fossvogi, deildir fyrir almennar öldrunarlækningar og minnissjúkdóma á Landakoti. Hjá okkur fáið þið tækifæri til að öðlast fjölbreytta reynslu. Góður starfsandi á sviðinu og einstaklingshæfð aðlögun í boði.

**Við leggjum áherslu á:**

- fagmennsku
- umhyggju fyrir öldruðum
- samvinnu hinna ýmsu fagstétta
- öfluga endur- og símenntun starfsmanna
- tækifæri til að taka þátt í þróunarverkefnum

Umsóknir berist fyrir 6. febr. nk. til Hlífar Guðmundsdóttur, verkefnastjóra, sími 824 5831, netfang hlifgud@landspitali.is og veitir hún upplýsingar ásamt Ingibjörgu Hjaltadóttur, sviðsstjóra hjúkrunar, sími 543 9890, netfang ingihj@landspitali.is

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.







Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki í starfsmannamálum og geta reynst dýrmæt aðstoð fyrir starfsfólk sem þarf að leita réttar síns innan vinnustaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Námskeið fyrir trúnaðarmenn

***BSRB verður með námskeið fyrir trúnaðarmenn um miðjan febrúar. Námskeiðið miðar að því að fræða trúnaðarmenn um vinnumarkaðinn og lagaumhverfið.***

Fræðslunefnd BSRB ætlar að halda grunnnámskeið fyrir trúnaðarmenn fyrirtækja og stofnana. Meðal þess sem farið verður í á námskeiðinu er hlutverk trúnaðarmanns og lagaumhverfi. Rætt verður um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og um gildi og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar. Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur hjá BSRB mun fara yfir túlkun kjarasamninga og Kristín Á. Ólafsdóttir leikari mun leiðbeina um tjáningu.

Námskeiðið verður haldið í Munaðarnesi og verður háð þátttöku. Námskeiðið mun standa yfir frá hádegi þann 14. febrúar og lýkur síðdegis þann 15. febrúar.



Einkennisfatnaður lögregluþjóna telst þeim ekki lengur til tekna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Einkennisfatnaður undanþeginn skatti

***Samkvæmt nýjum skattmatsreglum fyrir árið 2006 á einkennisklæðnaður ekki að teljast starfsmönnum til tekna.***

Ríkisskattstjóri hefur fallist á að einkennisfatnaður ákveðinna stétta verði héðan í frá undanþeginn skatti samkvæmt því sem kemur fram í frétt á vef BSRB. Áður var til dæmis einkennisfatnaður lögregluþjóna og tollvarða metinn þeim til tekna. Í skattmatsreglum fyrir árið 2006 segir meðal annars: „Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans sem launagreiðandi afhendir honum til afnota þ.m.t. er sá öryggis- og hlífðarfatnaður sem launagreiðendum er skylt skv. lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum að afhenda launþegum án endurgjalds.“ Skattstjóri fékk ábendingar um þetta hagsmunamál frá BSRB sem hefur lagt mikla áherslu á að þessu væri breytt og fagnar því niðurstöðu málsins.



Atvinnutengt nám er miðað fyrir unglinga sem standa illa í skóla. Markmiðið er að virkja unglinginn og búa hann undir þátttöku í atvinnulífi ásamt því að unnið er með umhverfislæsi nemendanna og sjálfsmynd þeirra er styrkt.

# Atvinnutengt nám fyrir unglinga

***Nýlega var gerður samningur um atvinnutengt nám fyrir grunnskólanema sem Menntasvið, Umhverfissvið fyrir hönd Vinnuskólans og Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar fyrir hönd þjónustumiðstöðva í Reykjavík, gerðu með sér til eins árs.***



Margir unglingar upplifa skólagöngu sína sem kvöð og finna fyrir miklu áhugaleysi gagnvart náminu. Atvinnutengdu námi er ætlað að vera hvati fyrir unglinga sem standa illa í skóla, til að halda áfram í námi á þeirri braut sem styrkur þeirra er mestur.

Atvinnutengt nám er fyrir nemendur sem eiga við mikla námserfiðleika að stríða og þá sem kljást við námsleiða. Dofri Örn Guðlaugsson hefur verið verkefnisstjóri atvinnutengds náms undanfarin tvö ár og segir hann markmið verkefnisins að gefa nemendum þekkingu á vinnumarkaði til viðbótar við hefðbundið skólanám. „Margir unglingar upplifa sína skólagöngu sem kvöð. Margir hafa gefist upp á námi annaðhvort vegna lesblindu eða annarra námsörðugleika, eða standa illa í námi vegna annarra ástæðna,“ segir Dofri. „Þessir nemendur eru oft með brotna sjálfsmynd en í þessari vinnu sýna þeir á sér nýjar hliðar og metnað og geta byggt upp sjálfsmyndina aftur.“

Þeir nemendur sem uppfylla ákveðin skilyrði fá tækifæri til að taka þátt í verkefninu. Viðkomandi unglingur þarf að sýna viðleitni og vilja til að standa sig áður en atvinnutengda námið hefst. „Við setjumst niður með unglingnum og áttum okkur á hans þörfum,“ segir Dofri. „Við spyrjum út í áhugasvið nemandans, komumst að styrkleikum hvers og eins og reynum að virkja þá styrkleika. Undantekningalaust fá nemendurnir að vinna við það sem áhugi þeirra er mestur fyrir.“

Dofri segir viðbrögðin frá atvinnuveitendum hafa verið mjög góð. Nú eru um á fimmta hundrað fyrirtæki sem hafa tekið þátt í verkefninu síðastliðin fimm ár. Misjafnt er hversu mikið unglingarnir vinna með náminu, ýmist einn eða tvo vinnudaga í viku, en haldið er í kjarnafögin í stundaskránni og þau fög sem nemandinn hefur skarað fram úr í og sýnt áhuga á.

Meginmarkmið verkefnisins er búa nemendurna undir þátttöku í atvinnulífi að loknum grunnskóla, vinna með umhverfislæsi nemenda, aðstoða nemendur við náms- og starfsval út frá eigin styrk og efla lífsleikni nemenda með áherslu á jákvæða sjálfsmynd og sjálfsstyrkingu.

„Helsti hvatinn fyrir þessa unglinga er að fá að starfa á því sviði sem þeir hafa áhuga á. Þar af leiðandi fá þeir meiri áhuga á að halda áfram í námi,“ segir Dofri. „Með þessu eru unglingarnir gerendur í sínu námi. Í mörgum tilfellum er þetta eini hvatinn fyrir ákveðna einstaklinga að halda áfram á réttri braut þar sem þessi hópur telur að skólinn sé þeim til trafala.“

Verkefnið hófst sem tilraunaverkefni í Vinnuskólanum árið 1994 og hefur það nýst vel þeim unglingum sem hafa staðið illa í skóla. Verkefnið fer inn á langflest svið atvinnulífsins og nýtist vonandi sem gott tækifæri fyrir unglinga til að fóta sig í lífinu.

johannas@frettabladid.is

# Atvinnuleysi 2,7% í lok síðasta árs

***Upplýsingar um atvinnuþátttöku og atvinnuleysi á síðasta ársfjórðungi síðasta árs má finna á heimasíðu Hagstofu Íslands.***

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hagstofu Íslands, hagstofan.is, mældist atvinnuleysi 2,7% á síðasta ársfjórðungi síðasta árs. Það þýðir að 4.400 manns voru að meðaltali án atvinnu og í atvinnuleit. Hjá körlum var atvinnuleysi 3,0% en hjá konum var það 2,2%.

Fjöldi fólks á vinnumarkaði á síðasta ársfjórðungi síðasta árs var 165.900 en þá er bæði átt við þá sem voru starfandi og þá sem voru atvinnulausir og er það 81,7% atvinnuþátttaka. Atvinnuþátttaka karla var 85,5% en kvenna 77,9%. Af þeim 165.900 sem voru á vinnumarkaði voru 161.500 starfandi.

Meðalfjöldi vinnustunda á viku á síðasta ársfjórðungi síðasta árs var 41,5 klukkustundir, 47,3 hjá körlum en 34,9 hjá konum.



Atvinnuþátttaka var 81,7% á síðasta ársfjórðungi 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## styrkir }



55 milljónir eru til úthlutunar til starfsmenntunar í atvinnulífinu. NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

### Starfsmenntun

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu. Til úthlutunar eru 55 milljónir og rennur umsóknarfrestur út þann 28. febrúar. Að þessu sinni verður ekki lögð áhersla á tiltekin verkefni eða málaflokka. Þau verkefni sem koma til með að njóta forgangs verða að fela í sér frumkvæði og nýsköpun í starfsmenntun og vera líkleg til að efla viðkomandi starfsgrein eða atvinnusvæði. Nánari upplýsingar má sjá á www.smennt.is

# Grafískur hönnuður!

Vegna aukinna umsvifa og skemmtilegra verkefna framundan óskum við eftir **grafískum hönnuði**.

**Hæfniskröfur:**

- Með reynslu af auglýsingagerð og umbroti.
- Hugmyndaríkur og skapandi
- Með reynslu og góða þekkingu á InDesign, Illustrator og Photoshop
- Með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé skemmtilegur og með þægilega skapgerð.

Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Umsóknir óskast sendar á **skaparinn@skaparinn.is**. Umsóknarfrestur rennur út 26. janúar kl. 17:00. Frekari upplýsingar veitir **Kolbeinn** í síma **533 2299**.

Auglýsingastofa Skaparans var stofnuð seint á síðustu öld. Viðskiptavinir okkar eru fyrirtæki og félagasamtök af öllum stærðum og gerðum. Við leggjum áherslu á góða og persónulega þjónustu. Við trúum því jafnframt að það eigi að vera gaman í vinnunni.

AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS



# Landsbankinn – Fjárstýring



Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða sérfræðinga til starfa í fjárstýringu á verðbréfasviði Landsbankans. Helstu verkefni deildarinnar lúta að stýringu á gjaldeyris-, lausafjár- og vaxtastöðu bankans og tengdum verkefnum.

**Gjaldeyrisstýring, helstu verkefni:**
- Stýring á gjaldeyrisstöðu bankans
- Viðskipti á millibankamarkaði
- Stöðutökur á markaði

**Lausafjárstýring, helstu verkefni:**
- Peningamarkaðsviðskipti við erlenda aðila
- Ávöxtun lausafjár bankans
- Fjármögnun á innlendum markaði

**Vaxtastýring, helstu verkefni:**
- Stýring á vaxtastöðu bankans
- Viðskipti á erlendum vaxtamörkuðum
- Stöðutökur á markaði

**Menntunarkröfur og eiginleikar:**
- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða sambærilegt
- Brennandi áhugi og skilningur á helstu fjármálaafurðum
- Reynsla af fjármálamarkaði kostur
- Geta til að vinna undir miklu álagi

Nánari upplýsingar veita Jón Þorsteinn Oddleifsson forstöðumaður fjárstýringar í síma 410 7311 og Atli Atlason framkvæmdastjóri starfsmannasviðs í síma 410 7904.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar nk. Vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá til atlia@landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍA.IS - LBI 31055 01/2006



# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Starf á sambýli aldraðra Skjólbraut
- Félagsráðgjafi í fjölskyldudeild
- Störf við liðveislu

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Afgreiðsla og baðvarsla karla

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Digranesskóli:**
- Húsvörður
- Danskennari 11 st. á viku
- Gangavörður/ræstir

**Hjallaskóli:**
- Danskennari
- Skólaliði

**Kársnesskóli íþróttahús:**
- Baðvarsla stúlkna

**Lindaskóli:**
- Dægradvöl
- Starf við gangavörslu, ræstingu og að fylgja nemendum í sund

**Smáraskóli:**
- Námsráðgjafi tímabundið

**Snælandsskóli:**
- Matráður 100%

**Nánari upplýsingar á:**
**www.kopavogur.is**
**og www.job.is**





# Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

**Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins óskar að ráða tvo sérfræðinga.**

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
www.nsa.is

*Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.*

*Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur að leiðarljósi að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem vænta má mikils virðisauka og arðsemi af starfseminni og góðrar ávöxtunar fyrir Nýsköpunarsjóð. Hagnaði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður varið til uppbyggingar sjóðsins, frekari fjárfestinga í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og rannsókna á starfsumhverfi þeirra.*

*Sjá nánar á vefsíðu:* **www.nsa.is**

## Sérfræðingur fjármála (nr. 5109)

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með bókhaldi, uppgjör og skýrslugerð
- Innheimta lána
- Gerð rekstrar- og greiðsluáætlana
- Umsýsla fjármála sjóðsins
- Eftirlit með nýsköpunarfjárfestingum

**Menntun og hæfniskröfur**
- Viðskiptamenntun
- Reynsla af fjármálaumsýslu nauðsynleg

## Sérfræðingur fjárfestinga (nr. 5110)

**Starfssvið**
- Greining fyrirtækjamarkaðar
- Leitun að fjárfestingakostum
- Mat á fjárfestingakostum
- Eftirfylgni fjárfestinga m.a. með stjórnarsetu
- Sala fjárfestinga

**Menntun og hæfniskröfur**
- Viðskipta- eða verkfræðimenntun nauðsynleg
- Reynsla af rekstri fyrirtækja
- Þekking á rekstrarumhverfi fyrirtækja

**Í boði eru** krefjandi störf á áhugaverðum vinnustað. Störfin gera kröfu um frumkvæði, sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 25. janúar nk.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Kristín Guðmundsdóttir.
Netföng: thorir@hagvangur.is, kristin@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

# Almannatengsl / Aðstoðar-framkvæmdastjóri

**Landssamband íslenskra útvegsmanna óskar eftir að ráða aðstoðarframkvæmdastjóra til starfa.**

**Helstu verkefni:**
- Almannatengsl, kynning og fræðsla á málefnum sjávarútvegsins
- Greining á starfsumhverfi
- Innri og ytri upplýsingagjöf
- Stefnumótun samtakanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun
- Reynsla af störfum við almannatengsl æskileg
- Hæfni til að greina tölulegar upplýsingar
- Gott vald á rituðu og mæltu máli
- Góð tungumálakunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Tilgangur Landssambands íslenskra útvegsmanna er:**
- Að vera heildarsamtök útvegsmanna og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum
- Að stuðla að framförum í sjávarútvegi.
- Að stuðla að sjálbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og vinna að umhverfismálum
- Að taka þátt í alþjóðasamstarfi og gæta hagsmuna útvegsmanna við samningsgerð íslenska ríkisins við önnur ríki
- Að gæta hagsmuna útvegsmanna við gerð kjarasamninga

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27
105 Reykjavik
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

---

Styrktarfélag vangefinna

# Bjarkarás

óskar eftir þroskaþjálfum, félagsliðum og stuðningsfulltrúum til starfa. Um er að ræða 100% stöður en hlutastörf koma til greina. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Bjarkarás er staðsettur í Stjörnugróf 9 og vinnutími er frá 8.30 til 16.30 virka daga. Um er að ræða störf á deild sem ætluð er einhverfum einstaklingum sem þurfa sértæka þjónustu. Starfsmönnum er boðin sérhæfð fræðsla og kennsla varðandi vinnubrögð. Skipulagður er tími til undirbúnings og ágæt starfsaðstaða er til staðar.

Karlmenn eru sérstaklega hvattir til að sækja um til að gæta jafnvægs milli kynja í starfsmannahópnum og þar sem meirihluti þjónustuþega eru karlmenn.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Garðarsdóttir og Valgerður Unnarsdóttir í síma 568-5330.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum
Upplýsingar um Styrktarfelagið má nálgast á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

---

# Þekking hf. Störf í boði

ÞEKKING

**Vegna mjög aukinna umsvifa óskar Þekking eftir að ráða til sín fleiri starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.**

## Markaðsstjóri

**Starfssvið:**
- Markaðsmál og stefnumótun í markaðs- og kynningarmálum
- Verkefnastjórnun og viðhald traustrar ímyndar fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilegu
- Reynsla af markaðsstörfum
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði í starfi
- Sjálfstæði í starfi og góðir samskiptahæfileikar

## Verslunarkerfasérfræðingar

**Starfssvið:**
- Uppsetning og viðhald á vélbúnaði og verslunar- og stýrikerfum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Þekking og haldgóð reynsla af staðarnetshugbúnaði og stýrikerfum frá Microsoft æskileg og reynsla úr sambærilegu starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir skipulags- og verkgreiningarhæfileikar nauðsynlegir

## Tæknimaður / Microsoft sérfræðingur

**Starfssvið:**
- Rekstrarþjónusta tölvukerfa
- Uppsetning og viðhald Microsoft stýrikerfa á miðlurum og vinnustöðvum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- MCSA eða MCSE gráða æskileg
- Háskólamenntun í tölvunarfræði kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi

## Forritarar í Navision XAL og fleiri kerfum

(Staðsetning getur verið á hvorri starfsstöð sem er, Akureyri eða Kópavogi)

**Starfssvið:**
- Forritun og þróun kerfa í Navision XAL og fleiri kerfum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði nauðsynleg
- Reynsla og skilningur á notkun viðskiptakerfa er mikill kostur

## Víðnetssérfræðingur

**Starfssvið:**
- Uppsetning, stjórnun og þróun víðneta í hýsingarumhverfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða kerfisfræði æskileg
- Haldgóð reynsla og þekking á viðnetsbúnaði s.s. af beinum frá Cisco nauðsynleg
- Reynsla af sambærilegu starfi nauðsynleg

**Þekking hf. er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið sérhæfir sig á sviði hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa. Það er metnaðarmál fyrirtækisins að vera í fremstu röð á því sviði og eru viðskiptavinir fyrirtækisins mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins. Hjá Þekkingu hf. starfa nú um 50 manns og starfsstöðvar eru á tveimur stöðum á landinu, í Kópavogi og á Akureyri. Öflug símenntunarhvatning ásamt fjölskylduvænu starfsumhverfi er hluti af starfsmannastefnu Þekkingar hf.**

**Nánari upplýsingar um Þekkingu hf. er að finna á www.thekking.is**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með störfunum hafa Jónína Guðmundsdóttir (nina@img.is) og Guðríður Dröfn Hálfdánardóttir (gudridur@img.is) hjá Mannafli-Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls-Liðsauka.**

Borgartúni 27 105 Reykjavik Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is

# Forstöðumaður tækni- og umhverfissviðs

**Garðabær auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns tækni- og umhverfissviðs.**

**Forstöðumaður tækni- og umhverfissviðs hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið s.s. skipulags- og byggingarmálum, nýframkvæmdum, gatna- og umferðarmálum, rekstri samveitna, rekstri fasteigna bæjarins, þjónustumiðstöð, sorphirðu og umhverfismálum.**

**Leitað er að öflugum einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn á þróun þeirra málaflokka sem heyra undir tækni- og umhverfissvið og hæfileika til þess að vera einn af leiðandi aðilum í metnaðarfullri uppbyggingu Garðabæjar.**

**Menntun og reynsla:**
- Háskólapróf í verkfræði eða sambærileg menntun
- Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sama sviði eða í stjórnun
- Starfsreynsla s.s. á sviði skipulagsmála, hönnunar og framkvæmda er nauðsynleg

**Hæfniskröfur:**
- Forystuhæfileikar og framtakssemi
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Þjónustu- og samskiptahæfni
- Hæfni til þess að setja fram mál í ræðu og riti

Í Garðabæ er hafin mikil uppbygging og gert er ráð fyrir að íbúum fjölgi úr 9.400 í 16.000 á næstu 10 árum. Garðabær er á miðju höfuðborgarsvæðinu og á mikið af verðmætu byggingarlandi en einnig náttúruminjar og útivistarsvæði sem lögð er áhersla á að vernda. Í Garðabæ starfar samhentur hópur stjórnenda að því að tryggja íbúum góða þjónustu og reka gott samfélag með lífsgæði að leiðarljósi. Lögð er áhersla á framsækni, metnað og samráð við íbúa um þjónustu og þróun samfélagsins.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hefur Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Nánari upplýsingar veitir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri á bæjarskrifstofum Garðabæjar í síma 525-8500. Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is

# Sparisjóðabanki Íslands

**Vegna vaxtar bankans og breytinga á skipulagi óskar Sparisjóðabanki Íslands hf. eftir að ráða metnaðarfulla og framsýna stjórnendur og sérfræðinga til starfa. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin.**

## Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

**Starfssvið:**
Stjórnun daglegrar starfsemi rekstrarsviðs
**Undir rekstrarsvið falla:**
- Starfsmannamál
- Reikningshald og áætlanagerð
- Hagtölu- og skýrslugerð
- Lögfræðiþjónusta
- Upplýsingatækni
- Öryggis- og gæðamál
- Húsnæðismál

Seta í framkvæmdastjórn bankans og þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð fyrir bankann í heild

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðskiptafræðimenntun skilyrði, á sviði endurskoðunar- eða fjármála mikill kostur
- Reynsla af verkefnum á sviði starfsmannamála, reikningshalds og fjármála
- Reynsla af stjórnun og rekstri sem og gerð verkferla og gæðakerfa
- Mjög góð þekking á hagnýtingu upplýsingatækni
- Sjálfstæði í starfi og skipulagshæfni
- Metnaður og frumkvæði, leiðtoga- og samskiptahæfileikar

## Framkvæmdastjóri fjárstýringar

**Starfssvið:**
Stjórnun daglegrar starfsemi fjárstýringar
**Undir sviðið falla:**
- Öll fjármögnun bankans innanlands og utan og ávöxtun lauss fjár
- Fjárstýringarþjónusta við sparisjóði og aðra viðskiptamenn
- Viðskipti með gjaldeyri, hvers kyns verðbréf og afleiðusamninga
- Stöðutaka bankans á hvers kyns mörkuðum

Seta í framkvæmdastjórn bankans og þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð fyrir bankann í heild

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða rekstrarfræða
- Reynsla af starfi í fjármálafyrirtæki og/ eða af sambærilegum verkefnum
- Mjög góð þekking á hagnýtingu upplýsingatækni
- Sjálfstæði í starfi og skipulagshæfni
- Metnaður og frumkvæði, leiðtogahæfileikar og samskiptahæfleikar

## Sérfræðingur innan fjárstýringar

**Starfssvið:**
Fjárstýring bankans
**Undir fjárstýringu falla:**
- Öll fjármögnun bankans innanlands og utan og ávöxtun lauss fjár
- Fjárstýringarþjónusta við sparisjóði og aðra viðskiptamenn
- Viðskipti með gjaldeyri, hvers kyns verðbréf og afleiðusamninga
- Stöðutaka bankans á hvers kyns mörkuðum
- Auk þess tekur sérfræðingurinn þátt í kynningum og ráðgjöf til viðskiptavina

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða rekstrarfræða
- Reynsla af starfi á sviði fjárstýringar og/eða frá öðru starfi í fjármálafyrirtæki
- Mjög góð þekking á upplýsingatækni á þessu sviði
- Hæfileiki til þess að tileinka sér nýja hluti og til þess að vinna undir álagi
- Metnaður og drift í starfi sem og mikil samstarfshæfni

## Sérfræðingur í öryggis- og gæðamálum

**Starfssvið:**
- Heyrir undir framkvæmdastjóra rekstrarsviðs
- Tekur þátt í að móta stefnu bankans í öryggis- og gæðamálum
- Annast gerð öryggishandbókar og gæðahandbókar
- Stuðlar að aukinni vitund starfsfólks um öryggis- og gæðamál
- Annast eftirlit og eftirfylgni á sviði öryggis- og gæðamála

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk- eða tölvunarfræði
- Reynsla af starfi á sviði uppbyggingar öryggis- og gæðamála
- Mjög góð þekking á upplýsingatækni á þessu sviði
- Hæfileiki til þess að tileinka sér nýja hluti og til þess að vinna undir álagi
- Metnaður og drift í starfi sem og mikil samstarfshæfni
- Geta til að móta starfssvið og verklag

Sparisjóðabanki Íslands hf. er viðskiptabanki í eigu allra sparisjóða í landinu og var hann stofnaður árið 1986. Auk þjónustu og viðskipta við sparisjóði á bankinn margvísleg viðskipti við fjármálafyrirtæki og aðra viðskiptamenn hér á landi og erlendis, þó ekki almenning. Bankinn leggur áherslu á gott starfsumhverfi og staðlaðar mælingar sýna mikla ánægju starfsfólks.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfsumsóknum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is



Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍA.IS - LBI 31037 01/2006

## Einkabankaþjónusta Landsbankans - Fjármálaráðgjafi

Starf fjármálaráðgjafa á einkabankasviði Landsbankans er laust til umsóknar. Starfsemi sviðsins felst í alhliða, alþjóðlegri fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum efnameiri einstaklinga. Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu viðskiptavina einkabankaþjónustu sem og þátttöku í þróun á vörum sviðsins.

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, framhaldsmenntun æskileg
- Rík þjónustulund og samskiptafærni
- Starfsreynsla að lágmarki 5 ár
- Góð enskukunnátta, rituð og töluð, er skilyrði

Nánari upplýsingar veita Ingólfur Guðmundsson framkvæmdastjóri einkabankasviðs í síma 410 7146 og Bergþóra Sigurðardóttir forstöðumaður á starfsmannasviði í síma 410 7907.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar nk. Vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá til bergsig@landsbanki.is

**Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

---

LAUGAR

# Við erum að leita að nuddurum

... sem eru jákvæðir, sýna frumkvæði, taka ábyrgð á starfi sínu og leita bestu lausna fyrir viðskiptavini !

**LAUGAR SPA**
snyrti- og nuddstofa

Leitar eftir kvenkyns nuddurum, bæði í fullt starf og hlutastarf. Einungis menntaðir nuddarar koma til greina. Meðmæli óskast.

Umsjón með ráðningu Hafdís Jónsdóttir **disa@worldclass.is**

Umsóknir þurfa að berast skriflega til viðkomandi ráðningaraðila, einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar **www.worldclass.is**

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki. Fjöldi gesta í Laugum er um 2000 daglega svo um líflegan vinnustað er að ræða.

---

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



MENNTASVIÐ

## Kerfisfræðingur

**Laus er staða kerfisfræðings á upplýsingatækniþjónustu Menntasviðs Reykjavíkurborgar.**

Menntasvið þjónustar leik- og grunnskóla Reykjavíkurborgar. Um er að ræða 115 starfsstaði með um 20.000 notendum.

**Starfið felur m.a annars í sér:**

- Þjónustu og rekstur tölvubúnaðar í leik- og grunnskólum
- Almenna notendaþjónustu í upplýsingatæknimálum.

**Hæfniskröfur:**

- Kerfisfræðingi eða sambærileg menntun
- Reynsla af almennum rekstri útstöðva
- Microsoft vottun
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 6. febrúar nk. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist til Menntasvið Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.
Upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri *ingunn.gisladottir@reykjavik.is* og Sigþór Örn Guðmundsson, forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu. *sigthor.orn.gudmundsson@reykjavik.is* í síma 411-7000.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.
Nánari upplýsingar um laus störf á Menntasviði er að finna á netinu undir www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

---

# Embætti fangavarða laus til umsóknar

**Fangelsismálastofnun ríkisins auglýsir laus til umsóknar embætti fangavarða við Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er auglýst eftir sumarafleysingamönnum við Fangelsið Litla-Hrauni og Fangelsið Kvíabryggju. Meginhlutverk Fangelsismálastofnunar er að sjá um fullnustu refsinga. Markmið Fangelsismálastofnunar varðandi tilgang með rekstri fangelsanna eru þessi helst:**

- Að afplánunin fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt.
- Að draga úr líkum á endurkomu fanga í fangelsi vegna nýrra afbrota.
- Að föngum sé tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti séu höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi séu aðstæður og umhverfi sem hvetja fanga til að takast á við vandamál sín

**Leitað er eftir starfsmönnum sem:**

- Hafa gott viðmót og samskiptahæfileika
- Hafa áhuga á að vinna með mjög breytileg um einstaklingum
- Eru þolinmóðir, agaðir og eiga auðvelt með að fylgja vinnureglum
- Geta brugðist skjótt við breytilegum aðstæðum
- Færni í íslensku áskilin, grunntölvukunnátta æskileg
- Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um. Æskilegt er að störf við Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu hefjist eigi síðar en 1. mars.

Upplýsingar um embættin við Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu veitir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður, í síma 562-1952, Fangelsið Kvíabryggju Vilhjálmur Pétursson, forstöðumaður, í síma 438-6769, við Fangelsið Litla-Hrauni deildarstjóri, í síma 480-9000.

Umsóknir skulu berast Fangelsismálastofnun ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, fyrir 5. febrúar nk. Umsóknareyðublöð má finna á vefsíðu stofnunarinnar http://fangelsi.is/. Stofnunin áskilur sér rétt til þess að óska eftir sakavottorði.

Með auglýsingu þessari er framlengdur áður auglýstur umsóknarfrestur um stöður fangavarða sem birtist í Lögbirtingarblaði þann 12. janúar sl., svo og á Starfatorgi.

---

# Álftanesskóli

**www.alftanesskoli.is**

## Grunnskólakennara

Óskum að ráð grunnskólakennara frá 1. mars til 7. júní 2006 í 80-100% starf. Kennslugreinar eru m.a. íslenska og danska í 8.-9 bekk.

Upplýsingar um starfið gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 540-4700 og netfang: **sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is** og **erna.palsdottir@alftanesskoli.is**

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi. Laun eru skv kjarasamningi LN og KÍ.

**Skólastjóri.**

# Starfsmenn á plast- og renniverkstæði

**Marel hf.**
Austurhrauni 9
210 Garðabæ
Sími 563 8000
www.marel.is



**Marel leitar að starfsmönnum á plast– og renniverkstæði. Í boði eru tvær góðar stöður fyrir laghenta einstaklinga. Áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð, sjálfstæði og hæfni til samvinnu.**

## Starf á plastverkstæði:

Felst í sögun og fræsingu á plasti. Vinnutími er frá 7:30 – 17:00, mán. – fim. og 7:30 – 13:00 föstudaga, auk tilfallandi yfirvinnu.

### Hæfniskröfur:

- Mikil færni og reynsla af tækjum sem notuð eru á trésmíðaverkstæðum.
- Fagmenntun er ekki skilyrði.

## Starf á renniverkstæði:

Felst í forritun og keyrslu á CNC tækjum. Unnið er á vöktum.

### Hæfniskröfur:

- Fagmenntun sem rennismiður er æskileg.
- Reynsla af CNC tækjum er kostur.

### Í boði er:

- Mjög góð starfsaðstaða.
- Unnið í sellum eða sjálfstæðum vinnuhópum.
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi þar sem lögð er rík áhersla á frumkvæði.

**Vinsamlegast fyllið út umsókn á www.marel.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar 2006. Nánari upplýsingar veitir Guðbjartur Þórarinsson umsjónarmaður í framleiðslustýringu í síma 563 8029.**

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki sem er í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

Marel

# Vopnafjarðarskóli auglýsir Forfallakennara vantar

**Vegna barnsburðarleyfis vantar kennara frá og með 19. apríl. Um er að ræða enskukennslu í 8.-10. bekk og kennslu og umsjón í 4. bekk. Þá eru lausar kennarastöður næsta skólaár í ensku o.fl. greinum.**

*Flutningsstyrkur og húsnæðisfríðindi eru í boði.*
Frekari upplýsingar veita: Aðalbjörn, skólastjóri, sími 470-3251 og 861-4256. Þórunn, aðstoðarskólastjóri, sími 470-3252 og 846-7142. Netföng: adalbjorn@vopnaskoli.is og thorunn@vopnaskoli.is



# Sérfræðingur í hagdeild

Himinn og haf / SÍA

## SPRON óskar að ráða sérfræðing í hagdeild

### Starfssvið

- Ábyrgð á vinnslu hagtalna og skýrslugerð
- Áætlanagerð fyrir samstæðuna
- Þjónusta við afkomusvið SPRON varðandi fjárhagsleg viðfangsefni
- Ábyrgð á faglegri uppbyggingu verkferla/vinnubragða í tengslum við störf hagdeildarinnar
- Vinnsla samanburðartalna og greiningar á ytra og innra umhverfi SPRON

Hagdeild heyrir undir fjárhagssvið SPRON.

### Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta/hagfræði eða sambærileg menntun
- Góð þekking á upplýsingakerfum (Business Objects) og töflureiknum (Excel)
- Starfsreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Ósvaldur Knudsen, framkvæmdastjóri fjárhagssviðs, og starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.**

**Umsóknir óskast sendar á starfsmannaþjónustu SPRON á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is fyrir 31. janúar nk.**

**Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum, bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum, er áhersla lögð á traust, frumkvæði og árangur.

spron
www.spron.is

# Ráðgjafi

## Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands auglýsir eftir starfsmanni til að gegna stöðu ráðgjafa á sviði atvinnu- og byggðamála á Suðurlandi, með aðsetur í Vestmannaeyjum.

ATVINNUÞRÓUNARSJÓÐUR SUÐURLANDS

*Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands var stofnaður 1980 og er í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi. Hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni sem leiða til eflingar atvinnulífs á Suðurlandi. Til að rækta hlutverk sitt veitir sjóðurinn ráðgjöf og fjárhagslega styrki til áhugaverðra verkefna. Jafnframt hefur sjóðurinn frumkvæði að því að skilgreina og leita að nýjum atvinnutækifærum. Sjóðurinn leggur áherslu á hraða, gæði og vönduð vinnubrögð við úrlausn verkefna og að veita viðskiptavinum sjóðsins og samfélaginu fyrirmyndar þjónustu. Sjóðurinn rækir hlutverk sitt í samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, opinbera aðila og erlenda aðila á sviði atvinnumála.*

*Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins,* www.sudur.is

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Rekstrar- eða viðskiptamenntun á háskólastigi og/eða starfsreynsla
- Frumkvæði, hugmyndaauðgi og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Geta til að vera virkur þátttakandi í hópastarfi

**Helstu verkefni eru:**

- Þátttaka í þróunarverkefnum með innlendum og erlendum aðilum
- Aðstoð við gerð viðskiptaáætlana og eftirfylgni verkefna
- Samstarf við fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög á starfssvæðinu
- Fræðsla til aðila á svæðinu um stofnun og rekstur fyrirtækja

**Í boði er:**

- Samkeppnishæf laun
- Gott og hvetjandi starfsumhverfi

Skilyrði er að starfsmaðurinn hafi búsetu í Vestmannaeyjum. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 6 febrúar nk. Númer starfs er **5140**. Upplýsingar veitir Ari Eyberg hjá Hagvangi. Netfang, ari@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

## Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

### MENNTASVIÐ – LEIKSKÓLAR

### Atferlisþjálfi í leikskóla

**Laus er staða atferlisþjálfa í leikskólann Furuborg, v/Áland.**

Um er að ræða krefjandi og spennandi starf sem felur í sér að annast þjálfun nemanda með einhverfu. Starfsmaður fær markvissa leiðsögn við að beita aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar. Unnið er í nánu samstarfi við foreldra barnsins, atferlisráðgjafa og annað starfsfólk á leikskólanum.

**Hæfniskröfur:**
- Þroskaþjálfi, leikskólasérkennari eða háskólamenntun á sviði uppeldis- eða sálfræði
- Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, áreiðanleiki og nákvæmni í starfi.

Um er að ræða 90% starf. Umsóknarfrestur er framlengdur til 2. febrúar n.k.
Nánari upplýsingar veitir Sigþrúður Sigurþórsdóttir leikskólastjóri í síma 553-1835.
Umsóknir sendist í leikskólann Furuborg, v/Áland. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411-7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsinga um laus störf er að finna á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

# SPK óskar eftir ráðgjöfum í söluver

Vegna aukinna umsvifa leitar SPK að kraftmiklu og framtakssömu fólki með söluhæfileika. Við leitum að jákvæðum einstaklingum eldri en 22 ára til að vinna frá kl. 17-21 þrjá til fimm daga vikunnar. Starfið felur í sér almenna fjármálaráðgjöf og öflun nýrra viðskiptavina.

### Helstu verkefni:
- Öflun nýrra viðskiptavina.
- Sala og ráðgjöf á þjónustuleiðum SPK.
- Eftirfylgni markaðsaðgerða.

### Hæfniskröfur:
- Reynsla af sölu nauðsynleg.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvu- og íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2006.

Frekari upplýsingar veitir Helga Björk Sigbjarnardóttir, forstöðumaður þjónustu- og markaðssviðs í síma 515-1934.

Umsóknir sendist í tölvupósti til helgabjork@spk.is eða í pósti til starfsmannasviðs SPK, Hlíðasmára 19, 201 Kópavogi.

**SPK er framsækið fjármálafyrirtæki sem hefur á að skipa samhentum hópi metnaðarfulls starfsfólks í skemmtilegu vinnuumhverfi. Stefna SPK er að vera leiðandi fjármálafyrirtæki sem veitir einstaklingum og fyrirtækjum persónulega og góða þjónustu.**

spk

## Til hugsandi fólks! Nú eru síðustu sex stöðugildin laus til umsóknar

**Ertu heillshraustur? Og viltu verða gamall og vitur? Komdu þá til starfa hjá okkur. Starfið er krefjandi! Búið er að ráða einvala starfsfólk og er mikil jákvæðni og áhugi í starfsmannahópnum. Grunntónninn í starfsmannastefnu leikskólans er hlýja og faglegur stuðningur. Ábyrgð leikskólans hvað varðar heilbrigði er mikil og er lögð áhersla á grænmeti og ávexti.**

*Leikskólinn er nýr sex deilda einkarekinn skóli og tók til stafa 1. nóvember s.l. Búið er að ráð 80% af starfsfólki, þar af eru 5 karlar. Hann er staðsettur við Álfkonuhvarf í Vatnsendahverfum í Kópavogi og er rekinn af ÓB ráðgjöf.*

Lausar eru til umsóknar staða umsjónarmanns með stuðningsbarni og stöður leikskólakennara. Æskilegt er að umsjónarmaðurinn sé leikskólakennari, þroskaþjálfi eða hafi aðra sambærilega menntun. Einnig óskum við eftir leikskólakennurum eða fólki með sambærilega menntun eða reynslu. Í öllu starfi leikskólans er haft að leiðarljósi að sinna þörfum og tilfinningum barnanna, með áherslu á að rækta með þeim hæfileikann að tjá sig tilfinningalega með aldur og þroskastig barnanna að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar um ÓB ráðgjöf á **www.obradgjof.is**.
Þeir sem hafa áhuga á að sækja um starf vinsamlegast hafið samband við Sólveigu Einarsdóttir leikskólastjóra í síma 570 4900 eða með því að senda tölvupóst í **leikskolinn@obradgjof.is**

HEXA

## Fjármálastjóri – aðalbókari

Hexa ehf. leitar eftir traustum starfsmanni í starf fjármálastjóra.

### Hæfniskröfur
- Góð starfsreynsla af bókhaldsvinnu og fjármálaumsýslu
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð
- Háskólamenntun er æskileg en ekki skilyrði
- Góð kunnátta á excel

### Undir starfið heyrir
- Skrifstofuhald fyrirtækisins
- Yfirumsjón með bókhaldi og frágangur þess fyrir mánaðar- og ársuppgjör
- Uppgjör og afstemmingar
- Áætlanagerð og samanburður
- Launavinnsla
- Kostnaðareftirlit og greining

Um er að ræða fjölbreytt og líflegt starf sem krefst skipulagðra vinnubragða og frumkvæðis.

Hexa selur vinnufatnað breiðs hóps viðskiptavina. Fyrirtækið er með sterk vöruumboð á markaðnum og er auk þess með eigin framleiðslu erlendis.

Umsóknir sendist á netfangið hexa@hexa.is merkt "starfsumsókn" fyrir 30. janúar

HEXA
Smiðjuvegur 10 • 200 Kópavogur • Sími 414 8400 • www.hexa.is

LANDFORM ehf

óskar eftir að ráða landslagsarkitekt eða aðila með skipulagsmennun. Viðkomandi verður að hafa staðgóða þekkingu á Autocad. Umsóknarfrestur er til 7. febrúar 2006. Sjá nánari umfjöllun á heimasíðu.
www.landform.is

Reykjavik Excursions

Kynnisferðir ehf. auglýsa eftir starfsmanni til að annast gerð reikninga og annað er tengist bókhaldi. Um er að ræða fullt starf, þar sem unnið er virka daga frá kl. 08:30-16:30, eða eftir samkomulagi.

Hæfniskröfur:
- að hafa áður unnið við bókhald og reikningagerð, háskólapróf er kostur
- góð þekking á helstu tölvuforritum sem stuðst er við í bókhaldi
- vönduð, skipulögð og áreiðanleg vinnubrögð
- fáguð framkoma og aðlögunarhæfileikar
- góð kunnátta í íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til 27. janúar 2006. Umsóknir sendist til starfsmannastjóra Kynnisferða ehf., Vesturvör 6, 200 Kópavogi eða á netfangið: sigridur@re.is. Öllum umsóknum svarað eftir að umsóknarfrestur rennur út.

## Deildarstjóri ung- og smábarnaverndar

**Staða deildarstjóra ung- og smábarnaverndar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ er laus til umsóknar. Starfið felst í faglegri stjórnun einingarinnar, mannahaldi og áætlanagerð. Við leitum að kraftmiklum, sjálfstæðum hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður með hjúkrunarmenntun sem hefur frumkvæði, áræði og starfsgleði. Fimm ára starfsreynsla í hjúkrun og/eða sem ljósmóðir er áskilin og stjórnunarreynsla er æskileg.**

Um er að ræða 80-100% starf í dagvinnu (8-16). Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf í febrúar 2006 eða skv. samkomulagi. Umsóknarfrestur er til 6. febrúar 2006.

Falleg 62,7 fm íbúð m/geymslu í sexbýli á þessum góða stað. Hol, eldhús m/borðkrók, stofa, sv.herb., baðh., geymsla, sam. þv.hús. Þetta er eign sem vert er að skoða. v. 14,3 millj.

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

*... í öruggum höndum* Gunnar Sv. Friðriksson hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali

**FASTEIGNASTOFAN**
Reykjavíkurvegi 60 • Fax 565 5572
www.fasteignastofan.is • Allar eignir á mbl.is
**565 5522**
Opið: mán-fim 9-18 og fös 9-17

Atvinnuhúsnæði

## Skrifstofuhúsnæði til leigu



Erum með til leigu mjög gott 100 fm. skrifstofuhúsnæði á jarðhæð á góðum stað við Reykjavíkurveginn, Hf. Góðar innréttingar og gólfefni, allir tölvutenglar til staðar. **Mjög hagstæð leiga.**

Allar nánari upplýsingar eru veittar á Fasteignastofunni, s:565 5522

**ÁS FASTEIGNASALA**
Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is
**Opið virka daga kl. 9–18**

*Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu*

## HEIÐVANGUR - LAUST STRAX

Frum


Gott 225 fm EINBÝLI á einni hæð, BÍLSKÚR m/gryfju í kjallara. Frábær staðsetning innst í botnlangagötu í NORÐURBÆNUM. 4 svefnherbergi. **LAUS STRAX. Verð 45 millj.**

***Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali***

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteigna- og skipasali
Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali
**sími**
**565 8000**
**533 6050**

## ÁLFHOLT 20, HAFNARFIRÐI

### Opið hús í dag milli kl. 14 og 16




Í dag býðst þér og þinni fjölskyldu að skoða þetta fallega og fjölskylduvæna 209 fm raðhús. Hér er hátt til lofts og vítt til veggja. Innbyggður bílskúr. 4 svefnherbergi. Fallegt útsýni. Húsið getur losnað fljótlega. **Verð 37,5 millj.**

Siggi tekur vel á móti ykkur.

## ÞRASTARÁS 18 3. HÆÐ, HAFNARFIRÐI

### Opið hús í dag milli kl. 13 og 18




Í dag býðst þér og þinni fjölskyldu að skoða þessa fallegu 112 fm 4 ra herbergja endaíbúð. Einstakt útsýni. Sér inngangur er af svölum. Sér þvottahús. Suður svalir. Laus strax.

www.hofdi.is

## Dýrahald



Turner and Hootch hvolpar. Douge de bordeux hvolpar til sölu, afhendast 1. febrúar ganga einnig undir nafninu franskur mastiff. Uppl. í síma 691 5000.


1 Miniature Pinscher strákur til sölu. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. í síma 867 1398 eða dobermann@visir.is


Am.Cocker Spaníel tík til sölu ættb. HRFÍ. Uppl. 869 4020 eða galdur.dyraland.is

Hreinræktaðir fallegir og mjög góðir Sómalí kettlingar til sölu. Uppl. í s. 698 2550 & 659 0887.

Til sölu 3ja mánaða ofsalega falleg Chihuahua tík. Uppl. í s. 897 2570.

Til sölu, Íslenskur hundur 8 mán gamall og honum fylgir ættarbók frá HRFI og búr í bíl. Uppl. S 8656598

Doberman hvolpur til sölu, 6 mán. Búið að örmerkja og fá 2 sprautur. V/breyttra heimilisaðstæðna verð ég að láta hann frá mér. Uppl. í s. 865 9366 & 431 3006.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Vetrarvörur

Til sölu ýmis bretta-og skíðabúnaður f/börn og unglinga. Á sama stað snjókeðjur á 35" dekk. Uppl. í síma 896 9711.

## Fyrir veiðimenn




## Hestamennska

Mjög gott hey í rúllum til sölu á Álftanesi. Upplýsingar í síma 896 5016.

Nokkur hesthúspláss til leigu í Mosó, frábær aðstaða, sett út á hverjum degi. Uppl. í s. 5667073 & 822 7011.

Bráðvantar hesthúsapláss fyrir 2 hesta helst í Víðidal eða á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 868 2698.

**Hesthúsabásar**
Til leigu hesthúsapláss í hafnafirði í vetur. s. 555 4968 og 848 3523

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplífðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í janúar. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

## Snyrting




**Viltu ódýra snyrtiþjónustu?**
Nema neglur 3.990, litun plokkun og permó 2.990, fótsnyrting 2.990. Didrix Spa s. 561 8677.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Fallegt einstaklingsherbergi búið húsgögnum í reisulegu einbýli í grónu hverfi. Aðgangur að fullbúnu eldhúsi, baðherbergi/þvottaaðstöðu. Sjá heimasíðu, www.mmedia.is/tilleigu S. 892 9888.

Húsnæði við Laugaveg sem getur nýst sem íbúð, verslun, gallerí, skifstofa, nuddstofa, undir léttan iðnað. Einnig er í 2ja herb. íbúð til leigu í næsta húsi. Uppl. í s. 820 7282.

3ja herb. íbúð til leigu á góðum stað í Kópavogi. Uppl. í s. 866 1710.

Glæsileg 139 fm skrifstofuhæð á annarri hæð til leigu við Fiskislóð 101 RVK. Getur leigst í heilu lagi eða einstaka skrifstofa. Nánari uppl. í s. 897 3290.

## Húsnæði óskast

Par óskar eftir 2-3 herb. íbúð til leigu á svæði 101. Erum mjög reglusöm, með fastar tekjur. Meðmæli geta fylgt. Uppl. í síma 662 0683 eða sverrirkr@internet.is

Konu í góðri stöðu vantar fallega 3-4 herb. íbúð til langtímaleigu frá 20. apríl. S. 895 6119.

**Bráðvantar íbúð!**
Þrítug kona óskar eftir íbúð á rólegum stað á Höfuðborgarsv. Á 2 kisur. Skilvís og reglusöm. Uppl. í s. 697 8663.

Par með 1 barn óskar eftir íbúð í Hfj. sem fyrst. Góð greiðslugeta og meðmæli. S. 659 4624.

**Íbúð óskast á Kjalarnesi!**
Óska eftir íbúð á Kjalarnesi til leigu eða kaups. Uppl. í s. 891 9512.

## Fasteignir



Fjárfestið í framtíð frábærar nýjar eignir frá 1 milljón og uppúr. Sími 820 1958.

## Sumarbústaðir


Heilsárshús, gestahús til sölu. Upplýsingar í s. 692 1360.

## Atvinnuhúsnæði

**Óska eftir litlu atvinnuhúsnæði,**
50 til 100 fermetra til þrifarlegrar starfsemi tengdri kvikmyndagerð. Þarf að vera 3ja fasa straumur og góðar innkeyrsludyr. Í RVK eða kópavogi.
**Upplýsingar í síma 860 0822.**

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

20 fm. bílskúr í Asparfelli til leigu. Mjög góð aðkeyrsla. Uppl. í s. 893 1335.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LAUS STÖRF Í SAL OG Á GRILLI.**
Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf eða hlutastarf í sal eða á grilli. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 533 1048.**

**ClaMal leitar að kynningarfulltrúum!**
Ef þú ert jákvæð, hress og kraftmikil getur þú verið manneskjan sem við leitum að. Skemmtilegt starf og miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.
**Nánari upplýsingar gefur Sylvía í síma 565 3900 eða 660 7401. www.clamal.is**

**Leikskólakennari og leiðbeinandi.**
Glaðir og gefandi einstaklingar með trausta reynslu af ungum börnum óskast til starfa sem fyrst í 100% stöður. Annarsvegar leitum við einstaklingi helst eldri en 30 ára til starfa strax og hinsvegar í aðra stöðu þegar nær dregur vori. Regnboginn er 3 deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti. Áherslur eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggióstefnunnar. Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk.
**Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð í s. 557 7071, 899 2056 og regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri.**

**Bortækni**
Óskar eftir mönnum í steypusögun.
**Uppl. í s. 892 7544.**

**Vörumeðhöndlun og Merkingar**
Hýsing-Vöruhótel leitar að eljusömu og kraftmiklu starfsfólki í vörumeðhöndlun og merkingar. Hýsing er þjónustufyrirtæki fyrir sérvöru sem veitir örugga og fljóta þjónustu til viðskiptavina sinna. Vinnutími er frá 8-17. Með nýlegu bónuskerfi geta starfsmenn náð allt að 20% launahækkun á mánuði.
**Nánari upplýsingar veitir Júlíus Steinn Kristjánsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5697.**

**Loftorka Reykjavík.**
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Snyrtifræðingur óskast.**
Á ört vaxandi snyrtistofu í kópavogi. Hlutastarf/sveigjanlegur vinnutími.
**Upplýsingar í síma 821 9540.**

**Háseta vantar.**
Háseta vantar á 250 tonna beitningavélarbát.
**Upplýsingar í síma 846 3526 & 456 2553.**

**Bakari óskast!**
Jóa Fel vantar góðan bakara nú þegar.
**Uppl. fást hjá Jóa í síma 897 9493.**

**Aðstoðarmaður í sal.**
Jói Fel óskar eftir að ráða aðstoðarmann.
**Uppl. veitir Jói í síma 897 9493.**




**Dagvinna-Subway Faxafeni**
Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða 100% starf í vaktavinnu. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum.
**Nánari upplýsingar gefur Hulda 696 7004.**

**Súfistinn, kaffihús í Hafnarfirði , auglýsir laust starf til umsóknar.**
Um er að ræða fullt starf þar sem unnið er á þrískiptum vöktum virka daga vikunnar á kaffihúsi Súfistans á Strandgötu 9 í Hafnarfirði. Umsóknir berist sem fyrst og er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á kaffihúsi Súfistans eða á sufistinn.is
**Frekari upplýsingar um störfin gefur Rakel B. Guðmundsdóttir starfsmannastjóri í síma 699 3742 alla virka daga milli kl. 10-15.**

**Leikskólinn Laufásborg, Laufásvegi 53-55.**
Óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf, um er að ræða skilastöðu frá kl. 15.30-17.30 alla virka daga.
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 7219.**

**BÍLSTJÓRAR**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstörf í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Störfin standa báðum kynjum til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir Þorsteinn í síma 550 9937 tölvupóstfang thorsteinn@odr.is**

**Ræstingar**
Óskum eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar, vinnutími frá 08-17.
**Upplýsingar í síma 699 8403, Bónbræður ehf.**

Góð manneskja óskast til að gæta 3 barna eftir þörfum á daginn, föst laun. Áhugasamir hringið í s. 551 0528, e.kl 20.

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir að ráða aðstoðarfólk í framleiðslu. Vinnutími er frá kl. 05-13 daglega og einnig er unnið þriðju hverja helgi. Áhugasamir hafi samband við Sigurð í síma 561 1433 / 699 8076 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum Pizzabökurum til starfa, einnig vantar fólk í afgreiðslustörf og í símsvörun. Nánari upplýs. á staðnum Hraunbæ 121.

Háseta vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

Starfsmaður óskast. Starfsmaður vanur saltfiskverkun óskast. Upplýsingar veittar í síma 898 1723. Employee wanted who is familiar with baccaloa processing. (fish). For further information please call 898 1723.

Óska eftir hugmyndaríkum starfskrafti til umönnunar og heimilisstarfa, 4 daga vikunnar, bílpróf skilyrði. Góð laun í boði. Uppl. í s. 697 8806 milli kl. 16 & 19.

Verkamenn óskast í byggingavinnu í Grafarholti. Góður aðbúnaður. S. 892 3207.

Óska eftir smiðum eða mönnum vönum mótauppslætti. Mikil vinna framundan. Uppl. gefur Kjartan í síma: 664-0595.

**Langar þig að vinna sjálfstætt við hárgreiðslu?**
Erum með góða aðstöðu til leigu fyrir duglega og áhugasama einstaklinga. Það er mikið að gera hjá okkur og góður mórall. Uppl. í s. 561 8677.

## Atvinna óskast

29 ára kona með létta lund óskar eftir 50% starfi. T.D. skrifstofustarf eða sambærilegt. Fljót að læra og metnaðarfull. Katrín S. 555 1155 & 847 5332.

Óska eftir vinnu á kvöldin. Eva 848 0919.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða http://www.sigradu.com.

Hefur þú áhuga á 100 þús. + aukalegri innkomu á mánuði? Aukavinna.com

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Götumarkaður! verðhrun á útsöluvörum. Hagkaup

5 herb. íbúð í Engjahjalla. 120 þúsund, hússjóður innifalið. Uppl. í s. 899 2301

## Einkamál







SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## 5 PLÖTUR

### SIGURÐUR SAMÚELSSON BASSALEIKARI ÍRAFÁRS



SIGURÐUR SAMÚELSSON Bassaleikari Írafárs heldur mikið upp á fyrstu plötu Jamiroquai. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fönkgenið lengi ríkjandi

**STING - TEN SUMMONER'S TALES** „Var staddur á Mallorca sumarið 1993 þegar Sting var mættur þar að fylgja þessari plötu eftir. Hafði þá ekki verið sérstakur aðdáandi Sting en fór á tónleikana og féll alveg fyrir honum. Frábærar og fjölbreyttar laga- og textasmíðar ásamt frábærri hljómsveit gera þessa plötu að einni af mínum uppáhalds.“



**RAGE AGAINST THE MACHINE - RAGE AGAINST THE MACHINE** „Þegar ég hlustaði á lagið Bullet in the head í einhverju partíi hafði ég enga hugmynd um hvaða band þetta var, fannst það lag algjör snilld og varð að heyra meira. Eftir að hafa hlustað á diskinn einu sinni var ég sigraður. Þvílíkur kraftur í einu bandi og magnað sánd. Öll lögin góð. Rokkfönkið eins og það gerist best að mínu mati. Tónleikarnir í Kaplakrika voru rúsínan í pylsuendanum.“



**STEVIE WONDER - SONGS IN THE KEY OF LIFE** „Þessa plötu hlustaði ég fyrst á löngu áður en ég var orðinn 10 ára heima á Ísafirði. Þarna varð ég fyrir áhrifum frá pabba sem heldur mikið upp á Stevie Wonder. Átti aði mig strax á því, þótt ungur væri, hversu frábær tónlistarmaður hann er og hef haldið upp á hann alla tíð síðan.“



**JAGÚAR - HELLO SOMEBODY** „Jagúar spilar nákvæmlega þá tónlist sem ég fíla mest. Er mjög hrifinn af því sem þeir hafa gert, frábærir spilarar. Þessi plata inniheldur mörg frábær lög og ég er með þessa í stöðugri spilun í bílnum og búinn að vera með lengi.“



**JAMIROQUAI - EMERGENCY ON PLANET EARTH** „Fönkgenið er búið að vera ríkjandi í mér lengi. Þegar vinur minn leyfði mér að heyra titillagið á þessari plötu var ég viss um að þetta væri vinur minn Stevie Wonder. Nei aldeilis ekki, þetta var hvítur Breti! Trúði vart mínum eigin eyrum og augum. Algjör snilling þar á ferð. Þessi fer alltaf reglulega í spilarann.“



# Fígaró og fleiri karlar

Í dag verða væntanlega síðustu nýárstónleikarnir þetta árið þegar Tríó Reykjavíkur heldur sína árlegu Vínartónleika. Þau Gunnar, Guðný og Peter hafa að þessu sinni fengið Ólaf Kjartan Sigurðarson til þess að bregða á leik í upphafi Mozart-ársins.

„Það er komin löng og góð hefð fyrir þessum árlegu tónleikum Tríós Reykjavíkur, en þetta er í fyrsta skipti sem ég tek þátt í þessu með þeim. Og mér finnst það að sjálfsögðu mjög spennandi,“ segir Ólafur Kjartan barítónsöngvari, sem undanfarið hefur haldið sig mikið í Bretlandi þar sem hann syngur í óperum við ýmis helstu óperuhús landsins.

Tríó Reykjavíkur er skipað þeim Gunnari Kvaran sellóleikara, Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Peter Maté píanóleikara. Tríóið hefur árum saman haldið reglulega nokkra tónleika yfir vetrartímann í Hafnarborg, þar á meðal Vínartónleika jafnan í upphafi árs.

Fyrri hluti tónleikanna í kvöld verður algerlega helgaður Mozart, enda er nú að hefjast afmælisárið mikla þar sem tónlistarfólk um heim allan minnist þess að 250 ár eru liðin frá fæðingu þessa vinsæla tónskálds.

„Það er ekki hægt annað en að sinna honum vel. Mörg af mínum helstu hlutverkum á sviði hafa verið í óperum eftir Mozart. Það gefur því auga leið að ég mun flytja nokkrar aríur úr þeim óperum.“



ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON ÁSAMT TRÍÓI REYKJAVÍKUR Ólafur Kjartan stendur þarna á milli þeirra Guðnýjar og Gunnars. Baka til sést síðan í píanóleikarann Peter Maté. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á tónleikunum bregður Ólafur Kjartan sér í hlutverk karla á borð við Papageno, Fígaró og Don Giovanni, en eftir hlé verður skipt um gír og reidd fram góð blanda af rómantík, sígaunatónlist og hefðbundinni Vínartónlist, auk íslenskra áramótalaga.

„Það er erfitt að labba inn í nýja árið án þess að minnast á álfa og tröll. Þó að við séum alltaf að tala um hækkandi sól þá er það samt svo að máninn hátt á himni skín.“ ■





**Meðal forgangsmála minna ...**

■ **Öll börn og ungmenni á aldrinum 5-18 ára fá 40.000 kr. framlag til íþrótta- og tómstundastarfs**. Hagsmunir borgarinnar felast í öflugri lýðheilsu borgarbúa og þróttmiklu starfi íþróttafélaga og margvíslegra félagasamtaka.

■ **Greiðsla til foreldra 9-18 mánaða barna**. 50.000 kr. á mánuði.

■ Áhersla verði lögð á **samfelldan skóladag** þar sem **íþrótta- og tómstundaþáttur verði hluti af vinnudeginum** og þannig lokið við einsetningu grunnskólans. Öllum grunnskólabörnum í Reykjavík verði gefinn kostur á tónlistarnámi.

■ Kannaðir verði kostir þess að **taka upp sérstakan skólafatnað í grunnskólum Reykjavíkur**. Útfærsla og ákvörðun verði í höndum skólastjórnenda og samtaka foreldra og kennara.

■ **Biðlistum vegna hjúkrunarrýma fyrir aldraða verði eytt og heimaþjónusta efld.** Öldruðum verði gefinn kostur á að dvelja heima hjá sér sem lengst og gert verði átak í byggingu íbúða fyrir aldraða.

■ **Öruggari Reykjavík**. Efla löggæslu í miðborginni, sérstaklega um helgar. Hafa lögregluna sýnilegri og gera átak í baráttunni gegn eiturlyfjum, t.d. með eflingu hverfalöggæslu. Reykjavík á að vera örugg borg og við eigum ekki að þurfa að óttast um börnin okkar.

■ **Byggt verði yfir hluta af Fjölskyldugarðinum í Laugardal og hann stækkaður**. Gott svæði sem gera má enn betra. Kannaðir kostir þess að flytja starfsemi Árbæjarsafns að hluta eða í heild sinni í Hljómskálagarðinn.

■ **Ókeypis verði í Strætó fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja.** Endurskoða þarf starfsemi Strætisvagna Reykjavíkur, endurskilgreina reksturinn með tilliti til þarfa borgarbúa. Skoða þarf vagnakost og möguleika á smærri og hagkvæmari vögnum.

*Prófkjör Framsóknarflokksins í Reykjavík 28. janúar* ***er opið öllum*** *Reykvíkingum*

Björn Ingi í 1. sætið



Kosningaskrifstofa
Suðurlandsbraut 24
sími 599 3900

Opið virka daga
kl. 12:00-14:00 / 16:00-20:00,
um helgar kl. 13:00-18:00

www.bjorningi.is

# FISKELDISSTÖÐ TIL SÖLU !!

**MIKLILAX AÐ HRAUNI I. Í FLJÓTUM.**

**Fiskeldisstöðin Miklilax er staðsett á jörðinni Hraun I Fljótahreppi, skammt frá Siglufirði.**

**Húsakostur:** Vandað sláturhús úr límtré 485,3m² stálklætt. Rafstöðvarhús 153,7m², (steypt) djúpdæluhús 38,8m2 (steypt ) og skúrar.

**Fiskeldisker:** Steyptur. botn og hliðar úr glerjungsungshúðuðu stáli: 8 stk Ø 23,9 m og 3 stk Ø 12,9m.

**Véla og tækjabúnaður:** Rafstöð Cummins 820 hp, keyrð 900 klst, Rafall Leroy-Somer 516kw, 4stk Framo djúpdælur, 4-5 stk loftdælur, krapavél Type B105, o.m.fl.

**Lausmunir:** Talsvert magn af plaströrum Ø600mm og 170mm, og ýmsu öðru efni og búnaði.

Upplýsingar verða gefnar í síma **444 - 8706** og einnig má senda fyrirspurnir á **henry@kbbanki.is og fax 444-8709.**

**Óskað er eftir tilboðum í alla stöðina eða hluta.**
**Þ.e. byggingar, vélar eða lausamuni.**
**Senda skal inn formleg tilboð ásamt greiðsluskilmálum.**

**Tilboðsfrestur er til og með 10. febrúar 2006.**
Tilboð sendist til KB banka, Sóltúni 26. 105 R c/o Henrý Þór.
**Kaupþing banki hf. áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.**








**ALAN RAPHALINE** Á föstudögum heldur Alan bíókvöld. Þá stendur hann á haus í eldhúsinu og töfrar fram margrétta matseðil fyrir gestina.
MYND/ KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR

# Bóksalinn í Berlín

**Alan Raphaeline** heitir Englendingur sem ílengdist í Berlín á áttunda áratugnum og rekur bókabúð í stofunni hjá sér. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* tók hús á manninum sem les 500 bækur á ári.

Alan Raphaeline er ekki hefðbundinn bisnissmaður, hann segist vera í dreifingarbransanum og brosir bak við skeggið þegar hann býður gesti bókabúðarinnar Another Country velkomna – í stofuna heima hjá sér. Hann rekur eina óvenjulegustu bókaverslun eða bókasafn í Berlín. Fyrir sex árum ákvað hann að láta drauminn rætast og hóf rekstur með sínar eigin bækur. Opnaði hann stofuna sína og kjallarann fyrir áhugasama lesendur í leit að góðum notuðum enskum bókum. Herra Raphaeline er sagnamaður með skrautlega fortíð og í félagsmiðstöðinni hans í Kreuzberg eru miklar líkur á því að komast í góðar sögur.

## Felur enga fjársjóði

Kerfið er einfalt, í búðinni má finna meira en 12.000 enskar bækur um flest milli himins á jarðar en þar af eru um 2000 bækur aðeins til leigu. Bækurnar kosta flestar á bilinu 2 til 5 evrur en ofan á það leggst leigugjald að upphæð 1,5 evrur. Ef lesandanum líkar ekki bókin sem hann kaupir getur hann skilað henni og fengið hana endurgreidda, að frádregnu leigugjaldi. Að sögn Raphaeline virkar þetta kerfi vel og flestir lesendur sýna því skilning að sumar bækurnar séu ekki til sölu.

„Ég er með fastakúnna sem senda bækurnar til baka frá Köln, Dusseldorf og Búdapest en ég held að lengsta ferðlagið sem bækur frá mér hafa farið sé til Sri Lanka og til baka.“ Hann kveðst vera ánægður með þetta fyrirkomulag því það kemur í veg fyrir að góðar bækur stoppi í hillum lesenda. Markmið hans er að góðar bækur séu lesnar og góðir höfundar fái útbreiðslu meðal lesenda. Ein mesta gleðin fyrir mann í hans starfi sé að geta miðlað af reynslu sinni, kynnt nýja höfunda fyrir lesendum og aukið á ánægju þeirra með því að miðla sögum, bæði þessum skálduðu og þeim sönnu.

„Helmingur gestanna kemur frá enskumælandi löndum en Þjóðverjar eru hinn helmingurinn,“ segir Raphaeline og upplýsir að það sé alls konar fólk sem reki inn höfuðið. Fastagestirnir hafi flestir „sæmilega góðan smekk á bókum“ en margir eru áhugafólk um vísindaskáldskap sem er aðall þessarar verslunar. Í kjallarnum má finna „stærsta safn sinnar tegundar í Þýskalandi, jafnvel í Evrópu,“ segir eigandinn stoltur. Hann er sjálfur einlægur aðdáandi vísindaskáldskapar og duglegur að boða fagnaðarerindi þeirrar bókmenntagreinar.

## Alætan eldar á föstudögum

„Ég les 500 bækur á ári, helmingurinn er vísindaskáldsögur og svo glæpasögur, sagnfræði og annað í bland. Það mætti segja að ég væri alæta á bækur,“ segir Raphaeline sem ver flestum stundum sínum í bókabúðinni. Á morgnana kemur hann niður af efri hæðinni þar sem hann sefur, kemur sér fyrir bak við skrifborðið og fer yfirleitt ekki upp aftur fyrr en kl. tíu á kvöldin.

### Illa bókahillan

Flokkunarkerfið í Another Country er einfalt, í kjallaranum er vísindaskáldskapur en á jarðhæðinni er allt annað, nokkurn veginn í stafrófsröð, auk þess örfáar hillur með sérvalið efni. Ein þeirra er illa bókahillan þar sem Raphaeline hefur raðað bókum sem hann segir að séu beinlínis fullar illsku og eigi best heima á bókabrennum. Þar má meðal annars sjá ævisögu Britney Spears og bókina um Oliver Twist. Af hverju er Dickens illur? „Það er löng saga, en þú veist að hann fékk borgað eftir orðafjölda,“ segir bóksalinn en andúð hans á Charles Dickens hefur víst líka eitthvað með breska skólakerfið að gera.

Hann segir að mesta fúttið sé á föstudögum því þá eru haldin kvikmyndakvöld og auk þess eldar Raphaeline fyrir gesti. Hann stendur á haus í eldhúsinu allan daginn og töfrar fram margrétta matseðil fyrir gestina sem sumir koma meira til að spjalla og borða á sig gat en horfa á kvikmynd. „Ég er alltaf rosalega stressaður á föstudögum þótt ég hafi staðið í þessu lengi, að elda fyrir allt þetta fólk,“ segir kokkurinn. „Verð hræddur um að maturinn sé ekki nógu góður, of lítið af honum eða allt of mikið.“ Í búðinni eru líka haldnar „ráðstefnur“ um ýmis málefni, nú á vordögum verður t.d. fjallað um vísindskáldskap út frá kynjahugtakinu og þá verður væntanlega fjörugt í kjallaranum.

### Another Country

Búðin er staðsett í Kreuzberg, einu af skemmtilegustu hverfum Berlínar. Þar má til dæmis finna fjöldann allan af notalegum kaffihúsum og verslunum með antikvarning og notuð föt. Fyrir bókaorma má líka benda á að í nágrenninu er frábær myndasöguverslun og búð þar sem fást nýjar þýskar og enskar bækur. Another Country má finna í Riemannstraße 7 eða á netinu: www.anothercountry.de.

## Afslappað og heimilislegt

Alan Raphaeline er Lundúnabúi sem ílengst hefur í Berlín. Hann segist strax hafa heillast af borginni á áttunda áratugnum þegar hann flakkaði hvað mest um skynheiminn. Þó að margt hafi breyst síðan hann kom fyrst til Kreuzberg er Berlín samt staðurinn þar sem honum líður best. Hann er líka búinn að koma sér upp litlu afdrepi úti á landi þar sem hann felur sig stundum. Það er gestkvæmt hjá honum í búðinni enda er auðvelt að heillast af þessum karakter og sögunum hans og þetta er frábær staður til þess að hitta skemmtilegt fólk. Gestir geta fleygt sér í sófann, fengið sér te eða bjór og gluggað í bækur og fengið fréttir, slúður og visku af einu eða öðru tagi. Umhverfið er heldur ekki dauðhreinsað eða minimalískt heldur fyrst og fremst heimilislegt og afslappað, engar óþarfa tuskur á lofti, dulbúið skipulag í flútti við eigandann.

Á aðventunni var hann að dunda sér við að velja jólapóstkort handa vinum og fastagestum. „Má ekki bjóða þér eitt að skilnaði?“ spurði hann en bætti því við að hann væri alls ekkert jólabarn þótt hann hafi hent í eina annarlega sort af smákökum. Gestir geta því átt von á því að fara vel nestaðir af alls kyns sálarfæði ef þeir kíkja inn og karlinn er í góðu skapi. ■


# ÁLVER Í HELGUVÍK

## Mat á umhverfisáhrifum

Norðurál kynnir drög að tillögu að matsáætlun

Hafið er matsferli vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Gert er ráð fyrir að álverið verði byggt upp í áföngum þar sem stefnt er að allt að 250.000 tonna ársframleiðslu. Endanleg ákvörðun um áfangaskiptingu hefur þó ekki verið tekin þar sem hún ræðst af orkuöflun til álversins.

Norðurál er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum verður unnið af HRV sf. Á vefsíðu HRV (**http://www.hrv.is**) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar. Kynningin stendur yfir til sunnudagsins 5. febrúar 2006. Fyrir hönd framkvæmdaraðila er almenningur og aðrir hvattir til að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri til Hauks Einarssonar (HRV sf., Grensásvegi 1, 108 Reykjavík, **haukure@hrv.is**). Í endanlegri tillögu að matsáætlun verður gerð grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem kunna að berast.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið um helgina: lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00

ego dekor

*Romantique hnotulína*

Borðstofuborð 190x85
Verð áður:
45.000
-40%
Verð nú:
27.000

Stóll
Verð áður:
12.500
-20%
Verð nú:
10.000

Skenkur 180cm
Verð áður:
79.000
-40%
Verð nú:
47.400

*Romantique borð, 6 stólar og skenkur*

ALLT SETTIÐ SAMAN NÚ:
134.400







ego dekor

**Borðstofuborð 190x90 og 6 stólar**
Verð áður:
128.000
-30%
Verð nú:
89.600

# *Útsalan í fullum gangi* **10-50%** *afsláttur*

# *Mikið vöruúrval*



ego dekor

**ANGEL TUNGUSÓFI**
-með óhreinindavörðu microfiber áklæði sem hægt er að taka af og þvo
Verð áður:
139.000
-30%
Verð nú:
97.300



ego dekor

**RIO LEÐUR TUNGUSÓFI**
Verð áður:
212.000
-30%
Verð nú:
148.400



ego dekor

*MANGO COLLECTION*

**Borð 200x100 og 6 stólar**
Verð áður:
136.000
-20%
Verð nú:
108.800

**Glerskápur**
Verð áður:
62.000
-20%
Verð nú:
49.600

**Skenkur**
Verð áður:
85.000
-20%
Verð nú:
68.000

**Spegill**
Tilboðsverð:
19.900



**HEATH LEDGER OG ANG LEE** Kvikmyndin um samkynhneigðu kúrekana hefur fengið frábæra dóma en spekingar velta því fyrir sér hvort Hollywood sé tilbúið fyrir ástarsamband tveggja karlmanna.



**WALK THE LINE** Bæði Joaqin Phoenix og Reese Witherspoon fengu Golden Globe-verðlaunin fyrir frammistöðu sína. Hvort það nægir skal ósagt látið.

# HVAÐ GERIR ÓSKAR FRÆNDI Í LOK JANÚAR?

Það ríkir mikil eftirvænting í herbúðum Hollywood-kvikmyndaveranna. Fjölmiðlar vestra búast við óvenju harðri samkeppni um Óskarinn þetta árið en tilkynnt verður um tilnefningarnar 31. janúar.

Sjaldan hafa leikarar í Hollywood fengið úr jafn safaríkum handritum að moða og þetta árið. Minnir tíðin á það sem var að gerast í kvikmyndaborginni á áttunda áratugnum þegar Scorsese og Coppola voru uppi á sitt besta. Philip Seymour Hoffman sem Capote – hlutirnir virðast ekki gerast betri en þetta. Kvikmyndaverin eru farin að gera sér grein fyrir því að ef þau eru ekki með meistarastykki á borð við Hringadróttinssögu þá er eins gott að eyða smá fúlgum í handrit og leikstjóra og uppskera jafnvel nokkrar styttur fyrir vikið.

Framleiðslan í Englaborginni þykir benda til þess að einhverrar vakningar sé að gæta hvað stjórnmál varðar. Pólitískir tryllar á borð við The Constant Gardener, Syriana og Munich hafa allar fengið prýðilega dóma og gagnrýnendur spá þeim öllum velgengni í Kodack-höllinni þegar vora tekur. Samkynhneigðu kúrekarnir hans Ang Lee fengu flestar tilnefningar til Golden Globe en George W. Bush hefur verið gagnrýndur af listamönnum fyrir harða afstöðu sína gagnvart stöðu homma og lesbía. Það má heldur ekki útiloka Walk The Line því ef það er eitthvað sem Bandaríkjamenn elska þá eru það látnir tónlistarmenn. Johnny Cash er jú eins amerískur og hugsast getur.

Breski fréttavefurinn BBC spáir í spilin fyrir komandi átök en um þessar mundir eru stóru stúdíóin að kynna kvikmyndir sínar fyrir meðlimum akademíunnar. Allra augu beinast að Brokeback Mountain, hugljúfri og dramatískri sögu tveggja kúreka sem verða ástfangnir hvor af öðrum. Myndin fékk sjö tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna sem hingað til hefur þótt ágætis vísbending um það sem koma skal. Heath Ledger hefur fengið mjög dóma fyrir leik sinn í myndinni en heldur sér á jörðinni og hefur ríka ástæðu til þess. Kvikmyndir um samkynhneigð ganga yfirleitt ekki vel á Óskarnum og hinir frjálslyndu blaðamenn, sem eru ábyrgir fyrir Golden Globe, hafa tilhneigingu til þess að kjósa myndir á borð við hana. Hinir íhaldssömu meðlimir akademíunnar eru ekki hrifnir af því þegar eitt af mörgum táknum Bandaríkjanna er tengt við þessa kynhegðun. Sigri Brokeback Mountain kann það að hleypa nýju blóði í baráttu samkynhneigðra þar vestra. Pólitíkin spilar nefnilega ótrúlega stóra rullu í þessu vali og oftar en ekki er hægt að spá fyrir um úrslitin með löngum fyrirvara. Árið í ár virðist ætla að vera undantekning á því. Því má heldur ekki gleyma að ríkisstjórinn Arnold Schwarzenegger er samherji Bandaríkjaforseta og gæti beitt sér fyrir hagstæðum úrslitum. Pólitísku tryllarnir og samkynhneigðu kúrekarnir gætu því þurft að bíða enn um sinn.

Breska þjóðin bíður spennt eftir tilnefningum enda er breskum leikkonum spáð góðri uppskeru. Fjölmiðlar útiloka ekki að Judi Dench fái sína fimmtu tilnefningu fyrir Mrs. Henderson Presents. Leikkonan var þó hógvær þegar hún var innt eftir þessum möguleika. „Hafi mér tekist að segja söguna almennilega er ég ánægð.“ Keira Knightley þykir einig mjög líkleg til að verða stjarnan á rauða dreglinum en frammistaða hennar sem Elizabeth Bennet í Hroka og hleypidómum hefur orðið til þess að margir veðja á hana. „Þú verður bara að njóta augnabliksins því þegar allt kemur til alls þá er þetta bara augnablik og það hverfur. Og það er bara allt í lagi,“ svaraði leikkonan unga þegar hún var spurð hvað henni fyndist um þessar vangaveltur.



**MUNICH** Þessi pólitíski tryllir hefur vakið mikla athygli en Spielberg er sagður endurfæddur með þessari mynd.



**THE CONSTANT GARDENER** Leikur þeirra Weisz og Fiennes þykir með afbrigðum góður. Myndin leiðir Bafta-tilnefningarnar en Rachel Weisz hefur verið hlaðin lofsyrðum fyrir leik sinn og er sögð skyggja á stórleikarann Ralph Fiennes.



**GEISHA** Leikstjórinn Rob Marshall er í miklu uppáhaldi hjá akademíunni en síðasta mynd hans, Chicago, rakaði til sín verðlaunum.

Bandaríski leikstjórinn Rob Marshall gæti enn fremur komið öllum á óvörum, líkt og hann gerði með Chicago árið 2003 þegar þau hræðilegu tíðindi bárust að hún hefði rænt verðlaununum frá The Hours, Pianist og Lord of the Rings: The Two Towers sem allar hefðu verið betur að styttunni komnar. Akademían virðist vera eitthvað hrifin af Marshall og nýjasta mynd hans, Memoirs of Geisha, hefur verið orðuð sem hugsanlegur sigurvegari. Hún er byggð á samnefndri metsölubók og skartar hinni þokkafullu Ziyi Zhang í aðalhlutverki. Marshall hefur orð á sér fyrir mjög listræna sýn sem gæti slegið ryki í augu meðlimanna en þeir hafa alltaf verið hrifnir af lifnaðarháttum í hinu forna menningarveldi Kínverja.

Fernando Meirelles skaust uppá stjörnuhimininn með kvikmyndinni City of God eða Cidade de Deus. Myndin var óvenju hrá og ósérhlífin en vakti athygli á þessum unga Brasilíumanni. Kvikmyndin The Constant Gardener hefur ekki fengið síðri dóma en hún fjallar um pólitískt samsæri í Afríku. Ralph Fiennes og Rachel Weisz þykja sannfærandi í þessari spennumynd sem þykir líkleg til afreka.

Kvikmyndir Spielbergs blanda sér iðullega inn í umræðuna rétt fyrir tilnefningarnar. Sem betur fer hafði leikstjórinn vit á því að hafa kvikmyndina Munich í bakhöndinni því War of the Worlds var aldrei líkleg til afreka. Handrit Tonys Kushner þykir með eindæmum gott en myndin sjálf tekur á það eldfimu efni að fáir hafa þorað að spá henni einhverri velgengni. Það skyldi þó aldrei neinn efast um markaðssérfræðingana á bak við Spielberg.



**KEIRA KNIGHTLEY** Nafn hennar hefur borið á góma vegna tilnefninganna en stúlkan segist sjálf ekki mikið velta sér mikið upp úr slíkum vangaveltum.

Auk ofangreindra mynda eiga Good Night and Good Luck eftir George Clooney og Syriana heima í þessum flokki. Clooney virðist verða áhrifameiri með hverju árinu sem líður og velgengni þessara tveggja mynda er enn ein sönnunin fyrir því.

Þegar tilnefningarnar verða loks dregnar fram í dagsljósið á eflaust eitthvað óvænt eftir að koma í ljós. Það væri nú heldur óvenjulegt ef Óskar frændi tæki upp á því að fara algjörlega eftir bókinni.

- fgg

A ð e i n s   u m   h e l g i n a

# 4X4-veisla um helgina!

## Einstök tilboð á 4x4 bílum og jeppum

**Nú er gott að hafa drif á öllum**

**DÆMI:**

SUZUKI IGNIS 4x4 frá 1.389 þús. eða 14.646 á mánuði*
XL-7 DIESEL á 2.849 þús. eða 29.868 á mánuði*
JIMNY á 1599 þús. eða 16.823 á mánuði*

* Bílasamningur Glitnis með 30% útborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði. 50% erlend mynt, 50% islensk mynt.

LIANA 4X4 XL-7 diesel JIMNY



**Opið laugardag og sunnudag frá 13-17**

## Nýr verðlisti - lægra verð á öllum bílum

NÝR GRAND VITARA IGNIS 4X4 WAGON R+ 4X4



**SUZUKI**
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

HUGTÖK JAN.06

vísir
ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005

„FJÓRAR STJÖRNUR, EKKI SPURNING!“

„ENDALAUS LEIÐINDI“

„...STEMNINGIN VAR RAFMÖGNUÐ.“

Gagnrýnendur segja eitt.
En nú er komið að þér.

Farðu á vísir.is og taktu þátt í Íslensku tónlistarverðlaununum. Veldu „Vinsælasta flytjandann“, þann tónlistarmann eða hljómsveit sem þér þykir hafa skarað fram úr árið 2005 og spilaðu með í veðbankanum. Ef þú giskar rétt áttu möguleika á glæsilegum vinningi, ferð fyrir tvo með Icelandair til San Fransisco og gjaldeyri frá Landsbankanum.

Hver var bestur 2005?
Láttu skoðun þína í ljós á visir.is
Glæsileg verðlaun í boði!

FRÉTTABLAÐIÐ Landsbankinn ICELANDAIR

> SUNNUDAGUR MEÐ KRISTJÁNI J.



# Broskallinn með hattinn

**Ragnar Sverrisson, kaupmaður í JMJ og formaður Kaupmannafélags Akureyrar, er hreinræktaður Akureyringur. Fæddur á Eyrinni og ann Akureyri heitar en flestu öðru. Ragnar er stórhuga og hamhleypa til verka. Ragnar ber af í snyrtimennsku og klæðaburði og sjaldan sést hann utan dyra nema með barðastóran hatt á krúnurökuðu höfðinu.**

Ég hafði hugsað mér að hitta Ragnar á kaffihúsi en einn starfsmanna hans í versluninni forfallaðist svo hann komst ekki frá. Ég brá mér því í búðina til hans.

Dillandi hlátrasköll berast í fang mér um leið ég lýk upp dyrunum að herrafataverslun JMJ. Kaupmaðurinn er að ljúka við að afgreiða ungan mann sem hann augljóslega kannast við. Gantast hann óspart í piltinum og hafa báðir gaman af og hlæja dátt; kaupmaðurinn þó sínu hærra og hvellara. „Hafðu það gott gamli minn,“ kallar Ragnar á eftir unga manninum um leið og hann yfirgefur verslunina.

### Deildi hart við Halldór Blöndal

„Ég er búinn að standa á bak við búðarborðið í JMJ í tæp 40 ár og þekki vel mína fastakúnna,“ segir Ragnar þegar við tyllum okkur við lítið og lúið eldhúsborð í kaffistofu verslunarinnar. Allt um kring eru glansandi og ilmandi leðurflíkur, stífpressuð jakkaföt og frakkar á slám enda kaffistofan á lagernum í JMJ.

„Ég spjalla við kúnnana þegar tími gefst til. Oftast er það á léttu nótunum en stundum er hart deilt. Alla jafnan ligg ég ekki á skoðunum mínum og þegar forkólfar bæjarfélagsins, þingmenn eða forsvarsmenn stórfyrirtækja á svæðinu koma í búðina þá er stundum tekist á um menn og málefni. Yfirleitt enda þessar orðaskylmingar með góðu en einu sinni munaði litlu að Halldór Blöndal henti í mig tveimur fullum innkaupapokum með fatnaði sem ég hafði selt honum um leið og við rökræddum,“ segir Ragnar og skellihlær þegar hann rifjar upp þetta atvik.

Það er töluverður erill í búðinni og Ragnar gerir hlé á spjalli sínu við mig til að sinna kúnnunum. „Fáðu þér bara kaffi og kleinu á meðan, gamli minn. Ég verð kominn til þín aftur áður en kleinan er búinn,“ segir hann og rýkur brosandi af stað til að sinna viðskiptunum. Ragnar þykir kaupmaður góður og fáir eru þeir sem fara tómhentir út um dyrnar á JMJ.

Sem ungur maður fór Ragnar í iðnnám og lærði bókband. Starfaði hann við þá iðn um hríð eða allt þar til Jón M. Jónsson, klæðskeri og þá verðandi tengdafaðir Ragnars, réði hann til starfa hjá sér. Í tuttugu ár unnu þeir hlið við hlið í JMJ en þá keyptu Ragnar og Guðný, eiginkona hans, reksturinn.

### Í stríði við KEA

Ég hef lokið við kleinuna og það eina sem minnir enn á tilvist hennar er ljúffengt eftirbragðið og gulhvítar mylsnur á dökkum diski. Fleiri kleinur, merkilega líkar að stærð og lögun, liggja innan seilingar í skál á borðinu en ég stenst freistinguna; aldrei þessu vant, og fer fram í búð á eftir Ragnari.

Í versluninni eru tveir eldri herramenn og Ragnar að sinna báðum. Þeysist á milli þeirra með bindi, skyrtur og skó; brosandi og talandi við báða en þó um óskyld málefni. Annar vill vita hvort Ragnar telji að kvóti ÚA sé á leiðinni úr bænum. Hinn er forvitinn um deilu Kaupmannafélagsins og KEA. Á listilegan hátt tekst Ragnari að svara báðum með einni stuttri ræðu: „Ég veit ekki hvort kvótinn sé að fara en það er alveg á hreinu að ef KEA hefði tekist að kaupa ÚA, eins og þeir vildu, þá væri kvótinn farinn eða komið fararsnið á hann. KEA gafst upp á verslunarrekstri hér fyrir norðan og nú ætla stjórnendur félagsins að kaupa sér vinsældir með útgáfu fríðindakorts og láta kaupmenn á svæðinu borga brúsann,“ segir Ragnar og brosið dettur ekki af andliti hans en sígur þó aðeins þegar hann tekur sér nafn KEA í munn.

Svona gera bara samræðusnillingar, hugsa ég með mér.

Ragnar heldur áfram að spjalla við mennina á meðan hann afgreiðir þá. Báðir hverfa þeir brosandi á braut og heldur blankari en þegar þeir gengu inn í búðina; upplýstari um stefnu ÚA og deilu Kaupmannafélagsins við KEA. Annar með einn fullan poka af fatnaði; hinn tvo.

Við tyllum okkur aftur við eldhúsborðið og Ragnar otar að mér girnilegri kleinu. Ég stenst enn mátið, vitandi að heima mun bíða mín gómsætur og ferskur fiskur af austurmiðum sem konan ætlar að elda.

### Gekk á 90 fjallstinda

Talið berst að hreyfingu og hollu líferni. Líkt og á öðrum sviðum er Ragnar mittislaus, eins og sagt er fyrir norðan, þegar kemur að heilsurækt. „Ég fór að rækta líkamann markvisst fyrir um þremur árum og á hverjum virkum degi er ég mættur í sund, stundvíslega klukkan 6.45. Ég fer í líkamsrækt alla daga vikunnar nema á fimmtudögum en þá spila ég fótbolta með gömlum Þórsurum. Oft fer ég í fjallgöngur á sunnudögum og þá sleppi ég ræktinni en suma daga fer ég tvisvar í ræktina; fyrst í hádeginu og svo aftur síðdegis.“

Mér varð litið á kaffibollann minn á borðinu fyrir framan mig og hugsaði um sígarettuna sem mig var farið að langa verulega í eftir að hafa staldrað við í búðinni í hálftíma. Horfði þögull á stæltan líkama mannsins á móti mér, sem á einungis rúm þrjú ár í sextugt, og gjóaði augunum að ört vaxandi mitti mínu sem undanfarin ár hefur tútnað út með dyggum stuðningi Nóa og Síríusar.

„Það er nefnilega það,“ segi ég. „En hvað með pólitíkina? Ertu mjög pólitískur?“ spyr ég og freista þess að skipta um umræðuefni. Ragnar hristist í stólnum af hlátri en gengur ekki þá braut sem ég vildi stýra honum inn á. „Þú verður bara að drífa þig með mér í fjallgöngur. Það er allra meina bót,“ segir hann og augun leiftra af ákefð. „Í sumar gekk ég samtals á 90 fjallstinda og þar af 35 í Eyjafirði.“

Ég veit að nú á ég von á ræðu um fjallgöngur og frækna sigra og verður hugsað til skólaljóðanna: Klífa skriður. Skríða kletta. Velta niður. Vera að detta.

Áður en ég hrufla mig á hverjum steini þá hringir síminn í JMJ; kunningi Ragnars sem hann hafði ekki heyrt í lengi. Ég trufla Ragnar í símtalinu og segist ræða við hann um pólitíkina síðar; ég þurfi að haska mér. „Ekki vesenið gamli minn – Hvenær sem þú vilt!“■



ÚTSALA
Komdu og skoðaðu High Definition framtíðina í næstu BT verslun
HD Ready
Styður næstu kynslóð af BlueRay og HD-DVD spilurum sem ver ða með mun meiri upplausn og skýrari mynd.
HD ready
40" LCDsjónvarp
Fyrstir koma fyrstir fá
MEDION
40" LCD SJÓNVARP 30140
• HD Ready LCD sjónvarp
• Upplausn 1366 x 768
• 1000:1 í Skerpu • Birta 500cd/m2
• Mynd í Mynd (PIP)
• Textavarp með 2100 síðna minni
• Styður PAL/SECAM/NTSC
• 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
• 2x SCART, Composite og S-Video
• DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
• Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu
WIDE SCREEN
HD ready
Þýsk gæði!
SONY DSC-S40 Myndavél S40
FYLGIR 15.999
Allur pakkinn
** 19.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
239.988 STAÐGREITT
400W rms!
FYLGIR 34.999
Panasonic SCHT330
• Fjölkerfa
• Magnari 400W RMS
• Útvarp FM/AM RDS
• Spilar CD-R/CD-RW/DVD-R/S- VCD/JEPG/MP3
• DVD-Audio
• Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
• 5 hátalarar + Bassahátalari
42" flattverð
40"
ódýrasta plasma í heimi?
JDV
42" plasmasjónvarp
• BIRTA 1000 CD / M2
• SKERPA 3000 : 1
• DVI Tengi fyrir tölvu
• Hátalarar sem hægt er að taka af
aðeins 50 STK
aðeins 1 stk. á mann
119.999
167.988
Tilboð í fókus
Sony gæði
SONY DSC-S80
Sony myndavél S80
• 4.1 Megapixlar
• 3 x Optical Zoom
aðeins 100 STK
aðeins 1 stk. á mann
14.999
29.988
50% afsláttur
Borðtölva á botnverði
aðeins 1 stk. á mann
MEDION
6011IS
MEDION INTEL D336
• Intel Celeron D 336
• 80 GB 5400 rpm
• DVD Writer Sony DW-Q30A
• LAN 10/100 Mbit
• 256 MB DDR-RAM PC3200
aðeins 50 STK
20.000kr. afsláttur
39.999
59.999
Ekki láta hugbúnaðinn vanta! 999,- á mánuði með tölvu!
Vinsælasta fartölvan
TOSHIBA
PSL2XE-01201MED
TOSHIBA SATELLITE L20-153
• Intel® Celeron M 1.4GHz
• 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
• 40GB diskur
• 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
• Intel extreme2 skjástýring - TV-Out
• DVD Super Multi brennari
• 33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
• Lithium-ion, Allt að 2.9 klst
• Þráðlaus netstýring 802.11BG
• 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum
aðeins 50 STK
512mb minni
2.453* Tölvukaupalán 48 mán.
6.666** Vaxtalaust 12 mán.
79.992 Staðgreitt
Ekki láta hugbúnaðinn vanta! 999,- á mánuði með tölvu!
2.453*
BT
Fyrirvari um uppseldar vörur
Viltu vinnnna?
Klikkaðir aukavinningur
Aðalvinningur*
40" MEDION LCD Sjónvarp + PANASONIC heimabíó + 10 DVD myndir
ZATHURA
Sendu SMS skeytið BT SALA á númerið 1900 og þú gætir unnið.
Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
5. hver vinnur
MOBILE
Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið




| Stóra svið | Nýja svið/Litla svið |
|---|---|
| **SALKA VALKA** | **MANNTAFL** |
| Í kvöld kl. 20 Fi 26/1 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR! | Í kvöld kl. 20 Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING |
| **WOYZECK** | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| Su 29/1 kl. 20 UPPSELT SÍÐASTA SÝNING! | Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 UPPSELT Lau 25/2 kl. 20 Su 26/2 kl. 20 |
| **KALLI Á ÞAKINU** | **BELGÍSKA KONGÓ** |
| Í dag kl. 14 UPPSELT Lau 4/2 kl. 14 AUKAS Su 5/2 kl. 14 AUKAS. | Lau 28/1 kl. 20 UPPSELT Su 29/1 kl. 20 Mi 1/2 kl 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS. Su 5/2 kl. 20 Fi 9/2 kl. 20 Fö 10/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20 |
| **CARMEN** | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** |
| Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort Lau 28/1 kl. 20 Blá kort Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20 | Fi 26/1 kl. 20 Fö 27/1 kl. 20 Fi 2/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20 |
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | **Naglinn** |
| Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT Lau 18/2 kl. 14 Su 19/2 kl. 14 | Í kvöld kl. 20 UPPSELT Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20 Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20 |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

Fös. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 28/1 örfá sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 nokkur sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2, lau. 18/2. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Í dag sun. 22/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 29/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 5/2 kl. 14:00, sun. 12/2 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld sun. 22/1 **uppselt**, mið. 25/1 **uppselt**, fös. 27/1 **uppselt**, lau. 28/1 örfá sæti laus, sun. 29/1 **uppselt**, þri. 31/1 **uppselt**, mið. 1/2 **uppselt**, **aukasýning fim. 2/2**, fös. 3/2 **uppselt**, **aukasýning lau. 4/2 kl. 16:00** og kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 5/2 **uppselt**, mið. 8/2 **uppselt**, **aukasýning fim. 9/2**, fös. 10/2 örfá sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, sun. 12/2 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Í kvöld sun. 22/1 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 29/1 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 7 | 9 | 3 | 6 |
| 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 1 | 2 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 5 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 4 | 5 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 7 | 2 | 8 | 6 | 3 |
| 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 5 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 6 | 5 | | |
| | | | | 4 | 3 | | | |
| 7 | | 6 | | 9 | | 2 | | |
| 1 | 5 | | | | | | | 2 |
| | 2 | 8 | | | | 4 | 6 | |
| 6 | | | | | | | 1 | 5 |
| | | 2 | | 5 | | 7 | | 9 |
| | | | 3 | 6 | | | | |
| | | 1 | 9 | | 4 | | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

# STUÐ MILLI STRÍÐA upp upp mín sól

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** SÉR LJÓSIÐ



Nú er ég búin að sjá ljósið í tilverunni. Ekki af því ég fékk einhverja guðdómlega uppljómun heldur af því skammdegið er loksins á undanhaldi sem þýðir að ég get tekið gleði mína á ný.

Ég er búin að tuða og kvarta stanslaust í heilar fjórar vikur, buguð af skammdegisþunglyndi og vætu- og snjóatíð, en get nú loksins losað mig við skeifuna og farið að njóta lífsins. Í síðustu viku náði ég að komast heim úr vinnunni í dagsbirtu, eitthvað sem hefur ekki gerst í langan tíma. Ég þurfti reyndar að flýta mér smá til að ná því að loka útidyrahurðinni meðan enn taldist bjart. En það skiptir ekki öllu. Ég henti mér úr skónum og kastaði frá mér töskunni og hoppaði af gleði yfir því að þurfa ekki að kveikja ljósin í húsinu til að sjá á milli veggja. Jahú og gleði. Ég sé ljósið og tilveran er öll á einhvern máta betri.

Nú þarf ég ekki lengur að reyna að ná lit í andlitið undir flúorljósunum á vinnustaðnum mínum heldur get ég rekið smettið út um gluggann að loknum vinnudegi og látið sólina skreyta kinnar mínar með „sumar“roða. Lundin kemur til með að léttast sem þýðir að mínir nánustu geta farið að standa í innan við meters radíus frá mér án þess að verða fyrir orðahríð og einstaka fljúgandi hlutum.

Já það er gott að fylgjast með sólinni rísa hærra á hverjum degi. Blessaða sólin, sem getur ekki drattast til að halda sér á lofti á veturna, er nú loksins farin að gera mér til geðs. Ég sé fram á mikla gleðitíð með hækkandi sól, ég sé ljósið og ætla að gera mitt besta til að njóta þess.

Upp upp mín sól til himinhæða og allir út að leika. ■

# myndasögur

## pondus

Eftir Frode Overli




## þú og pa

Eftir SÖB



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

19 20 21 **22** 23 24 25

**Sunnudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 Blásaraoktettinn **Hnúkaþeyr** heldur tónleika í Dómkirkjunni í Reykjavík undir yfirskriftinni "Ísland - Austurríki". Þar verður leikin tónlist eftir íslensku Austurríkismennina Pál Pampichler Pálsson, Herbert Hriberschek Ágústsson, Íslandsvininn Werner Schulze og leikin tónlist eftir austurríska tónskáldið Johann Nepomuk Hummel, ásamt tónlist eftir Ludvig van Beethoven og Malcolm Arnold.

☐ 20.00 **Sigrún Eðvaldsdóttir, Zbigniew Dubik, Þórunn Ósk Marínósdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir** og **Gerrit Schuil** flytja strengjakvartett í Es-dúr eftir Beethoven og kvartett fyrir píanó, fiðlu, víólu og selló í g-moll eftir Johannes Brahms á tónleikum **Kammermúsíkklúbbsins** í Bústaðakirkju.

☐ 20.00 **Ólafur Kjartan Sigurðarson** bregður á leik með **Tríói Reykjavíkur** á hinum árlegu nýárstónleikum tríósins í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

### OPNANIR

☐ 14.00 Myndlistarsýning á myndverkum nemenda Safamýrarskóla verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur. Safamýrarskóli er sérskóli á grunnskólastigi fyrir nemendur með alvarlega fjölfötlun.

### SÝNINGAR

☐ 15.00 Listamannsspjall **Gabríelu Friðriksdóttur** á sýningu hennar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

### FÉLAGSLÍF

☐ 14.00 **Matthías Johannessen, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Júlíus K. Björnsson, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Páll Valsson, Kristín Eiríksdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Sveinn Einarsson** og **Andri Snær Magnason** taka til máls og **Tómas R. Einarsson, Guðmundur Andri Thorsson** og **Gunnar Gunnarsson** flytja tónlist á málþingi um stöðu málsins, sem haldið er í Norræna húsinu. Fundarstjóri er **Pétur Gunnarsson**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 – 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
AÐEINS SÝND Í FEBRÚAR OG MARS
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
28. jan. Uppselt
4. feb. Nokkur borð laus
18. feb. Laus boð
25. feb.
4. mars.
17. mars.
25. mars.
Aðeins þessar sýningar
Gjafakort á Nínu og Geira fást í miðasölunni
BROADWAY
5331100 Netfang: midasala@broadway.is
Ógreiddir miðar seldir hálfummánuði fyrir viðburð.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur
eftir Árna Ibsen
Lau. 28. Jan. kl.20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20

MIND CAMP
eftir Jón Atla Jónasson
Sun . 22. Jan. kl 19.57
Fös. 27. Jan. kl. 19.57
Sun. 29. Jan. kl. 19.57
*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Þrið. 24. Jan.kl. 9 og 11 Uppselt
Mið. 25. Jan.kl. 9 og 11 Uppselt

10 ÁRA HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS

THULE
TYPPATAL
MEÐ ÁGÚST
LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS
Sýnt á NASA við Austurvöll
Fimmtudagur 26. janúar - Laus sæti
Föstudagur 27. janúar - Laus sæti
Laugardagur 28. janúar - Laus sæti
Fimmtudagur 2. febrúar - Laus sæti
Föstudagur 3. febrúar - Laus sæti
Laugardagur 4. febrúar - Laus sæti
Fimmtudagur 9. febrúar - Laus sæti
Húsið opnar kl. 20:00 - Sýningar hefjast kl. 20:30
Miðasala í verslunum Skífunnar,
www.midi.is og í síma: 575 1550

Viltu vinna?
SMS LEIKUR
Sendu SMS skeytið BT UTF á númerið 1900 og þú gætir unnið.
Aðalvinningur*
40" MEDION LCD Sjónvarp
+ PANASONIC heimabíó
+ 10 DVD myndir
ZATHURA
Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
5. hver vinnur
Klikkaðir aukavinningur
32" JDV LCD sjónvarp
TOSHIBA fartölvur
MEDION tölvur + 19"skjár
GSM símar
Kippur af Coke
SONY MP3 spilarar
Panasonic heimabíó
Bíómiðar á ZATHURA
PSP tölvur
BT
Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið
MOBILE

LAGERSALA
Í OUTLET 10 - FAXAFENI 10
ALDREI LÆGRA VERÐ
PRÚTT DAGUR Í DAG
- sunnudag 13 - 17
ALLT Á AÐ SELJAST
DRAGTIR -3.990
JAKKAFÖT -7.990
500 - 1000 - 1
ÚLPUR PEYSUR BUXUR BOLIR JAKKAFÖT DRAGTIR KULDASKÓR
ULLARKÁPUR 1.990 kr.
BARA BULL VERÐ !
OUTLET 10
FAXAFENI 10
ATH opið
virka daga 11-18
laugardag 11-18
sunnudag 13-17
gallerí sautján CENTRUM SMASH gs skór retro Kultur focus COMPANYS eva Deres

*Um leið og S. fann hnífsblaðið smjúga inn í bakið fór að söngla í höfði hans gamalt viðkvæði af götunum: „Hvað þolirðu mikið kalt stál, kunningi?“*

Söguhetja mætir örlögum sínum í einni af smásögum Kristjáns Karlssonar, „Komið til meginlandsins frá nokkrum úteyjum“, sem er að finna í heildarsafni verka hans, Kvæðasafn og sögur 1976-2003, sem kom út í vetur.

**bækur**

baekur@frettabladid.is

# Skrifaði framhald af Pétri Pan

Í byrjun október kemur út á bók framhaldssaga um Pétur Pan, drenginn sem vildi ekki fullorðnast, eftir breska verðlaunahöfundin Geraldine McCaughrean. Útgefandi er breska háskólaforlagið Oxford University Press.



Bókin heitir „Pétur Pan á skarlatsklæðum“, en ekkert hefur ennþá verið látið uppi um innihaldið. Þó er lesendum lofað æsispennandi ævintýri. Aðalpersónurnar verða þær sömu og í fyrri bókinni, þau Pétur Pan, Vanda, systkini hennar og foreldrar, álfurinn Skellibjalla og hinn grimmi Krókur kafteinn.

Þegar J.M. Barrie, höfundur Péturs Pan, lést árið 1937 ánafnaði hann höfundarréttinum til barnasjúkrahússins Great Ormond Street í London. Sjúkrahúsið hefur haft drjúgar tekur af þessari vinsælu bók áratugum saman, en rétturinn til þeirra rennur út árið 2007. Þess vegna greip sjúkrahúsið til þess ráðs að láta skrifa framhald sögunnar.

Geraldine McCaughrin hefur skrifað fjölmargar barnabækur og verið verðlaunuð í bak og fyrir.

Hún segist hafa haft óskaplega gaman af því að dveljast í Hvergilandi undanfarið ár. „Ég hreinlega gleymdi því að vofa J.M. Barrie gæti verið að lesa á tölvuskjáinn yfir öxlina á mér, gleymdi að hafa áhyggjur af því að fólki muni líka við það sem ég skrifa. En það er reyndar góðs viti. Þegar maður hefur gaman af því að skrifa, þá loðir oft eitthvað af ánægjunni við bókstafina og festist á milli blaðsíðnanna.“

Höfundarréttargreiðslum af nýju bókinni verður skipt á milli McCaughrean og sjúkrahússins.

## > Bók vikunnar




***On beauty eftir Zadie Smith. Þriðja og að margra mati besta bók eins athyglisverðasta rithöfundar Breta um þessar mundir. Frábærlega vel skrifuð saga um fjölskyldur, kynslóðir og kynþætti þar sem togstreita og pólitík kraumar undir öllu saman.***



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON**
**> SKRIFAR UM BÓKMENNTIR**

# List hins óvænta

Bókmenntir eiga það sameiginlegt með bröndurum að list þeirra felst ekki endilega í atvikunum sem frá er sagt, heldur í sjónarhorninu. Atburðirnir geta verið gamalkunnir, en sýnin kemur á óvart, einsog í ummælum ameríska ferðamálafulltrúans: Ég vona að þessi uppákoma verði ekki til þess að þér komið ekki aftur til Dallas, kæra frú Kennedy.

Gamansögur og góðbókmenntir eiga þetta reyndar sameiginlegt með vísindum, einsog ráða má af þeirri gömlu sögu að Newton hafi uppgötvað þyngdarlögmálið þegar hann fékk epli í hausinn. Bertolt Brecht sagði um Galilei að snilld hans hafi verið í því fólgin að þar sem venjulegt fólk sá ljósakrónu sveiflast, þar sá hann hreyfingar pendúls. Góðar bækur geta einmitt vakið með lesendum sínum þennan hæfileika, að sjá eitthvað nýtt í hversdagslegum hlutum, þær ögra okkur, setja okkur úr skorðum.

„Vitur maður hefur sagt að næst því að missa móður sína sé fátt hollara úngum börnum en missa föður sinn.“ Á þessum orðum hefst Brekkukotsannáll og lesandinn hlaust að hugsa með sér, hvílíkt dómadagskjaftæði! En áhugi hans var vakinn: Hvað kemur svo, hvert á þetta að leiða?

Sá leiði sem sest að mörgum þegar þeir hlusta á ræður stjórnmálamanna eða lesa eftir þá greinar á rætur í því að þar er þessu öfugt farið. Margir stjórnmálamenn vilja helst ekki koma á óvart, allavega ekki um of, vilja ekki ögra, heldur umfram allt segja það sem þeir halda að kjósendur vilji heyra. En hjá lesanda eða hlustanda vaknar frá fyrstu málsgrein þessi tilfinning: ég veit hvað kemur næst, hvert þetta leiðir.

Í málvísindum er talað um redundance, það sem er umfram: Ef við erum vel að okkur í einhverju tungumáli getum við til dæmis heyrt hvað einhver er að segja, þótt við nemum ekki öll orðin, við pússlum því saman í huganum, útfrá ósjálfráði þekkingu okkar á hljóðfræði og málkerfi. Þetta hafa allir prófað sem hafa fengið símtal þar sem illa heyrist í þeim sem hringir, en við getum samt ráðið í mál hans. En ef sá sem hringir er útlendingur, verðum við að hafa okkur öll við og hlusta grannt eftir.

Það er mikið „umfram“ í hefðbundnum greinum stjórnmálamanna, mörg orð sem við þurfum ekki til að vita erindið. Ef við þekkjum til dæmis grundvallarviðhorf viðkomandi stjórnmálamanns og sjáum orðin: jafnrétti - atvinnutækifæri - leikskólapláss - láglaunastéttir, vitum við strax hvert hann eða hún er að fara. Í raun mætti spara gríðarlegt pláss í dagblöðum með því að taka einfaldlega út það sem er umfram í svona greinum, en láta lykilorðin standa. Nema greinarhöfundar tækju upp þann sið bókmenntanna að koma lesendum á óvart, allavega einstaka sinnum.

En auðvitað er bókmenntafólk líka oft þessu marki brennt, til dæmis í hinni árvissu umræðu um jólabókaflóðið, ósanngirni þess, auglýsingamennsku, markaðsbaráttu og hávaða þar sem mörg perlan týnist. Þetta er allt satt og rétt, en umræðan um umræðuna leiðir sjaldnast neitt. Þá er betra að segja erindi sitt og láta kyrrt liggja það sem allir vita.

Þó kemur fyrir að menn hugsa sig svo skemmtilega út í horn að það hlýtur að hreyfa við lesandanum. Þannig var ágætur greinarhöfundur um daginn orðinn svo þungt haldinn af Nóbelsleiða, sem Steinn Steinarr kallaði svo, að hann komst eiginlega að þeirri niðurstöðu að Nóbelsverðlaun Laxness hefðu heldur skaðað íslenskir bókmenntir fremur en hitt. Mætti þá ekki álykta sem svo að Björk hafi bakað íslensku tónlistarlífi tjón, og Eiður Smári rústað íslenskri knattspyrnu (við förum allavega stöðugt neðar í FIFA listanum)? Alltént verður maður hugsi. Einsog við spurningunni: Burtséð frá þessu leiðindaatviki, kæra frú Lincoln, hvernig fannst yður sýningin?

# Forlögin eftir flóðið

**Hið árlega jólabókaflóð er að baki og hefur skilið eftir ýmislegt til nytja í fjörunni. Því fer þó fjarri að forleggjarar mæli götur þótt mesti stórsjórinn sé genginn yfir.**



JÓN KARL HELGASON Bjartur gaf út 20 bækur á stuttum tíma rétt fyrir jól og fer sér hægt í sakirnar á nýja árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

„Ég held ég hafi meira að gera núna en fyrir jólin,“ segir Kristján Bjarki Jónasson, þróunarstjóri hjá Eddu, þegar blaðamaður forvitnast um hvort hvort hann hafi legið með hendur í skauti fyrstu vikur árs. „Ég er á endalausum fundum frá morgni til kvölds. Edda snýst ekki svo mikið um jólabókaflóðið, um það bil 20 prósent af veltu okkar verður til í jólabókaflóðinu. Það er þó vissulega mikilvægt því þá kemur út megnið af þeim titlum sem fjölmiðlum þykir vert að hampa, það er skáldsögur og ævisögur.“

Framundan er ný vertíð, það er að segja vorútgáfan. Bækur sem þykja heppilegar til gjafa eru ofarlega á baugi, enda fer að styttast í fermingaveislurnar en auk þess eiga bækur tengdar heilsu góðu gengi að fagna á meðan áramótaheitin eru enn í fersku minni fyrstu mánuði ársins. Undanfarin misseri hafa forlögin tekið upp þann góða sið að gefa skáldsögur út í kilju fljótlega eftir að þær koma fyrst út og segir Kristján búast megi við helstu titlunum frá Eddu í apríl eða maí. „Ég er annars mest að hugsa um ljósmyndabækur, satt best að segja. Kjörtími útgáfunnar á ljósmyndabókum er framundan og við erum að gefa út bækur eftir Sigurgeir Sigurjónsson, Pál Stefánsson og Raxa þannig að það er margt að gerast í þeim bransa.“



KRISTJÁN B. JÓNASSON Jólabókaflóðið skapar um 20 prósent af veltu Eddu og framundan er viðamikil vorútgáfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ PJETUR

Hjá Bjarti taka menn hins vegar lífinu með ró á meðan þeir leggja línurnar fyrir árið, en næsta verk á dagskrá er að dreifa nýjustu afurð Neon-seríunnar. „Þetta er bók sem heitir Níu nætur og er eftir brasilískan höfund, Bernardo Carvalho að nafni,“ segir Jón Karl Helgason sem í félagi við Snæbjörn Arngrímsson annast Bjart. „Við sendum hana til áskrifenda fyrir áramót, en förum núna á fullt að kynna hana.“ Hann býst annars við að það verði lítið á seyði í vorútgáfunni, þar sem Bjartur hafi jú gefið út um 20 bækur frá september fram í október, auk þess sem ritröðin Svarta línan verður hvíld í ár „Við gefum út fimm eða sex bækur í Neon-seríunni í ár og þær eru allar í pípunum, en annars höfum við öll spjót úti til að viða að okkar efni til að vinna fram í tímann.“

bergsteinn@frettabladid.is













# NÝJAR BÆKUR




Blóðskuld, spennusaga eftir Michael Connelly í þýðingu Brynhildar Björnsdóttur, er komin út í kilju hjá Máli og menningu. Connelly er einn vinsælasti glæpasagnahöfundur heims um þessar mundir. Á íslensku hefur áður komið út eftir hann spennusagan Skáldið.




För Lewis, skáldsaga eftir sænska rithöfundinn Per Olov Enquist, er komin út í kilju hjá Máli og menningu í þýðingu Höllu Kjartansdóttur. Bókin er saga öflugrar fjöldahreyfingar og byggð á sannsögulegum atburðum og persónum.

Kristján Karlsson hefur sent frá sér **Kvæðasafn og sögur 1976-2003**. Kristján er eitt frjóasta og frumlegasta ljóðskáld okkar í seinni tíð. Útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag.




Hið íslenska bókmenntafélag hefur sent frá sér bókina **Líf og lækningar – íslensk heilbrigðissaga**, eftir Jón Ólaf Ísberg. Við sögu kemur gallspeki, gullgerðarlist, þvagrýni, stjörnufræði, rím, óguðleg hegðun, hættulegir sjúkdómar, banvænar sóttir, hungurdauði, bólusetningar, karból, vatnsveitur, leikfimi, lýsisgjafir, pensilín og læknisráð af öllum gerðum.



Einn frægasti ljóðabálkur chilenska nóbelsverðlaunaskáldsins Pablo Neruda, **Hæðir Machu Picchu**, er kominn út í íslenskri þýðingu Guðrúnar H. Tulinius. Ljóðabókin er tvímála með teikningum eftir Rebekku Rán Samper og Antonio Hervás Amezcua. Bókinni fylgir DVD-mynd og sérstakan formála fyrir íslensku útgáfuna ritar Isabel Allende.



**Sofðu barnið blíða** er ný metsölubók sem er komin út í þýðingu Guðrúnar H. Tulinius. Höfundurinn Dr. Eduard Estivill er meðal helstu svefnsérfræðinga í Evrópu og hefur þarna skrifað góða handbók sem gefur góð ráð til að bæta svefnvenjur barna. Útgefandi er Proxima.












★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

THE FOG kl. 8, 10.10 B.I. 16 ÁRA
BROKEBACK MOUNTAIN kl. 2, 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA
SÝND Í Í LÚXUS kl. 2, 5, 8, og 10.45
MEMOIRS OF GEISHA kl. 5 og 10
CHEAPER BY TE DOZEN 2 kl. 2, 4 og 6
HOSTEL kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6 og 8 B.I. 14 ÁRA
DRAUMALANDIÐ kl. 2 og 4
BROTHERS GRIMM kl. 2 B.I. 12 ÁRA

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 12 ÁRA
MEMOIRS OF GEISHA kl. 3, 6 og 9
BROTHERS GRIMM kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 3, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA
DRAUMALANDIÐ kl. 3

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

DRAUMALANDIÐ kl. 2 MIÐAV. 400 KR.
CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 2, 4, 6 og 8 MIÐAV. 400 KR.
JUST FRIENDS kl. 6
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6 B.I. 14 ÁRA
THE FOG kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
HOTESL kl. 10 B.I. 16 ÁRA

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Wu-Tang í tónleikaferð

Rapphljómsveitin Wu-Tang Clan ætlar að koma saman á ný, fjórtán mánuðum eftir dauða eins af stofnmeðlimum sveitarinnar, Ol´ Dirty Bastard. Lést hann eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af eiturlyfjum.

Wu-Tang fer í tónleikaferð um Bandaríkin þann 7. febrúar og stendur hún yfir í tólf daga. Fyrsta plata sveitarinnar, Enter the Wu-Tang (36 Chambers) sem kom út árið 1993, hefur löngum verið talin á meðal bestu rappplatna tónlistarsögunnar.



# Talkman á leiðinni

Tölvuleikurinn Talkman með hinum stóra, bláa fugli Max, er á leiðinni til Evrópu eftir að hafa slegið í gegn í Japan og Kóreu.

Talkman er tungumálaleikur með þrjú þúsund setningum á sex tungumálum; frönsku, ensku, þýsku, spænsku, ítölsku og japönsku. Auk þess að innihalda Talk Mode möguleikann þar sem hægt er að tjá sig á sex tungumálum, inniheldur Talkman tvo leiki sem eru tilvaldir til að bæta framburð og auka skilning á öðrum tungumálum . Í framburðarleikunum mætir fuglinn Max með krítartöflu og skorar á þig að bera fram hin ýmsu orð. Svo er það hlustunarleikurinn sem skorar á þig að hlusta á setningar og giska síðan á rétta þýðingu.




**TALKMAN** Tungumálaleikurinn Talkman er á leiðinni til Evrópu.

Í Talkman er einnig fjöldi annarra möguleika, þar á meðal Voice Memo sem gerir þér kleift að taka upp og spila raddir annarra og Unit Converter sem breytir á milli gjaldmiðla.

# Laibach spilar á Nasa

Hljómsveitin Laibach frá Slóveníu, sem er 25 ára um þessar mundir, spilar á Nasa við Austurvöll 22. mars næstkomandi.

Laibach er nánast orðin goðsögn í rokksögunni á þessum aldarfjórðungi sem hún hefur starfað. Sveitin hefur alltaf verið umdeild og er gjarnan nefnd „hættulegasta hljómsveit í heimi“ vegna öfgakenndra yfirlýsinga sinna og hvernig hún skrumskælir þekkt popplög. Var hún lengi bönnuð í hinni kommúnísku Júgóslavíu Títos, sem Slóvenía var hluti af á sínum tíma.



**LAIBACH** Hljómsveitin umdeilda Laibach heldur tónleika á Íslandi 22. mars.

Tónlist Laibach er sérstæð blanda af hráu iðnaðarrokki, hermörsum, teknótöktum og óperum í anda Wagners.

Laibach hefur haft ómæld áhrif á yngri hljómsveitir, ekki síst Rammstein og hina íslensku HAM. Meðal þekktra laga hljómsveitarinnar eru „Geburt einer Nation“ (þeirra eigin útgáfa af „One Vision“ með Queen), „Tanz mit Laibach“ og „Dogs of War“. Laibach kemur gjarnan fyrir sem heilt herveldi, í viðeigandi búningum, og hljómleikar hennar líkjast leiksýningum þar sem Laibach sýnir m. a. eigin kvikmyndir.

Ellefu manns koma með Laibach hingað til lands, svo von er á skrautlegri sýningu á Nasa. Miðasala hefst á þriðjudag á midi.is, í verslunum Skífunnar, Þrumunni og Smekkleysu við Laugaveg og 12 Tónum. Miðaverð er 2.990 krónur auk miðagjalds.




FRAMKOMU& FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 31. JANÚAR OG 3. FEBRÚAR.

SJÁLFSSTYRKING **FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR** INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF **FÖRÐUN** UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS **UNDIRBÚNINGUR FYRIR MYNDATÖKU** MYNDATAKA (12 SV/HV MYNDIR) **TÍSKUSÝNINGARGANGA** FÍKNIEFNAFRÆÐSLA **MYNDBANDSUPPTÖKUR** LEIKRÆN TJÁNING **NÆRINGARRÁÐGJÖF**

Umsjónarkennari námskeiðsins er Kristín Ásta Kristinsdóttir framkvæmdarstjóri Ford keppninnar, auk gestakennara.
Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, viðurkenningarskjal, 12 sv/hv myndir og lyklakippu.
Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu í Kringlunni.
Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.

**Verð 15.500 kr.**

Skráning er hafin í síma 533-4646 og á **www.eskimo.is.**
Skráning er einnig hafin á framhalds Framkomu og fyrirsætunámskeið.

eskimo



HÁDEGISBÍÓ · HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI · 3 BÍÓ · 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 2-5:20-8-10:40 | |
| PRIDE & PREJUDICE VIP | KL. 8-10:40 | |
| OLIVER TWIST | KL. 2-5-8-10:40 | B.I. 12 |
| JARHEAD | KL. 8-10:40 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 1:50-3:50-6-8:10 | |
| DOMINO | KL. 10:40 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2-5 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 2-5 | |
| KING KONG | KL. 6-9:30 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-3:50 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 8-10 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2-5 | |
| BROTHERS GRIMM | KL. 3:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| DRAUMALANDIÐ | KL. 2 | |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | KL. 6 | B.I. 14 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2-5 | |
| DOMINO | KL. 8-10:15 | B.I. 16 |
| JARHEAD | KL. 8-10:15 | |
| KING KONG B.I. 12 | KL. 4:50 | |
| HARRY POTTER & ELDBIKARINN B.I. 10 | KL. 2 | |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| OLIVER TWIST | KL. 12-3-6-9 | B.I. 12 |
| DOMINO | KL. 6 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 12-3-6-9 | |
| KING KONG | KL. 8:30 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 12-3 | B.I. 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ**

| | | |
|---|---|---|
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:30-8:05-10:40 | |
| OLIVER TWIST | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 12 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2:45-5 | |
| KING KONG | KL. 3-9:15 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8:15-10:15 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 2:45-6:30 | B.I. 10 |
| MARCH OF THE PENGUINS | KL. 3 | |

| | |
|---|---|
| FALINN - CACHÉ | KL. 8 |
| BABÚSKA - LE POUPÉES RUSSES | KL. 10:30 |
| BLESS Á MEÐAN - A TOUT DE SUITE | KL. 6 |
| SANKTI ANGE - SAINT ANGE | KL. 3:50 |

SAMBÍÓIN · Háskólabíó


# Þjakaður af ofþreytu



Sálarsöngvarinn Isaac Hayes, sem er þekktastur fyrir aðallag myndarinnar Shaft frá árinu 1971, hefur verið lagður inn á sjúkrahús í Memphis vegna ofþreytu.

Hayes, sem er 63 ára, hefur einnig getið sér gott orð fyrir að ljá rödd kokksins í teiknimyndunum South Park rödd sína. Hayes hefur verið önnum kafinn upp á síðkastið. Hann hefur haldið þó nokkra tónleika auk þess að leika bæði í kvikmyndum og sjónvarpi.

# Gefur út nýja plötu

Enski tónlistarmaðurinn Richard Ashcroft, sem eitt sinn gerði garðinn frægan í hljómsveitinni The Verve, er að gefa út sína þriðju sólóplötu, Keys to the World.

Síðasta plata Ashcrofts, Human Conditions, kom út fyrir fjórum árum en sú fyrsta, Alone With Everybody, kom út árið 2000.

Síðan Human Condition kom út hefur ýmislegt gengið á í lífi Ashcrofts. Hann eignaðist sitt annað barn auk þess sem hann skipti um plötufyrirtæki, fór frá Hut yfir í Parlophone. Á sama tíma var hann önnum kafinn við að semja ný lög.

Ashcroft segist hafa viljað ná fjölbreyttum hljómi á nýju plötunni. „Ég dýrka Dancing Queen og The Stooges, og líka The Velvets en ég fíla líka góð popplög. Ég hef alltaf reynt að tengja þessi ólíku áhrif saman og reynt að skapa eitthvað nýtt úr þeim," sagði Ashcroft. „Mörg lög sem ég hef samið hafa náð að halda vinsældum sínum. Ef ég heyri lög frá ´97 eins og Bittersweet Symphony í útvarpinu þá hljómar það eins ferskt í dag og það gerði ´97 og líka lög eins og Song For Lovers. Ég er ánægður með mörg þessara laga en ég veit að ég á enn eftir að semja mín bestu lög," sagði hann.


**RICHARD ASHCROFT** Fyrrum söngvari The Verve er að gefa út sína þriðju sólóplötu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Eva Longoria hefur lýtt undir orðróm um að hún sé hætt með körfuboltastjörnunni Tony Parker og byrjuð með leikaranum Jamie Foxx. Longoria vingaðist við Foxx eftir að hann bauð henni að leika í nýjasta tónlistarmyndbandinu sínu. Í síðustu viku fóru þau saman í afmælisveislu hjá söngkonunni Mary J. Blige og eftir Golden Globe-hátíðina á dögunum sáust þau láta vel hvort að öðru í eftirpartíinu.



Leikkonan Reese Witherspoon lenti í vandræðalegu máli á Golden Globe-hátíðinni þegar kom í ljós að hún klæddist sama hvíta Chanel-kjólnum og Kirsten Dunst var í á hátíðinni fyrir þremur árum. Tískuspekúlantar telja að Witherspoon hafi ekki unnið heimavinnuna sína nógu vel en leikkonan sjálf, sem vann til verðlauna fyrir hlutverk sitt í Walk the Line, segist hafa verið hæstánægð með kjólinn.





Læv í Súlnasal Hótel Sögu!

**Kvöldverður! Sýning! Dans!**

Aðeins ein sýningarhelgi í febrúar, 10 og 11 feb.

Hljómsveitin Saga Class leikur í sýningunni og á dansleik að sýningu lokinni.

Boðið er upp á glæsilegan þriggjarétta kvöldverð.

*Laxakonfekt.*
*Kryddjurtalegið lambafille með sætkartöflufluturni og rauðvínsgljáa.*
*Súkkulaðistigi.*

Tilvalin skemmtun fyrir smærri fyrirtæki og hópa.

Radisson SAS

V/ Hagatorg, 107 Reykjavík. Borðapantanir í síma 525-9840

tilboðsdagar

Opið í dag frá kl.13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375



## Fyrsti leikurinn

Skagamaðurinn Garðar Gunnlaugsson spilaði í gær sinn fyrsta leik fyrir Dunfermline þegar hann kom inn á sem varamaður í leik gegn Hibernian. Dunfermline tapaði leiknum 3-1. Garðar lék síðustu sextán mínúturnar í leiknum en lét lítið að sér kveða.

**sport**

sport@frettabladid.is

# 60 SEKÚNDUR MEÐ EINARI HÓLMGEIRSSYNI



**Einar Hólmgeirsson er:** Hlunkur
**ÍR er:** Flottasta félagið
**Viggó Sigurðsson er:** Góður dómari
**Þýskaland eða Breiðholtið:** Breiðholtið
**Handbolti er:** list
**Besti handboltamaður í heimi:** Ólafur Stefánsson
**Man Utd eða Liverpool:** Chelsea
**Hver er fallegust:** Kærastan
**Popp eða Rokk:** Rokk
**Gel eða Vax:** Vax
**Davíð eða Halldór:** Hvorugur
**Hólmgeir Einarsson er:** Flippaður pabbi
**Af hverju handbolti:** Af því ég var of lélegur í öllum öðrum íþróttum

## > Gunnar Heiðar ekki á förum



Gunnar Heiðar Þorvaldsson, leikmaður Halmstad í Svíþjóð, fer líklega ekkert frá félaginu fyrr en samningur hans rennur út í haust. Verðmiðinn á Gunnari er rokinn upp úr öllu valdi og fælir það þau lið frá sem bíða í röðum eftir því að fá hann til sín.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

19 20 21 **22** 23 24 25

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- ☐ 16.15 **Stjarnan** og **FH** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 19.15 **Valur** og **Grótta** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 19.15 **Víkingur** og **KA/Þór** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- ☐ 19.15 **Snæfell** og **Njarðvík** mætast í bikarkeppni KKÍ í körfubolta.
- ☐ 19.15 **KR** og **Keflavík** mætast í bikarkeppni KKÍ í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Skallagrímur** og **Þór** mætast í bikarkeppni KKÍ í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Grindavík** og **Haukar** mætast í bikarkeppni KKÍ (kvenna).

### SJÓNVARP

- ☐ 11.40 **Spænski boltinn** á Sýn.
- ☐ 12.45 **Heimsbikarkeppnin á skíðum** á Rúv.
- ☐ 13.20 **Ítölsku mörkin** á Sýn.
- ☐ 13.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Leikur Juventus og Empoli.
- ☐ 17.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Leikur Barcelona og Alaves.
- ☐ 20.30 **NFL** á Sýn. Leikur Denver Broncos og Pittsburgh Steelers.
- ☐ 23.30 **NFL** á Sýn. Leikur Seattle Seahawks og Carolina Panthers.

# Ísland flengt á franska vísu

**Frakkar sáu til þess á Ásvöllum í gær að íslenska handboltalandsliðið fer á EM með báða fætur á jörðinni. Frakkar fóru illa með íslenska liðið í síðari hálfleik og opinberuðust veikleikar íslenska liðsins þá illilega.**

**HANDBOLTI** Frakkar fara fullir sjálfstrausts á EM í Sviss eftir tvo góða sigra á íslenska landsliðinu. Liðin mættust á Ásvöllum í gær í annað sinn á skömmum tíma og Frakkar unnu annan öruggan og mjög sanngjarnan sigur. Sigurinn í gær var öruggari en sá fyrri enda unnu Frakkar stórt að þessu sinni, 30-36.

Íslenska liðið byrjaði leikinn mjög vel og mun betur en fyrri leikinn. Leikmenn gengu ákveðið til verks, spiluðu hraða miðju og Ólafur Stefánsson lét til sín taka en hann var ákaflega daufur í fyrri leiknum. Þessi ágæta byrjun gaf lítið annað en falsvonir því fyrr en varði fór íslenska liðið að gera sig seka um sömu grátlegu mistökin og í fyrri leiknum en fjölmargir boltar töpuðust sökum glórulausra, kæruleysislegra sendinga. Þrátt fyrir það var leikurinn í jafnvægi í leikhléi en Frakkar leiddu þá með tveim mörkum, 15-17.

Síðari hálfleikur var nánast ein martröð fyrir íslenska liðið. Frakkar náðu fljótt fjögurra marka forystu, 16-20, en þá kom góður kippur hjá íslenska liðinu sem minnkaði muninn í eitt mark, 19-20. Því miður reyndist þessi kippur vera dauðakippur liðsins því í stöðunni 21-23 skoruðu Frakkar sex mörk í röð og gengu frá leiknum. Síðustu fimmtán mínútur leiksins fóru í lítið annað en að bíða eftir lokaflautinu.

Það er óhætt að segja að veikleikar íslenska liðsins hafi opinberast í síðari hálfleik. Vörnin var hreint skelfileg og áberandi var hversu slakir íslensku leikmennirnir voru í stöðunni einn gegn einum. Einnig fór lítið fyrir hjálparvörn. Vörninni var breytt um síðir en það skilaði engu og Frakkar virtust skora að vild og það sem sorglegast var að þeir höfðu lítið sem ekkert fyrir því. Hraðaupphlaupin hurfu í kjölfarið enda fá lið engin hraðaupphlaup ef vörnin er ekki til staðar.

Guðjón Valur var góður sem fyrr þrátt fyrir að hafa lítið fengið af hraðaupphlaupum. Þótt það sé lítil skotógnun af Arnóri Atlasyni verður ekki tekið af honum að hann spilaði mjög vel fyrir liðið og átti fjölda sendinga sem gáfu mark eða vítakast. Góð byrjun Ólafs Stefánssonar í leiknum reyndist skammgóður vermir og hann verður að spýta í lófana ef Ísland ætlar sér eitthvað á EM. Markvarslan var viðunandi miðað við varnarleikinn en hún var allt of gloppótt en liðið þarf á jafnri markvörslu að halda út leikinn.

Stærsta áhyggjuefnið fyrir EM er þó það sama og fyrir HM í Túnis í fyrra – vörnin. Sóknin er á fínu róli og þótt landsliðið hafi sýnt ágæta varnartakta á köflum gegn Frökkum sáust brotalamirnar bersýnilega í gær. Verst var að engin svör virtust vera til staðar þegar illa áraði í varnarleiknum en liðið keyrir ekki heilt mót eingöngu á 5-1 vörn. **henry@frettabladid.is**



**Í KRÖPPUM DANSI** Guðjón Valur Sigurðsson lék best íslensku leikmannanna í gær þrátt fyrir að vera tekinn föstum tökum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Hlemmur plús kynningarfundur

Skipulagsráð og Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur boða til almenns fundar þar sem kynntar verða tillögur að nýju deiliskipulagi á 6 reitum umhverfis Hlemm. Í tillögunum er m.a. gert ráð fyrir talsverðri endurnýjun og uppbyggingu nýrra bygginga.

Reitirnir sem um ræðir eru Lögreglustöðvarreitur, Skúlagarður, Hampiðjureitur, KB bankareitur, Tryggingastofnunarreitur og reitur sem afmarkast af Einholti og Þverholti, en síðast taldi reiturinn hefur þegar verið auglýstur með athugasemdafresti til 1. mars.

Auk formanns skipulagsráðs, Dags B. Eggertssonar, og embættismanna munu skipulagsráðgjafar mæta á fundinn og kynna nýjar tillögur að deiliskipulagi svæðisins.
Einnig mun verða stutt umfjöllun um skipulag Miklatúns.

Íbúar á svæðinu og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að mæta og kynna sér og ræða hinar nýju tillögur.

Fundurinn verður haldinn að Kjarvalsstöðum á Miklatúni þriðjudaginn 24. janúar n.k. og hefst kl. 17:00.

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur • Borgartún 3 • 105 Reykjavík • Sími 411 3000




**VIGGÓ** Segir að þreyta sé komin í mannskapinn eftir tvo erfiða leiki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Tapaðir boltar urðu Íslandi að falli gegn Frökkum:

# Frakkar refsa fyrir slíkt

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson var að vonum ekki sáttur við frammistöðu íslenska liðsins í leiknum gegn Frökkum. „Við erum að gera sömu mistök og í fyrri leiknum. Það þýðir auðvitað ekki að vera með tíu tapaða bolta í einum og sama hálfleiknum gegn liði eins og Frakklandi. Þá er þér einfaldlega refsað.“

Að mati Viggós kom breidd franska liðsins vel í ljós í dag. „Þeir voru ekki að keyra á sínu allra sterkasta liði, allavega í fyrri hálfleik og þeir fara inn í hálfleik með tveggja marka forystu. Það sýnir það einfaldlega hvað styrkleiki þessa liðs er mikill. Það var samt sem áður mjög gott að fá þessa leiki gegn Frökkunum og þeir sýna okkur það að við þurfum að taka okkur á.“

Aðspurður hvernig hann muni undirbúa liðið seinustu dagana áður en haldið er til Sviss sagði Viggó að honum sýndist vera komin þreyta í liðið. „Eftir þessa tvo leiki er ljóst að menn eru svolítið þreyttir þannig að nú slökum við aðeins á og mætum klárir í slaginn á fimmtudaginn eftir góða hvíld.“

**- toh**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Vináttulandsleikur:*

| ÍSLAND-FRAKKLAND | 30-36 (15-17) |
|---|---|

**Mörk Íslands** (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 6/2 (6/2), Sigfús Sigurðsson 4 (5), Snorri Steinn Guðjónsson 4/2 (5/2), Ólafur Stefánsson 4/2 (5/2), Einar Hólmgeirsson 4 (7), Arnór Atlason 2 (6), Þórir Ólafsson 2 (3), Róbert Gunnarsson 2 (4), Alexander Petersson 1 (3), Vignir Svavarsson 1 (2).

**Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson 12, Birkir Ívar Guðmundsson 6.

**Hraðaupphlaup: 9** (Guðjón 2, Þórir 2, Snorri 2, Einar, Sigfús, Vignir).

**Fiskuð víti:** 6 (Guðjón 2, Róbert 2, Þórir, Vignir)

**Mörk Frakka:** Daniel Narcisse 10, Luc Abalo 4, Christophe Kempe 4, Olivier Girault 4, Guillaume Gille 3, Joel Abati 3, Jerome Fernandez 2, Geoffrey Krantz 2, Sebastien Bosquet 2, Didier Dinart 1, Michael Guigou 1.

**Varin skot:** Yohann Ploquin 10, Thierry Omeyer 9.

### *DHL-deild kvenna:*

| HAUKAR-ÍBV | 36-28 |
|---|---|

**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 10, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 8/3, Inga Fríða Tryggvadóttir 7, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Martha Hermannsdóttir 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Harpa Melsted 1.

**Varin skot:** Kristina Matuzeviciute 17, Helga Torfadóttir 3.

**Mörk ÍBV:** Ragna Karen Sigurðardóttir 8, Simona Vintyla 7, Renata Horvath 4, Esther Óskarsdóttir 4, Ingibjörg Jónsdóttir 3, Sæunn Magnúsdóttir 1.

**Varin skot:** Vigdís Sigurðardóttir 12.

| FRAM-HK | 28-23 |
|---|---|

**Mörk Fram:** Annette Köble 10, Hildur Knútsdóttir 5, Ásta Gunnarsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Þóra Stefánsdóttir 1, Elísa Viðarsdóttir 1, Sara Sigurðardóttir 1, Guðrún Hálfdánardóttir 1.

**Mörk HK:** Tatjana Zukowska 12, Ausra Gecinne 2, Arna Pálsdóttir 2, Hjördís Rafnsdóttir 2, Brynja Magnúsdóttir 1, Marta Björnsdóttir 1, Aukse Vysniauskaite 1.

### *Bikarkeppni KKÍ, karlar:*

| HAMAR/SELFOSS-GRINDAVÍK | 74-97 |
|---|---|

### *Bikarkeppni KKÍ, konur:*

| ÍS-HAUKAR | 63-62 |
|---|---|



**SIGFÚS SIGURÐSSON** Segir leikinn hafa verið kaflaskiptan. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sigfús Sigurðsson:

## Slen yfir liðinu

**HANDBOLTI** Sigfús Sigurðsson var að vonum ekki sáttur við leik íslenska liðsins í gær. „Mér fannst við spila ágætlega í 35 mínútur en síðan einfaldlega skitum við upp á bak, bæði í vörn og sókn. Mér fannst þetta vera voðalega skrítinn leikur. Við vorum að spila frábæran handbolta hérna í fyrri hálfleik en síðan slökum við á í þeim seinni og þeir virðast hirða öll fráköst og skora þannig oft nokkuð ódýr mörk.“

Sigús sagði að það hefði verið hálfgert slen yfir mönnum í síðari hálfleik. „Það leit kannski þannig út á tímabili að menn væru einfaldlega búnir að gefast upp en samt sem áður voru menn að berjast á fullu allan leikinn og fólk sá það að við vorum ekkert að gefast upp.“ - toh

Guðjón Valur Sigurðsson:

## Einn af þessum dögum

**HANDBOLTI** „Við erum með einhverja átta til tíu tæknifeila í hvorum hálfleik og það er mjög slæmt. Það er mikið um sendingamistökum og þar af leiðandi fá þeir ódýr hraðaupphlaup sem er mjög slæmt. Vörnin okkar er ekki að standa og við fengum á okkur 36 mörk. Það er afar erfitt að vinna slíka leiki,“sagði besti maður Íslands, Guðjón Valur Sigurðsson.

Aðspurður hvort liðið sé þreytt segir Guðjón að sér finnist það ekki vera. „Æfingarnar eru alls ekki búnar að vera stífar upp á síðkastið og við eigum í raun að vera mjög ferskir á þessum tímapunkti að mínu mati. Mér sýnist við verðum að skrifa þennan leik sem einn af þeim dögum þegar ekkert virðist ganga upp, því miður.“

Haukar unnu öruggan sigur á ÍBV í DHL-deild kvenna í gær, 36-28:

# Haukar styrkja stöðu sína

**HANDBOLTI** Það var mikil eftirvænting eftir leik Hauka og ÍBV í DHL-deild kvenna í gær þar sem um sannkallaðan toppslag var að ræða. Þessi lið skipuðu efstu sæti deildarinnar fyrir leikinn og ljóst að bæði lið myndu selja sig dýrt.

Haukarnir byrjuðu mun betur og komust í 5-0 á fyrstu sjö mínútum leiksins. ÍBV skoraði fyrsta mark sitt eftir um tíu mínútna leik og minnkaði muninn í 7-1. Þessi munur hélst nokkurn veginn út fyrri hálfleikinn og staðan var 17-12 í leikhléi. Í seinni hálfleik hélst munurinn í fimm til átta mörkum og náði ÍBV aldrei að brúa það bil sem myndaðist í byrjun leiksins, þó að Ramune Pekarskyte, sem fór á kostum í fyrri hálfleik, hafi verið tekin úr umferð það sem eftir var leiks. Sanngjarn sigur Hauka því staðreynd. Með sigrinum komust Haukastelpur upp fyrir ÍBV að stigum í deildinni og eiga auk þess leik til góða.

Guðmundur Karlsson, þjálfari Hauka, var að vonum kátur eftir leikinn og var sérstaklega ánægður með sóknarleikinn. „Við hreinlega völtuðum yfir þær í byrjun leiks og sýndum að við getum spilað frábæran sóknarleik. Reyndar fannst mér við ekki leysa það eins vel og oft áður þegar Ramune var tekin úr umferð, en munurinn var orðinn það mikill að þær náðu okkur aldrei. Heildarsvipurinn á liðinu var mjög góður og flestallir leikmenn að standa sig vel Ég er því mjög ánægður með úrslitin.“

Ramune Pekarskyte var algjör yfirburðamaður í liði Hauka og skoraði mörk í öllum regnbogans litum auk þess sem Hanna Stefánsdóttir og markvörðurinn Kristina Matuzevicute stóðu sig vel. Hjá ÍBV var það Ragna Karen Sigurðardóttir sem stóð upp úr auk markvarðarins Vigdísar Sigurðardóttur. - toh



**RAMUNE PEKARSKYTE** Dró Haukavagninn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




SUNNUDAGSVIÐTALIÐ: JALIESKY GARCIA PADRON

# Ég hef mikinn metnað fyrir Íslands hönd

**Handboltakappinn Jaliesky Garcia Padron hefur verið mikið á milli tannanna á fólki vegna eilífðra vandræða tengdum landsliðinu. Garcia blæs á allt tal um að hann hafi ekki metnað fyrir hönd landsliðsins í spjalli við Tómas Odd Hrafnsson og segir enn fremur að sér hafi sárnað umfjöllunin um hann fyrir ári síðan.**

Jaliesky Garcia stendur í ströngu með íslenska landsliðinu þessa dagana. Hann er óðum að ná sér eftir meiðsli í tá og keppist þessa dagana við að koma sér í form fyrir Evrópumótið í Sviss.

Garcia ólst upp í smábænum Pinar Del Rio á Kúbu og var ungur að aldri þegar hann hóf að æfa handbolta. Spurður um hvernig það hafi komið til segir Garcia að það hafi verið hálfgerð tilviljun.

„Ég var níu ára gamall stráklingur þegar handboltaþjálfari kom í skólann minn. Hann sagðist vera að þjálfa upp handboltalið og vantaði einstaklinga til æfinga. Ég rétti strax upp höndina til merkis um að ég vildi æfa þrátt fyrir að vita ekkert um hvað íþróttin snerist. Ég var mjög ánægður með það að fá að æfa handbolta þar sem ég fékk aldrei tækifæri til þess að spila hafnarbolta, körfubolta eða blak. Ástæðan var sú að ég vissi ekkert hvernig eða hvar ég gæti byrjað að æfa þessar íþróttir. Þegar þessi handboltaþjálfari kom síðan í skólann greip ég tækifærið og byrjaði að æfa. Þetta var líka hentugt þar sem ég bjó einungis um 50 metra frá æfingavellinum. Ég fór því á hverjum einasta degi eftir skóla og æfði handbolta á þessum velli.“

**Vinur Duranona**

Garcia segir að sér hafi alls ekki dottið í hug að koma til Íslands að spila handbolta fyrr en góðvinur hans, Julian Duranona kom með þá uppástungu. „Það var alls ekki mín ákvörðun. Áður en ég kom hingað til lands bjó ég úti í Bandaríkjunum í eitt og hálft ár. Síðan flutti ég til Puerto Rico, aðallega vegna þess að þar var auðveldara að fá vinnu þar sem ég talaði sama tungumál og innfæddir. Ég hafði, þegar þarna var komið við sögu, ekki spilað handbolta í þrjú ár.“

„Einn daginn var Julian Duranona, í heimsókn hjá mér í Puerto Rico og ég spurði hann hvort hann vissi um einhver lið sem hefðu mögulega áhuga á mér. Duranona bauð mér að koma og æfa með sínu liði í Þýskalandi. Mér gekk ekki vel á æfingunum þar vegna þess að líkamlegt ástand mitt var ekki gott. Julian hringdi því í vin sinn frá Íslandi og spurðist fyrir um lið sem væru tilbúin að leyfa mér að koma til reynslu. Ég fékk síðan tækifæri hjá HK og skrifaði undir samning við þá.“

Garcia átti í töluverðum erfiðleikum með að aðlagast Íslandi og sérstaklega íslenska vetrinum.

„Mér fannst reyndar ekkert svo erfitt í ágúst og september þar sem sólin var ennþá hátt á lofti og ég gerði lítið annað en að æfa. Þegar vetur fór síðan að nálgast fannst mér sífellt erfiðara að búa á landinu þar sem það var eilíft myrkur. Ég var auðvitað algjörlega óvanur þessu frá fyrri heimkynnum mínum. Einnig fannst mér afar erfitt að þurfa að vinna á daginn og æfa á kvöldin þar sem ég var í svo lélegu formi. Því var ég oft mjög þreyttur þegar æfingar loksins byrjuðu á kvöldin. Forsvarsmenn HK voru líka ekki sáttir við mig á þessum tíma, skiljanlega, þar sem ég var að spila illa. Þeir sögðu við mig að ég myndi klára tímabilið og að síðan myndi ég fara frá liðinu.

**Tímamótaferð til Puerto Ríkó**

Í desember þetta ár fóru ég og konan mín til Puerto Rico, bæði til að fá frí frá birtuleysinu en einnig svo ég gæti æft sjálfur án þess að þurfa að hugsa um vinnu. Ég var í Puerto Rico í 18 daga og ég kom til baka í mun betra formi en ég hafði áður verið. Í kjölfarið fór ég að spila mun betur en ég hafði áður gert. HK bauð mér síðan tveggja ára samning eftir tímabilið sem ég skrifaði undir. Þegar þarna var komið við sögu ákvað ég að leggja meiri metnað í handboltann. Ég hætti því í vinnunni og æfði handbolta kvölds og morgna. Fyrir mér var það ekki aðalatriðið hve mikla peninga ég fékk á þessum tímapunkti. Það skipti mig meira máli að spila handbolta og hugsa um framtíð mína sem handboltamaður. Ég segi alltaf að æfingin skapi meistarann. Það var hugarfarið sem ég tamdi mér á þessum tíma. Ef ég ætlaði mér að verða virkilega góður þurfti ég að einbeita mér eingöngu að boltanum.“

Íslenskt vegabréf hafði síðan mikla merkingu fyrir Garcia sem segir að ríkisborgararétturinn hafi breytt lífi sínu til hins betra. „Þegar ég fékk íslenska vegabréfið í hendurnar þá var margt sem fór í gegnum hugann. Það var ekki einungis að ég fengi vegabréf sem myndi opna dyrnar fyrir framtíðina. Það var einnig sá heiður að spila fyrir hönd íslenska landsliðsins.

**Hef metnað fyrir landsliðinu**

Með íslensku vegabréfi breyttust framtíðarhorfur mínar til hins betra og ég er gríðarlega þakklátur fyrir það. Ég er einnig mjög stoltur að hafa íslenskan ríkisborgararétt og að getað spilað fyrir hönd Íslands á stórmótum eins og HM og EM. Auðvitað lít ég enn á mig sem Kúbverja, þar sem ég fæddist og ólst þar upp. En ég er líka Íslendingur þar sem ég spila fyrir íslenska landsliðið og ég hef mikinn metnað fyrir hönd Íslands.“

Aðspurður um samanburð á þýsku deildinni og þeirri íslensku segir Garcia að munurinn sé mikill.

„Þýska deildin er einfaldlega mun sterkari deild. Þar spila einungis bestu leikmenn í heiminum og handboltinn sem þar er spilaður er öðruvísi en á Íslandi. Flestir leikmenn eru nánast tveir metrar á hæð og miklu líkamlega sterkari. Handboltinn á Íslandi er mjög hraður þar sem mikið er um smáa og knáa leikmenn. Fyrir mig var þetta líka töluvert áfall þar sem á Íslandi fékk ég boltann og skaut nánast alltaf á markið. Í Þýskalandi eru fleiri leikmenn sem geta einnig skotið á markið og því þarf að hugsa meira um liðsheildina og hvað er gott fyrir liðið.

Garcia hefur undanfarið gegnt lykilhlutverki hjá liði sínu Göppingen í þýsku deildinni. Hann hefur samt sem áður átt við töluverð meiðsli að stríða undanfarna mánuði. „Snemma á tímabilinu meiddist ég á fingri og var því frá í um einn og hálfan mánuð. Þegar ég hafði nokkurn veginn jafnað mig á þeim meiðslum og var kominn í þokkalegt form aftur meiddist ég á tánni í leik gegn Lemgo. Ég hef verið að glíma við þessi meiðsli síðan.“

**Sárnaði fjölmiðlaumfjöllun**

Samband HSÍ og Göppingen vegna Garcia hefur verið afar stirt á seinustu misserum. Garcia tekur undir það og segir að fjölmiðlar og hann sjálfur beri nokkra ábyrgð á því. „Þetta byrjaði allt í fyrra þegar faðir minn féll frá. Ég fór þá til Puerto Rico til þess að laga vandamál sem komu upp varðandi vegabréfsáritun mína. Síðan fór ég beint til Kúbu til að ganga frá málum varðandi föður minn. Satt best að segja var ég ekki í neinu ástandi til þess að spila handbolta á þessum tíma, hvorki með Göppingen né íslenska landsliðinu. Ég veit ekki hvort fólk hugsar öðruvísi hér á Íslandi en til dæmis á Kúbu, en mér fannst ég þurfa að vera til staðar fyrir fjölskyldu mína vegna fráfalls föður míns.

Daginn sem ég fékk fréttirnar um andlát föður míns var ég á leiðinni að spila leik í þýsku deildinni. Ég sagði þjálfaranum að ég myndi spila leikinn en að daginn eftir færi ég til Puerto Rico að hitta fjölskyldu mína. Ég var auðvitað bara skugginn af sjálfum mér í þessum leik og leið mjög illa. Ein af ástæðum fyrir því að allt fór í háaloft á Íslandi var að ég hringdi ekki í landsliðsþjálfarann og lét hann vita af fráfalli föður míns.

Þetta leit því frekar illa út fyrir mig þegar ég var valinn í liðið og kom ekki til landsins. Þegar ég sný aftur frá Kúbu til Puerto Rico fæ ég fréttir af því hvernig málið hefur þróast á Íslandi og að fjölmiðlar hafi nánast rifið mig í sig. Mér fannst þetta mjög leiðinlegt og ég tók það mjög nærri mér hvernig tekið var á málinu. Þetta var túlkað á þann veg að mér væri alveg sama um landsliðið og vildi í raun ekki spila fyrir Ísland sem er auðvitað ekki rétt. Það var eins og menn héldu að ég væri bara í fríi á Puerto Rico og væri alveg sama um allt og alla á Íslandi.

**Ástæðan fyrir samskiptaörðugleikunum?**

Þetta bitnaði auðvitað á Göppingen einnig því að þegar ég kom aftur til Þýskalands eftir landsleikina með Íslandi sáu þeir að ég var ekki sami leikmaðurinn og hafði farið frá þeim. Ég var í góðu formi líkamlega en andlega var ég ekki í góðu standi, bæði vegna fráfalls föður míns en einnig vegna þess sem hafði gerst með landsliðið og fjölmiðlana á Íslandi. Ég viðurkenni fúslega að ég hefði átt að hringja og láta landsliðið vita af stöðu mála áður en ég fór frá Þýskalandi en það réttlætti ekki, að mínu mati, viðbrögð fjölmiðla á Íslandi í minn garð. Þetta er búið og gert og lítið sem hægt er að gera í því núna. Ég ber engan kala til neins á Íslandi vegna þessa máls. Fyrir mér er þetta lokuð bók. En þetta er að mínu mati hluti af skýringunni fyrir slæmum samskiptum HSÍ og Göppingen.“

Garcia stefnir að því að spila í fjögur ár til viðbótar í Bundesligunni svo fremi sem hann verði meiðslalaus. Að þeim tíma loknum ætlar hann líklega að spila seinasta árið sitt í handbolta á Íslandi áður en hann flytur til Puerto Rico með fjölskyldu sína. „Konan mín er frá Puerto Rico og þangað munum við flytja eftir að handboltaferli mínum lýkur. Þrátt fyrir að búa ekki á Íslandi mun ég samt eiga góðar minningar frá landinu um ókomna tíð. Ég verð alltaf Íslendingur að hluta þrátt fyrir að ég búi ekki á Íslandi.“

tomas@frettabladid.is



**UMDEILDUR HANDBOLTAKAPPI FRÁ KÚBU** Jaliesky Garcia Padron fer mikinn í samtali við Fréttablaðið og ræðir meðal annars ástæður þess að samskipti Göppingen og HSÍ séu ekki upp á það besta.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**CARLO CUDICINI** Samningsbundinn til 2009 FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Carlo Cudicini:

# Skrifaði undir nýjan samning

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn snjalli, Carlo Cudicini, hefur skrifað undir nýjan samning við ensku meistarana í Chelsea til eins árs til viðbótar. Er hann nú samningsbundinn Chelsea til sumars 2009. Cudicini, sem löngum hefur verið talinn einn af betri markmönnum deildarinnar, hefur ekki fengið mörg tækifæri eftir að Peter Chech kom til liðsins. Cudicini kom frá ítalska liðinu Castel Di Sangro árið 1999 og hefur verið hjá liðinu æ síðan. Þrátt fyrir það hefur hann nú ákveðið að framlengja dvöl sína hjá félaginu - toh



**ANDRI STEINN BIRGISSON** Fór í eftirminnilega ferð til Englands.

Bílslys hamlar för Andra Steins Birgissonar til Englands:

# Ekki til Notts County

**FÓTBOLTI** Andri Steinn Birgisson mun ekki ganga til liðs við enska félagið Notts County sem Guðjón Þórðarson stýrir að svo stöddu. Andri fór til liðsins í desember og spilaði einn varaliðsleik með liðinu þar sem hann lagði upp bæði mörk liðsins í 3-2 tapi en varð svo fyrir því óláni að lenda í bílslysi þar sem hann slasaðist töluvert og æfði því ekki meira með liðinu og hélt heim á leið.

„Ég meiddist talsvert í slysinu og hef lítið æft síðan ég kom heim. Ég er þó óðum að ná mér þessa dagana og er aðeins að byrja að æfa aftur,“ sagði Andri Steinn sem leikur með Víkingum hér heima. „Ég fékk í bakið og hálsinn en ég fer í myndatöku fljótlega þar sem skýrist nánar hvers eðlis meiðslin eru,“ sagði Andri sem er að vinna í því að ganga frá samningi við Víkinga þessa dagana en það mál ætti að skýrast í byrjun febrúar.

Andra Steini leist þó ágætlega á aðstæður hjá Notts County og ekki er útilokað að hann fari þangað aftur í framtíðinni. „Þetta er flottur klúbbur. Æfingasvæðið er að vísu ekkert til að hrópa húrra fyrir en völlurinn er flottur sem og aðrar aðstæður.

Fjárhagsstaða liðsins er erfið og klúbburinn er í erfiðri stöðu en það gæti alveg eins komið upp seinna meir að ég fari þangað aftur.“ - hþh



**TRACY MCGRADY** Fór hamförum gegn Chicago FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

NBA-deildin:

# McGrady í miklu stuði

**KÖRFUBOLTI** Tracy McGrady var í miklum ham þegar Houston bar sigurorð af Chicago í miklum spennuleik. Var þetta fyrsti leikur McGrady í nokkurn tíma vegna meiðsla. Framlengja þurfti tvisvar sinnum í leiknum sem endaði 109-108, Houston í vil. McGrady skoraði 35 stig auk þess að skora sigurkörfuna í leiknum. Juwan Howard var næststigahæstur fyrir Rockets með 30 stig. Luol Deng var stigahæstur í liði Bulls með 18 stig.

Kobe Bryant var stigahæstur að vanda í liði Los Angeles Lakers gegn Phoenix Suns. 37 stig hans dugðu þó skammt þar sem Lakers töpuðu 106-93. Shawn Marion skoraði 22 stig fyrir Suns og Eddy House 19. - toh



**ROGER FEDERER** Líklegur til afreka.

Opna ástralska í fullum gangi:

# Federer áfram

**TENNIS** Besti tenniskappi heims, Roger Federer, átti ekki í erfiðleikum með að komast í gegnum þriðju umferð á opna ástralska mótinu en hann lagði Max Mirnyi í þremur settum.

Sigurinn var þægilegur hjá Federer en hann er talinn mjög sigurstranglegur á mótinu enda í efsta sæti á heimslista tennismanna. Hann mætir Tommy Haas í sextán manna úrslitunum en Haas lagði heimamanninn Peter Luczak af velli í sínum leik.

„Þetta var erfiður leikur en ég komst nokkuð vel frá honum. Vonandi næ ég að halda þessu áfram,“ sagði Federer eftir sigur sinn. ■

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

Frá framleiðendum Sopranos og Sex and the City kemur ein stærsta og dýrasta sjónvarpsþáttaröð allra tíma.

STÓRVIÐBURÐUR Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI

Fylgstu með frá upphafi - Rome í kvöld kl. 22:05



Steven Gerrard fyrirliði Liverpool

## Vinskapurinn settur til hliðar

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard fyrirliði Liverpool setur vinskap sinn við Wayne Rooney, leikmann Manchester United, til hliðar þegar liðin mætast á Old Trafford í dag. Leiksins er beðið með mikilli eftirvæntingu en liðin eru í öðru og þriðja sæti deildarinnar. Rooney sagði nýverið að honum hefði verið flókurt þegar hann sá Gerrard lyfta Evrópumeistaratitlinum í Istanbúl á síðasta ári en Gerrard ber engan kala til félaga síns.

„Það kemur mér ekki á óvart. Mér hefði líklega liðið eins ef Manchester United hefðu orðið Evrópumeistarar, svona er rígurinn á milli félaganna. En það er frábært að sjá Wayne standa sig svona vel þar sem hann er góður vinur minn úr landsliðinu. Hann hefur spilað frábærlega undanfarið. Ég held að eftir tvö ár verði hann einn allra besti leikmaður í heiminum.

- hþh

# Everton lagði Arsenal

James Beattie skoraði eina mark leiks Arsenal og Everton. Enn eykst pressan á Graeme Souness, stjóra Newcastle sem tapaði enn einum leiknum.



**THIERRY HENRY** Gat ekki komið í veg fyrir sigur Everton á Arsenal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Mark frá James Beattie var nóg fyrir Everton til að leggja Arsenal af velli í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Heimamenn í Everton voru vel að sigrinum komnir en bæði lið hefðu getað skorað fleiri mörk en það eina sem leit dagsins ljós.

„Þetta var virkilega góð frammistaða hjá mínum mönnum. Þetta er allt að koma,“ sagði David Moyes stjóri Everton eftir leikinn en kollegi hans Arsene Wenger var ekki eins sáttur.

„Það var mjög svekkjandi að tapa þessum erfiða leik. Við eigum í vandræðum á útivöllum. Við töpum alltaf 1-0 og þurfum að finna svar við þessu til að enda í einu af fjórum efstu sætunum í vor,“ sagði Wenger.

Umdeilt mark frá Morten Gamst Pederson tryggði Blackburn sigur á Newcastle og gerði hann þar með sínum gamla stjóra, Graeme Souness skráveifu en óðum styttist í að hann verði látinn taka pokann sinn. „Mér fannst við vera betri en þeir. Við hefðum ekki átt að tapa þessum leik, ekki frekar en fyrir Fulham í síðustu viku. Ég er að laða fram það besta í mínum mönnum og ég get ekki gert meira sem knattspyrnustjóri. Meiðsli hrjá okkur mikið og það er mjög erfitt um þessar mundir.

- hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| EVERTON-ARSENAL | 1-0 |

1-0 James Beattie (13.).

| | |
|---|---|
| BIRMINGHAM-PORTSMOUTH | 5-0 |

1-0 Jiri Jarosik (5.), 2-0 Jermaine Pennant (37.), 3-0 Matthew Upson (55.), 4-0 Mikael Forssell, víti (90.), 5-0 David Dunn (90.).

| | |
|---|---|
| BOLTON-MANCHESTER CITY | 2-0 |

1-0 Jared Borgetti (37.), 2-0 Kevin Nolan (44.).

| | |
|---|---|
| MIDDLESBROUGH-WIGAN | 2-3 |

0-1 Jason Roberts (2.), 0-2 David Thompson (29.), 1-2 Jimmi Floyd Hasselbaink (56.), 2-2 Yakubu (66.), 2-3 Neil Mellor (90.).

| | |
|---|---|
| NEWCASTLE-BLACKBURN | 0-1 |

0-1 Morten Gamst Pedersen (75.).

| | |
|---|---|
| TOTTENHAM-ASTON VILLA | 0-0 |
| WBA-SUNDERLAND | 0-1 |

0-1 Steve Watson (72.).

*Enska 1. deildin*

| | |
|---|---|
| LEEDS-SHEFFIELD WED. | 3-0 |

**Gylfi Einarsson** sat á varamannabekk Leeds allan tímann.

| | |
|---|---|
| LEICESTER-CARDIFF | 2-1 |

**Jóhannes Karl** Guðjónsson var í banni í leiknum.

| | |
|---|---|
| CREWE-PLYMOUTH | 1-2 |

**Bjarni Guðjónsson** var ekki í leikmannahópi Plymouth.



**RÓGVI JACOBSEN** Heimþráin plagaði hann ekki gegn Leikni.

Reykjavíkurmótið í knattspyrnu:

## Öruggur sigur KR

**FÓTBOLTI** KR hóf Reykjavíkurmótið í knattspyrnu með stæl er þeir lögðu 1. deildarlið Leiknis 5-1 í Egilshöllinni í gær.

Leikurinn var varla byrjaður þegar Rógvi Jacobsen skoraði fyrir KR en Einar Örn Einarsson jafnaði fyrir Leikni eftir góðan undirbúning Steinarrs Guðmundssonar. Strax í næstu sókn fékk KR umdeilda vítaspyrnu þegar brotið var á Grétari Ólafi Hjartarsyni en hann skoraði sjálfur úr spyrnunni.

Leiknismenn sáu svo vart til sólar í síðari hálfleik eftir ljósa punkta í þeim fyrri og þeir skoruðu sjálfsmark í byrjun hálfleiksins en sá óheppni var Freyr Alexandersson. Grétar Ólafur skoraði svo gott mark með laglegu skoti áður en Rógvi bætti við fimmta marki KR og öðru marki sínu og innsiglaði öruggan sigur KR í fyrsta leiknum undir stjórn Teits Þórðarsonar.

- hþh



Spenna í Monte Carlo-rallinu:

## Grönholm í forystu

**RALL** Marcus Grönholm er fyrstur eftir annan keppnisdag í Monte Carlo-rallinu en þessi snjalli Finni ekur á Ford. Það var aftur á móti heimsmeistarinn Sebastien Loeb sem stal senunni en hann gerði sér lítið fyrir og vann allar sérleiðir dagsins. Citroen-ökumaðurinn Loeb velti bíl sínum á fyrsta degi og tapaði miklum tíma en vann mikið upp með frábærum akstri í gær.

Finninn Tony Gardemeister er annar á Peugeot en hann er rúmum tveimur mínútum á eftir Grönholm og Austurríkismaðurinn Manfred Stohl fylgir fast á eftir en hann ekur einnig á Peugeot.

- hþh





SAMUEL ETO´O Skorar og skorar.

Samuel Eto´o fer á kostum:

## Afríkumótið hafið

FÓTBOLTI Afríkumótið hófst um helgina þegar heimamenn í Egyptalandi lögðu Líbíu í opnunarleiknum þar sem Mido, framherji Tottenham, skoraði tvö af þremur mörkum heimamanna í 3-1 sigri. Sömu lokatölur urðu þegar Kamerún bar sigurorð af Angola en þar fór knattspyrnumaður ársins í Afríku, Samuel Eto´o sóknarmaður Barcelona, á kostum og skoraði glæsilega þrennu.

Þá tryggði Didier Drogba leikmaður Chelsea Fílabeinsstrandinni 1-0 sigur á Marokkó með marki úr umdeildri vítaspyrnu og er óhætt að segja að þetta skemmtilega mót fari vel af stað.

- hþh

Mótherjar íslands á EM í Sviss:

## Danir lögðu Pólverja

HANDBOLTI Danir og Ungverjar sem eru með Íslandi í riðli á Evrópumótinu í Sviss léku æfingaleiki í gær en hlutskipti liðanna voru misjöfn.

Danir sigruðu Pólverja 33-28 í Kolding í Danmörku en staðan í hálfleik var jöfn, 15-15. Markahæsti leikmaður Dana í leiknum var Sören Stryger en hann skoraði tólf mörk.

Ungverjar töpuðu fyrir Þjóðverjum 30-26 í Mannheim í Þýskalandi og unnu þeir þar með báða æfingaleiki þjóðanna en sá fyrri fór 33-32. Þjóðverjar urðu aftur á móti fyrir miklu áfalli þegar Oleg Velyky meiddist en hann spilar nær örugglega ekki með á Evrópumótinu sem eru slæm tíðindi fyrir Þjóðverja.

- hþh



ANDY COLE Skrifar undir nýjan samning.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Andy Cole:

## Fær nýjan samning

FÓTBOLTI Framherjinn Andy Cole mun að líkindum skrifa undir nýjan samning við lið sitt, Manchester City, á næstu dögum. Cole, sem var fenginn frá Fulham í fyrrasumar, hefur staðið sig vel að mati Stuart Pearce, þjálfara City, sem margir sögðu að hefði teflt á tvær hættur þegar hann fékk hann til sín. „Það hefur verið mjög gott að hafa Andy hér og hann hefur staðið sig vel. Hann hefur góð áhrif á yngri leikmennina og vill vera hér á næsta tímabili líka,“ sagði Pearce sem er greinilega ánægður með kappann.

- toh

Jóhannes Karl Guðjónsson á leiðinni til hollenska liðsins AZ Alkmaar:

# Líst mjög vel á stórliðið

FÓTBOLTI Ég er ekki búinn að skrifa undir en samningurinn bíður mín bara á borðinu og þeir gáfu mér rúman tíma til að hugsa málið,“ sagði Jóhannes Karl Guðjónsson við Fréttablaðið í gær en hann er að öllum líkindum á leið til hollenska félagsins AZ Alkmaar. Grétar Rafn Steinsson leikur með liðinu sem er í toppbaráttunni í Hollandi undir dyggri stjórn Louis van Gaal en Jóhannes Karl hefur áður leikið í Hollandi en hann var á mála hjá RKC Waalwijk á sínum tíma.

„Þetta tekur allt sinn tíma og ég hugsa fyrst og fremst um fjölskylduna sem þarf þá að flytja enn einu sinni.

En það eru mjög miklar líkur á því að ég skipti yfir. Samningurinn sem þeir buðu mér er góður og alls ekki það sem er að tefja ákvörðun mína heldur er það fjölskyldan og flutningarnir,“ sagði Jóhannes sem hefur á ferlinum meðal annars leiki með Aston Villa en er nú að losna undan samningi hjá Leicester.

„Það væri mjög gaman að fara yfir til liðsins enda er þetta stór klúbbur og ekki skemmir fyrir að Grétar Rafn spilar þar. Liðið ætlar sér stóra hluti, er að flytja á nýjan leikvang á næsta tímabili og það er líklegt að þeir verði í Meistaradeildinni á næsta tímabili. Þeir eru einnig með mjög færan þjálfara og því er þetta spennandi verkefni.

Grétar Rafn ber klúbbnum mjög vel söguna „okkur leið mjög vel í Hollandi á sínum tíma. Mér líst því einstaklega vel á þetta allt saman,“ sagði Jóhannes að lokum en búast má við að hann skrifi undir samninginn við AZ Alkmaar í næstu viku en ferlið hefur tekið mun lengri tíma en vonast var til í fyrstu.

- hþh




JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON Á leið til Hollands.




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'll be honest with you, I love his music, I do, I'm a Michael Bolton fan. For my money, it doesn't get any better than when he sings „When a Man Loves a Woman“!“**

**Svar:**
Bob Slydell í kvikmyndinni Office Space árið 1999.

# dagskrá

## Í TÆKINU JENNIFER LEIKUR Í FRIENDS Á SIRKUS KLUKKAN 19.00 Í KVÖLD.

# *Átti að leika Monicu*



Jennifer Anastassakis fæddist 11. febrúar árið 1969 í Sherman Oaks í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Jennifer er grísk og eyddi æskuárum sínum í Grikklandi en þótt ótrúlegt megi virðast hatar Jennifer grískan mat. Fjölskyldan ákvað síðan að flytja til New York-borgar og þurfti því að skipta um fjölskyldunafn og varð nafnið Aniston fyrir valinu.

Þegar Jennifer var níu ára skildu foreldrar hennar og á svipuðum tíma fékk faðir hennar, John Aniston, hlutverk í sápunni Days of Our Lives.

Jennifer fékk smjörþefinn af leiklist þegar hún var ellefu ára en þá fór hún í Rudolf Steiner leiklistarklúbbinn. Þá kviknaði ástríðan og hún byrjaði í leiklistarnámi í miðskólanum í New York. Hún lærði einnig leiklist í hinum svokallaða Fame skóla, Fiorella La Guardia tón- og leiklistarskólanum.

Árið 1989 fékk hún fyrsta sjónvarpshlutverkið í Molloy og sást einnig í The Edge árið 1992 og Ferris Bueller árið 1990.

Árið 1994 fékk hún að fara í áheyrnarprufu fyrir þáttinn Friends Like These. Hún átti upphaflega að lesa hlutverk Monicu en neitaði því og prófaði Rachel Green. Eins og frægt er orðið nældi Jennifer í hlutverkið í einum vinsælasta sjónvarpsþætti allra tíma.

Jennifer giftist leikaranum Brad Pitt 29. júlí árið 2000 en í janúar á síðasta ári tilkynntu þau um skilnað sinn.

**Þrjár bestu myndir Jennifer:** **Office Space** – 1999 **The Good Girl** – 2002 **Bruce Almighty** – 2003



20.10 *Spenna*

ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR



20.00 *Spjall*

SJÁLFSTÆTT FÓLK



21.30 *Spenna*

INVASION



21.30 *Drama*

BOSTON LEGAL



13.50 *Fótbolti*

ÍTALSKI BOLTINN

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin **8.03** Skordýr í Sólarlaut **8.26** Brummi **8.41** Hopp og hí Sessamí **9.05** Disneystundin **9.06** Stjáni **9.28** Sígildar teiknimyndir **9.35** Líló og Stitch **9.58** Matti morgunn **10.15** Latibær **10.45** Tíminn líður hratt – Hvað veistu um Söngvakeppnina? **11.05** Söngvakeppni Sjónvarpsins 2006 **11.55** Spaugstofan

**12.25** Söngvakeppni Sjónvarpsins – Úrslit (1:3) **12.45** Heimsbikarkeppnin á skíðum **14.30** Japan – Minningar um leyndarríki (2:3) **15.30** Útkall Rauður – Strandið á sandinum **16.00** Frændi **17.50** Táknmálsfréttir

**18.00** Stundin okkar
**18.30** **Hundaþúfan (6:6)** e.
**18.35** **Tumi í kassanum** e.
**18.50** **Lísa (13:13)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.10** **Allir litir hafsins eru kaldir (2:3)** Íslenskur sakamálaflokkur. Lögfræðingurinn Ari er skipaður verjandi fíkils sem er grunaður um morð. Leikstjóri er Anna Th. Rögnvaldsdóttir og meðal leikenda eru Hilmir Snær Guðnason og Þórunn Lárusdóttir.
**21.00** **Íslensku tónlistarverðlaunin 2005** Kynntar verða tilnefningar.
**21.10** **Karl II (3:4)** Bönnuð börnum.
**22.05** **Helgarsportið**
**22.30** **Fíllinn** (Elephant) Voveiflegur atburður kemur róti á líf nemenda og kennara við unglingaskóla í Portland í Oregonfylki. Bönnuð börnum.

**23.50** Kastljós **0.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Pingu **7.10** Myrkfælnu draugarnir **7.25** Töfravagninn **7.50** Addi Paddi **7.55** Oobi **8.05** Véla Villi **8.15** Doddi litli **8.25** Kalli og Lóla **8.40** Ginger segir frá **9.05** Nornafélagið **9.30** Yu Go Oh2 (46:49) **9.55** Hjólagengið **10.20** Sabrina **10.45** Nýja vonda nornin **11.10** The Fugitives **11.35** You Are What You Eat

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **13.55** Neighbours **14.15** Neighbours **14.35** Neighbours **14.55** Neighbours **15.15** Neighbours **15.40** Það var lagið **16.45** Supernanny (11:11) **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
▶ **20.00** **Sjálfstætt fólk**
**20.35** **The Closer (8:13)** (Málalok)(Batter Up) Í þættinum í kvöld felur Pope varðstjóri Brendu morðrannsókn sem tengist kynþáttaglæp. Veldur það miklum titringi á lögreglustöðinni meðal svartra yfirmanna og starfsmanna.
**21.20** **The 4400 (13:13)** Lokaþáttur seríunnar er að sjálfsögðu æsispennandi. Bönnuð börnum.
**22.05** **Rome (1:12)** (Rómarveldi)(Stolen Eagle) Risavaxin og sérlega metnaðarfull þáttaröð sem jöfnum höndum hefur verið lýst sem Dallas á tímum Rómarveldis og Sopranos á tímum Rómarveldis. Stranglega bannaðir börnum.
**23.00** Idol – Stjörnuleit **23.55** Over There

(12:13) **0.40** Nell **2.30** Clear and Present Danger (Stranglega bönnuð börnum) **4.50** The 4400 (13:13) **5.35** Fréttir Stöðvar 2 **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**15.45** Fashion Television (1:34) **16.10** Laguna Beach (5:17) **16.35** Girls Next Door (13:15) **17.00** Summerland (8:13) **17.40** HEX (16:19)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Friends 6 (9:24) (e)**
**19.30** **Friends 6 (10:24) (e)**
**20.00** **American Dad (8:13)** (Bullocks To Stan)
**20.30** **The War at Home (2:22)** (I.M. What I.M.) Vicky kemst yfir tölvupóst hjá Dave en þar hefur hann verið að senda leynd skilaboð til einmana konu í Michigan.
**21.00** **My Name is Earl (2:24)** (Quit Smoking) Earl ætlar að bæta upp fyrir fyrri gjörðir sínar með því að gera lífið betra fyrir Donny, en hann sat í fangelsi fyrir glæp sem Earl framdi.
▶ **21.30** **Invasion (2:22)** (Lights Out) Russell finnur flughermann nær dauða en lífi og fer að rannsaka dularfull sár á líkama hans.
**22.20** **Reunion (1:13)** (Pilot – 1986) Spennuþættir sem fjalla um 6 ungmenni og 20 ár í lífi þeirra.

**23.10** Smallville (6:22) **23.55** Party at the Palms (9:12) **0.20** Fabulous Life of (10:20) **0.45** Splash TV 2006

## SKJÁREINN

**10.00** Fasteignasjónvarpið (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn

**12.00** Cheers – öll vikan (e) **14.00** Borgin mín (e) **14.30** How Clean is Your House (e) **15.00** Family Affair (e) **15.30** House (e) **16.15** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Judging Amy (e)

**19.00** **Top Gear** Allt það besta, flottasta og hraðskreiðasta tengt bílum.
**20.00** **Lítill heimur – lokaþáttur** Maldíveyjar eru um 1.200 eyja klasi þar sem hæsti punktur yfir sjávarmáli er ekki nema 3 metrar. Hvítar strendur og pálmatré eru allsráðandi í landslaginu, en á kóralrifunum er að finna einstaklega gjöful fiskimið.
**21.00** **Rock Star: INXS – lokaþáttur**
▶ **21.30** **Boston Legal** Í Boston Legal sjá áhorfendur heim laganna á nýjan hátt. Alan Shore er þess konar maður sem maður elskar að hata eða hatar að elska. Alan á í sérstöku vináttusambandi við Denny Crane sem er farinn að eldast og hættir til að gleyma.
**22.30** **Rock Star: INXS – lokaþáttur** Hverjir komast áfram í rokkaraleitinni?

**23.15** Threshold (e) **23.40** Sex and the City (e) **1.10** Cheers – 9. þáttaröð (e) **1.35** Fasteignasjónvarpið (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**9.30** Gillette-sportpakkinn **10.00** Spænski boltinn **11.40** Spænski boltinn

**13.20** Ítölsku mörkin ▶ **13.50** Juventus-Empoli. Bein útsending í ítalska boltanum. **16.00** Hnefaleikar **17.50** Barcelona-Alavy. Bein útsending í spænska boltanum.

**20.00** **NFL Gameday 05/06 (16:18)**
**20.30** **Denver-Pittsburgh**(NFL 05/06) Bein útsending frá leik í Bandarísku NFL deildinni.

**23.30** Seattle-Carolina (NFL 05/06) Bein útsending frá leik í Bandarísku NFL-deildinni.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Master of Disguise **8.00** A Rumor of Angels **10.00** The John F. Kennedy Jr Story **12.00** Dante's Peak **14.00** The Master of Disguise **16.00** A Rumor of Angels **18.00** The John F. Kennedy Jr Story **20.00** **Dante's Peak** (Tindur Dantes) **22.00** **Hard Cash** (Illa fengið fé) Spennumynd. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Kill Bill (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Primary Suspect (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Hard Cash (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** Live from the Red Carpet **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **19.00** Celebrity Soup **19.30** Superstar Weddings Gone Bad **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** Party @ the Palms **0.30** Wild On Tara **1.00** 101 Most Awesome Moments in... **2.00** 101 Most Awesome Moments in...

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**11.20** Everton – Arsenal frá 21.01 **13.20** Chelsea – Charlton (b) **15.50** Man. Utd. – Liverpool (b) **18.15** Birmingham – Portsmouth frá 21.01

**20.30** **Helgaruppgjör**
**21.30** **Helgaruppgjör (e)**
**22.30** **W.B.A. – Sunderland frá 21.01** Leikur frá því í gær.

**0.30** Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

KOMPÁS



UMRÆÐAN Á LOFTI

Kompás kl. 19:10 | Sjálfstætt fólk kl. 20:00

GOTT FÓLK McCANN

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Rómarveldi — **Stöð 2** kl. 22.05

## *Dallas Rómarveldisins*



Þessi þáttaröð er eitt stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í fyrir sjónvarp. Henni hefur jöfnum höndum verið lýst sem Dallas á tímum Rómarveldis og Sopranos á tímum Rómarveldis. Kannski ekki nema von því hér eru á ferð þættir úr smiðju framleiðenda Sopranos, HBO, sem unnir voru í samvinnu við BBC. Þættirnir gerast, eins og nafnið gefur til kynna, á tímum Rómarveldis og fjalla um ástir, örlög, afbrýði, lísnautnir og annað öfgakennt líferni Sesars keisara og annarra fyrirmenna. Þættirnir hafa vakið verðskuldaða athygli og voru tilnefndir til Golden Globe-verðlauna sem bestu drama þættirnir.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Margrætt e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall

**12.10** Silfur Egils **13.40** Sögur af Megasi e. **14.00** Sögur af fólki **15.03** Barnatíminn **16.00** Laugardagsmorgunn **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Sögur af Megasi e. **20.30** Silfur Egils e. **22.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **23.00** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar.

**0.00** Messufall e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Brautryðjandi íslenskrar menningar **11.00** Guðsþjónusta

**12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Fjölskylduleikritið: Börn eru besta fólk **13.45** Fiðla Mozarts **14.15** Söngvamál **15.00** Brynhildur **16.00** Fréttir **16.10** Endurómur úr Evrópu

**18.26** Seiður og hél **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Þjóðbrók **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Slæðingur **22.30** Grúsk **23.00** Andrarímur

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Að hætti hússins **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.25** Meinhornið

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**11.00**
*Fréttir*

FRÉTTAVIKAN – MEÐ ÞORFINNI ÓMARSSYNI

## NFS

**10.00** Helgin – með Eiríki
**11.00** Fréttavikan – með Þorfinni Ómarssyni

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna. **12.25** Silfur Egils **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Fréttaljós **16.00** Fréttir **16.10** Silfur Egils **17.45** Hádegið e. **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30** **Kvöldfréttir** 18.30 Kvöldfréttir18.58 Yfirlit frétta og veðurs.
**19.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**20.00** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjón fréttastofu NFS.
**21.00** **Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
**22.35** **Veðurfréttir og íþróttir** 18.00 Fréttayfirlit.18.02 Ítarlegar veðurfréttir.18.12 Íþróttafréttir.

**23.05** Kvöldfréttir **23.45** Síðdegisdagskrá endurtekin

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.15** Bobsleigh: World Cup St Moritz **13.00** Biathlon: World Cup Antholz Italy **13.45** Alpine Skiing: World Cup St Moritz Switzerland **14.30** Nordic Combined Skiing: World Cup Harrachov **15.15** Football: African Cup of Nations Egypt **17.15** Snooker: the Masters London **18.00** Football: African Cup of Nations Egypt **20.00** Snooker: the Masters London **22.30** Olympic Games: Mission to Torino **23.00** Olympic Games: Olympic Torch Relay **23.15** Boxing: IBF World Title Leipzig **0.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **2.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

**BBC PRIME**

**12.00** Secrets of Lost Empires **13.00** Classic EastEnders **13.30** Classic EastEnders **14.00** EastEnders Omnibus **14.30** EastEnders Omnibus **15.00** EastEnders Omnibus **15.30** EastEnders Omnibus **16.00** Stig of the Dump **16.30** Stig of the Dump **17.00** Ian Wright – Surviving the Kalahari **18.00** Popcorn **19.00** Rick Stein's Food Heroes **19.30** Changing Rooms **20.00** No Going Back: a Year in France **20.30** A Place in France **21.00** Alien Empire **21.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **22.00** SAS – Are You Tough Enough **23.00** Spooks **0.00** Around the World in 80 Treasures **1.00** Battlefield Britain **2.00** Greek Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Eruption At Pinatubo **13.00** Megastructures **14.00** When Expeditions Go Wrong **15.00** The Eagle Has Landed **17.30** Swimming With Cobras **18.00** Hunter Hunted **19.00** Fear of Snakes **20.00** Megastructures **21.00** Body Attack **22.00** Body Attack **23.00** Hunter Hunted **0.00** Hunter Hunted **1.00** Body Attack

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Austin Stevens **13.00** NYPD Animal Squad **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Animals A-Z **16.30** Vets in the Wild **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Lions **19.00** Life of Mammals **20.00** Animal Cops Houston **21.00** Animal Precinct **22.00** Venom ER **23.00** NYPD Animal Squad **0.00** Life of Mammals **1.00** Lions **2.00** Venom ER

**MTV**

**15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV Goal **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** Switched On MTV **21.00** Top 10 at Ten **22.00** I Want a Famous Face **22.30** The Trip **23.00** MTV Live **1.00** Just See MTV

**VH1**

**12.00** VH1 Weekly Album Chart **13.00** Top 40 **17.00** Top 40 **21.00** Behind the Movie **22.00** When Starwars Ruled The World **23.00** VH1 Weekly Album Chart **0.00** VH1 Hits


FRÓÐLEGUR FEBRÚAR

Námskeið sem hefjast í febrúar

- **Stefnumiðað árangursmat**, 1. feb.-9. mars
- **Gagnavinnsla í SPSS**, 3. feb.
- **SPSS-netnámskeið**, 3. feb.
- **Sálgæslufræði:** Sálgæsla og öldrun, 3. feb.-17. apríl
- **Markvissir fundir og fundarstjórn**, 6. feb.
- **Innri gæðaúttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki**, 6.-7. feb.
- **Gæðastjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 9001**, 6.-13. feb.
- **Ítalska af lífi og sál** – námskeið fyrir byrjendur, 6.-25. feb.
- **Öskubuska** (La Ceneretola) eftir Rossini, 7.-21. feb.
- **Ítalska af lífi og sál II** – framhaldsnámskeið, 8.-25. feb.
- **Lýsandi tölfræði í SPSS**, 9. feb.
- **Ályktandi tölfræði í SPSS**, 10. feb.
- **Sjálfstraust í samskiptum**, 14.-21. feb.
- **Leiðtogahæfni**, 14.-28. feb.
- **Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna**, 15.-16. feb.
- **Aðföng og uppbygging safnkosts** – hvaða safnkostur hentar nútímabókasöfnum best? 20. feb. kl. 9-16
- **Hvernig getur þú metið og bætt stjórnunarhætti í þinni stofnun?** 27. feb. kl. 13-17

*Kynntu þér fjölbreytt námsframboð á www.endurmenntun.is eða hringdu í síma 525 4444.*

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
– að vaxa og dafna

ARGUS / 06-0031






## HRÓSIÐ

*...fær Oddný Sturludóttir sem hyggst fara í framboð fyrir Samfylkinguna og kemur þar með ungt og ferskt blóð inn í pólitíkina.*

## HIN HLIÐIN ÍRIS KRISTINSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Skapgóð nema þegar ég er ólétt*




**Hvað er að frétta?** Allt svo rosalega gott að það hálfa væri nóg.

**Augnlitur?** Grænblár.

**Starf?** Ég er þjónustufulltrúi hjá Atlantsskipum.

**Fjölskylduhagir?** Ég er í sambúð og á einn 12 ára strák. Svo er ég að fara að eiga barn núna í lok febrúar.

**Hvaðan ertu?** Ég er upphaflega Hafnfirðingur og bý þar núna. Ég er kannski ekki alveg gaflari en næstum því.

**Ertu hjátrúarfull/ur?** Já og nei. Ég vil ekki vera það en það er eitthvað lengst undir og lúmskt. Ég geri suma hluti eins og ef ég brýt spegil þá hendi ég salti fyrir aftan bak. Ég er pínu hjátrúarfull en það er ekkert sem háir mér.

**Uppáhaldsútvarpsþáttur?** Þegar ég keyri í vinnuna hlusta ég á Ísland í bítið. Það er það eina sem ég hlusta á í útvarpinu. Síðan er það bara pikkið í tölvuborðinu í vinnunni.

**Uppáhaldsmatur?** Það er tvennt. Kjötsúpan hans Óla og hamborgarhryggur.

**Fallegasti staður?** Ísland yfirhöfuð, myndi ég segja. Það eru svo rosalega margir staðir sem eru fallegir að það er ósanngjarnt að velja einhvern einn úr.

**Hvað er skemmtilegast?** Ætli það sé ekki bara að vera með fjölskyldunni minni.

**Hvað er leiðinlegast?** Að vera ekki með fjölskldunni minni.

**Helsti veikleiki?** Að kunna ekki að segja nei.

**Helsti kostur?** Ég er skapgóð nema núna þegar ég er ólétt, alla vega myndi maðurinn segja það.

**Helsta afrek?** Það er að fæða börnin.

**Mestu vonbrigði?** Þegar maður verður þekktur í þjóðfélaginu sér maður hvað mannskepnan getur verið fljót að finna að fólki. Það kom eins og köld vatnsgusa framan í mig.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Óli.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Þegar fólk er ótillitssamt og lýgur.

**Uppáhaldskvikmynd?** Green Mile.

**Uppáhaldsbók?** Stóra draumaráðningabókin. Hún er við hliðina á mér þegar ég sef.

**Hvað er mikilvægast?** Að vera trúr sér og sínum. Að reyna að hugsa vel um alla, þá líður manni miklu betur. Ef allir myndu gera það og setja neikvæðnina lengst ofan í jörðu væri jörðin aðeins betri staður að búa á.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Það virðist ekki bara vera eintóm paradís hjá sjónvarpsstöðinni Sirkus en hún hefur hleypt af stokkunum tveimur nýjum þáttum sem mæltust misjafnlega fyrir. Mikil spenna ríkir um þátt **Egils Gilzenegger** og Partý Hanza en þeir félagar ætla ekki að kíkja út á lífið, eða „kæjann“ eins og það nefnist á þeirra einstaka tungumáli heldur ætla þeir að einbeita sér að glensi og gríni. Þeir virðast heldur ekki vilja láta bendla sig við þáttinn Partý 101. Stjórnendum þessara tveggja þátta var boðið í sameiginlegt viðtal á Rás 2 fyrir nokkru en Egill vildi ekki mæta nema með því skilyrði að hann yrði einn. Vildi hann ekki láta setja sig í sama flokk og Brynja Björk Garðarsdóttir. Flestum af nýju þáttunum var boðinn átta þátta samningur en kallarnir.is héldu fast við sína sérstöðu og gera „bara“ fjóra.

Sem kunnugt er heimsótti **Halldór Ásgrímsson** forsætisráðherra Strákana á dögunum. Halldór lék á als oddi og gaf Pétri, Audda og Sveppa ekkert eftir í grallaraskapnum; tók meðal annars af sér bindið og tyftaði Strákana fyrir að vera ekki fínni í tauinu. Þeir vildu vitaskuld ræða við forsætisráðherrann um það sem unga fólkinu þykir aðkallandi og bar sönghópinn Nylon, ofurhnakkann Gillzenegger og skemmtistaðinn Oliver meðal annars á góma. Umræðuna rak hins vegar fjótlega í strand þar sem Halldór hafði aldrei heyrt þessara fyrirbæra getið og vissi ekki betur en að Nylon-efni væri löngu dottið úr tísku. Það þarf svo sem ekki að koma neinum á óvart að formaður Framsóknarflokksins er ekki gallharður aðdáandi Nylon eða fastagestur á Oliver, en að forsætisráðherra hafi ekki hugmynd um tilvist einnar vinsælustu poppsveitar landsins hlýtur að vekja upp spurningar um í hversu góðu sambandi hann er við þjóð sína og samtíma.



**- fgg /- bs**

### ÁGÚSTA EVA: FRÁ SILVÍU NÓTT TIL EVU LINDAR

# Fyrsta kvikmyndahlutverkið í höfn

Mynd er að komast á leikhóp kvikmyndarinnar Mýrin sem leikstýrt er af Baltasar Kormáki en hún er gerð eftir samnefndri sögu Arnaldar Indriðarsonar og segir frá rannsóknarlögreglumanninum Erlendi og samstarfsfólki hans. Þegar hafa Ingvar E. Sigurðsson, Elva Ósk Ólafsdóttir og Björn Hlynur Haraldsson öll verið fengin til verksins en mikil spenna hefur ríkt um hvaða stúlka myndi hreppa hlutverk Evu Lindar, ógæfudóttur rannsóknarlögreglumannsins. Það hefur komið í ljós að söng- og leikkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir hreppir það hlutverk.

Ágústa skaust fram á sjónarsviðið með hinni mjög svo skrýtnu og hrokafullu Silvíu Nótt sem hefur skemmt áhorfendum Skjás eins en þessi skrautlega persóna hlaut Edduverðlaunin sem besti sjónvarpsmaðurinn. „Hlutverk Evu Lindar er mjög krefjandi en ég held að það verði gaman að takast á við það,“ sagði Ágústa en þetta er hennar fyrsta kvikmyndahlutverk. Ágústu líst vel á meðleikara sína og er mjög spennt fyrir þessu verkefni. „Þetta er fyrsta alvörugefna hlutverkið því ég hef alltaf verið í einhverju trúðshlutverki og gamanleik,“ bætir leikkonan við og hlakkar augljóslega til að takast á við þennan nýja vettvang.

Ágústa var ein fjölmargra leikkvenna sem kallaðar voru í prufu og fór hún í tvær. „Ég keypti mér reyndar gallabuxur sama dag sem báru nafnið Eva þannig að tilviljanirnar eru víða,“ segir hún og hlær. Baltasar taldi Ágústu geta leyst hlutverkið og segist leikkonan treysta innsæi hans. „Þegar leikarar eru valdir í kvikmynd snýst þetta ekki um hvort einhver sé betri en annar heldur hvort viðkomandi leikari passi í hlutverkið.“ útskýrir hún. „Ég er bara þakklát fyrir að fólk skuli treysta mér fyrir þessu,“ bætir hún við.

Ágústa er ekki útskrifuð leikkona frá skólum hér heima eða erlendis heldur hefur hún leikið mikið í gegnum tíðina og lært mest af því. „Þetta snýst bara um að sleppa af sér beislinu því leiklist eru engar heilaskurðlækningar,“ segir leikkonan og hlær. Hún ætlar þó ekkert að fara kaupa sér fíkniefni til að komast í meiri snertingu við þann napurlega veruleika sem Eva Lind lifir í.



**ÁGÚSTA EVA** Hefur landað hinu mjög svo eftirsótta hlutverki Evu Lindar í kvikmyndinni Mýrinni sem miklar væntingar eru gerðar til.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

**freyrgigja@frettabladid.is**




# Mikill áhugi á arabaheiminum

Amal Tamimi, sem starfar sem fræðslufulltrúi í Alþjóðahúsinu, byrjar með námskeið í arabísku fyrir Íslendinga í Alþjóðahúsinu á morgun.

Þetta verður fyrsta námskeiðið í arabísku sem Amal stendur fyrir en hún hefur undanfarin fjögur ár verið með námskeið sem kallast Konur og islam. Tíu manns hafa þegar skráð sig í námskeiðið, sem stendur yfir í tíu vikur, og segist Amal vera mjög sátt við það.

Hún segir að fólk hafi verið að koma upp að sér og spyrja hvenær hún ætlaði að kenna arabísku og ákvað hún að verða við þeim óskum. „Það er rosalega mikill áhugi á arabaheiminum. Maður heyrir mjög lógískar spurningar og fólk vill vita meira og meira, ekki bara það sem er sagt í fjölmiðlum,“ segir Amal. Menning araheimsins hefur verið Íslendingum lokuð bók en með aukinni umræðu hefur áhuginn kviknað enda um auðugan garð að gresja.

Amal kom til Íslands fyrir ellefu árum og líkar rosalega vel að búa hérna. Aðspurð hvort arabíska sé ekki erfitt tungumál segir hún það fyrst og fremst fara eftir hugarfari nemendanna. „Það er erfitt að læra íslensku líka,“ segir hún og hlær. „Ef þú hefur áhuga á að læra þá gerirðu þitt besta.“ **- fb**



**AMAL TAMIMI** Amal mun kenna Íslendingum arabísku á námskeiði sínu sem hefst í dag.















## ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM




**Svefn & heilsa**

★★★★★

**www.svefn.is**

*Verið velkomin*

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

# Útsölulok að Kletthálsi 13




Inngangur

# Opið í dag 13-17

**MÁNUDAG OG ÞRIÐJUDAG 10-18**

**SÍÐUSTU 3 DAGARNIR • ALLT Á AÐ SELJAST • MÁ PRÚTTA!**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




## BAKÞANKAR


VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR


## Hver er hvað?

Hvernig væri það ef það matvörubúðir hétu ekki neitt? Verðið stæði ekki á vörunum og þú fengir bara einn heildarreikning sendan um mánaðamótin. Þar væri tekið fram hversu mikið af hinu og þessu þú hefðir keypt og hversu mikið þú þyrftir nú að borga fyrir það. Reyndar fengirðu að vita að sumar vörurnar væru ódýrar í sumum búðunum en þú vissir bara ekki hvaða vörur eða í hvaða búðum. Mánaðarlegi matarreikningurinn frá Búðunum væri í raun bara mánaðarlotterí.

**ÞETTA** myndum við Íslendingar auðvitað aldrei sætta okkur við. Við viljum vita hvað maturinn sem við kaupum kostar. Við kunnum á matvörumarkaðinn. Jóhannes kenndi okkur á hann. En auk þess að vera annálaðir matgæðingar þá finnst okkur líka gaman að tala, aðallega um okkur sjálf auðvitað og ef enginn er nálægur til að hlusta þá notum við símann. Og þar erum við komin á markað sem við virðumst sætta okkur við að hafa ekki hugmynd um hvað við greiðum fyrir.

**ÞEGAR** símafyrirtækin ákváðu að auðvelda notendum að skipta þeirra á milli með því að bjóða þeim að halda gamla númerinu frá samkeppnisaðilanum, þá virtist það snilldarlausn fyrir neytendur. Fólk þurfti ekki lengur að hringja í alla vini og kunningja sína og tilkynna nýja númerið. Fæstir hafa spáð í að núna er ógerningur að vita hjá hvaða símafyrirtæki viðkomandi númer er þegar hringt er í það. Þar af leiðandi er ekki hægt að vita hvað hver og einn er að borga fyrir símtalið, því eins og flestir vita að þá er miklum mun dýrara að hringja í „óvinanúmer" samkeppnisaðilans heldur en „vinanúmer" sama fyrirtækis.

**Á** ég virkilega að þurfa að byrja öll símtöl á því að spyrja viðmælanda minn hjá hvaða fyrirtæki hann sé með símaþjónustuna sína ef ég ætla að halda utan um símreikninginn minn? Og þó svo að fólk sé hjá einhverju tilteknu fyrirtæki þennan daginn þá gæti það allt eins skipt þann næsta án þess að tilkynna það mér eða umheiminum. Er þetta ekki bara nokkuð svipað dæminu hér að ofan með búðirnar?

**STÓR** þáttur í þessu er líka sá að við kunnum ekki við að spyrja. Við erum sett í þá aðstöðu að sætta okkur frekar við „ránið" heldur en að hljóma eins og nirflar. Er betra að þegja bara, borga og halda „kúlinu"?


www.icelandexpress.is




ÞAÐ GETA ALLIR VERIÐ HEIMSBORGARAR!

Sala á flugsætum Iceland Express hefur farið hressilega af stað á nýju ári og augljóst að margir vilja tryggja sér örugg sæti með því að bóka snemma. Við minnum á að flug til sex nýrra áfangastaða hefst í maí og enn eru til spennandi flugsæti á frábæru verði. Gerðu vel við heimsborgarann í þér og skelltu þér út!

Bókaðu núna á www.icelandexpress.is!

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*
*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

AF HVERJU AÐ BORGA MEIRA?



TILBOÐ:
15% AFSLÁTTUR
Á HORIZION/3000



Opið í dag frá kl. 13–18!

AEG PAKKINN
– heimilistæki á sérstöku tilboðsverði þegar keypt er HTH-innrétting.

RADIONAUST
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
HTH-deild · SÍMI 461-5003

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530-2900

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu